KATRÍN ÝR ÓSKARSDÓTTIR

Fílar götutísku og sálartónlist

Tíska Heilsa Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

HEILSA OG HREYSTI

Nýjasti kúrinn snýst um heilbrigða skynsemi

Sérblað um heilsu

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. ágúst 2007 — 227. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Mælir með Hafdísi Huld

Slúðurbloggarinn Perez Hilton segist gjarnan vilja heimsækja Ísland í nánustu framtíð.

FÓLK 54

Opnar lúxusheilsurækt

Einkaþjálfarinn Goran Kristófer Micic herjar á nýjar slóðir með haustinu og opnar sína eigin líkamsræktarstöð.

FÓLK 54

Skjálfti í Ameríku

„Í Memphis í Tennessee, þar sem Elvis Presley var lagður til hinztu hvílu, þarf borgarblaðið á hverjum degi að nota tuttugu síður í stóru broti undir smáletursauglýsingar um lögtök," skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 28

Jafntefli gegn Kanada

Íslenska landsliðið gerði í gær 1-1 jafntefli við Kanada í fyrsta æfingaleik ársins.

ÍÞRÓTTIR 48

VEÐRIÐ Í DAG



BEST EYSTRA Í dag verður fremur stíf suðvestanátt, yfirleitt 8-13 m/s. Þurrt og bjart með köflum allra austast á landinu annars skúrir. Hiti 10-18 stig, hlýjast fyrir austan.

VEÐUR 4

Sama krafa vegna ríkisjarða

Ríkið mun gæta þess að spilla ekki réttarstöðu hugsanlegra landeigenda og gera kröfu á við aðra vatnsréttareigendur vegna Kárahnjúkavirkjunar. Niðurstaða matsnefndar mun hafa áhrif á verð vegna virkjana í Þjórsá.

ORKUMÁL Ríkið mun gera sömu kröfur og aðrir landeigendur um bætur vegna vatnsréttinda ríkisjarða sem nýttar voru vegna Kárahnjúkavirkjunar, segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra. Matsnefnd úrskurðaði í gær að verðmæti vatnsréttindanna væru rúmlega 1,6 milljarðar króna.

Hluti af þeim löndum sem eiga vatnsréttindi vegna Kárahnjúka eru ríkisjarðir og þjóðlendur. Deilt er um megnið af þjóðlendunum. Óbyggðanefnd úrskurðaði í sumar að stór hluti jarða sem áður voru taldar í einkaeign væru í raun þjóðlendur og verður þeim úrskurði væntanlega skotið til dómstóla.

„Þetta er sérstök staða, en við verðum að gæta þess að spilla ekki réttarstöðu neins í málinu," segir Árni. Þar sem deilur standi um ákveðin landsvæði muni ríkið fylgja öðrum landeigendum í kröfugerð vegna vatnsréttinda, með það sjónarmið að leiðarljósi að verði úrskurði óbyggðanefndar hnekkt beri landeigendur ekki tjón af því að ríkið hafi farið með forsjá landsins þegar tekist var á um verð vegna vatnsréttinda.

Þótt úrskurði óbyggðanefndar verði hnekkt er ríkið samt sem áður stærsti einstaki landeigandinn sem á kröfu vegna Kárahnjúkavirkjunar. Árni segir að þar muni ríkið einnig fylgja því sem gerist meðal annarra landeigenda. „Í fljótu bragði sýnist mér að það sé rétta leiðin, að ríkið sé ekki að hafa neina sérstöðu sem landeigandi í málinu," segir Árni.

Hann segir að miðað við það sem hafi verið að gerast á orkumarkaðinum, til dæmis hátt verð fyrir hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, komi það ekki á óvart að mat á verðmæti vatnsréttinda sé talsvert hærra en mat Landsvirkjunar, sem mat verðmæti vatnsréttinda á 150-375 milljónir króna.

Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að niðurstaða matsnefndarinnar þýði að vatnsréttindi séu í dag talin mun meira virði en fyrir nokkrum áratugum, þótt miðað sé við uppreiknað verðlag fyrri ára.

Hann segir úrskurð matsnefndarinnar hafa umtalsverð áhrif. „Það er enginn vafi á því að þessi niðurstaða mun hafa áhrif á verð sem verður til skoðunar vegna virkjana í Þjórsá," segir Friðrik.

Ríkið á yfir 90 prósent vatnsréttinda vegna Þjórsárvirkjunar og var ákveðið að bíða með samninga um verð þar til verðmat vegna Kárahnjúkavirkjunar lægju fyrir. - bj / sjá síður 10 og 11

FYRSTI SKÓLADAGURINN Þessi glæsilegi barnahópur, þriðja bekkjar í Austurbæjarskóla, beið stilltur í röð eftir því að Ólína Ásgeirsdóttir kennari hleypti þeim inn í kennslustofu. Ekki eru öll börn svo heppin að eiga góðan kennara að eins og þessi. Enn vantar kennara í um helming skóla Reykjavíkurborgar. Sjá síðu 12. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslenskur doktor í hagfræði ráðinn yfirhagfræðingur í vinsælum netleik:

Stjórnar hagkerfi EVE Online

TÆKNI Eyjólfur Guðmundsson hagfræðingur hefur verið ráðinn yfirhagfræðingur hagkerfis tölvuleiksins EVE Online. Þetta mun vera í fyrsta skipti sem maður er ráðinn til að vinna inni í sýndarveruleika leiksins. Stöðu Eyjólfs má líkja við stöðu seðlabankastjóra þótt hann vilji sjálfur ekki ganga svo langt í þeirri samlíkingu. „Það ætti í rauninni að hætta að kalla þetta sýndarveruleika því þetta er miklu meira að verða annar heimur sem notendurnir hverfa til," segir Eyjólfur í samtali við Fréttablaðið. Hann bætir því við að þegar sé farið að ræða um að koma á fót lýðræði inni í leiknum þannig að ekki er útilokað að brátt verði blásið til kosninga innan EVE.

Hilmar Pétursson, framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins CCP, sem rekur EVE, segir að með þessari ráðningu sé verið að auka þjónustuna enn frekar við notendurna. „Leikurinn gengur mikið út á sölu og viðskipti og það er því þátttakendunum nauðsynlegt að hagkerfið sé stöðugt."

- fgg / sjá síðu 54

STÓRÚTSALA

Egill Árnason hf

Allt að 70% afsláttur

Egill Árnason hf. Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is

SPURNING DAGSINS

Jakob, er engin Þórðargleði í Stuðmönnum?

„Nei, en Gróttugleðin um helgina verður tileinkuð Þórði.“

Þórður Árnason, gítarleikari Stuðmanna, hætti í apríl en Guðmundur Pétursson plokkar strengina í hans stað. Jakob Frímann Magnússon er hljómborðsleikari Stuðmanna.

Bandaríkjaforseti líkir Íraksstríðinu við fyrri stríð Bandaríkjanna í Asíu:

Bush segist enn stefna að sigri

BANDARÍKIN, AP „Meðan ég er æðsti yfirmaður hersins munum við berjast til sigurs,“ sagði George W. Bush Bandaríkjaforseti á fundi hjá fyrrverandi hermönnum, sem barist hafa í styrjöldum erlendis.

„Ég er sannfærður um að við munum hafa betur,“ sagði hann og uppskar mikið lófatak.

Í ræðu sinni líkti Bush stríðinu í Írak við fyrri styrjaldir Bandaríkjamanna í Asíu, sem drógust á langinn og misstu stuðning almennings en þykja eftir á hafa skilað árangri.

„Þær hugsjónir og þeir hagsmunir sem urðu til þess að Bandaríkjamenn hjálpuðu Japönum að breyta ósigri í lýðræði eru þau sömu og urðu til þess að við erum enn að verki í Afganistan og Írak,“ sagði Bush, og vísaði einnig til bæði Kóreustríðsins og Víetnamstríðsins.

AÐ LOKNUM RÆÐUFLUTNINGI Bush tekur í höndina á Gary Kurpius, yfirmanni samtaka fyrrverandi hermanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Harry Reid, leiðtogi demókrata í öldungadeild Bandaríkjaþings, hafnaði þó strax þessari söguskoðun forsetans og sagði hann horfa framhjá því sem skilur á milli: „Ríkisstjórn Bush afvegaleiddi þjóðina til stuðnings við innrásina í Írak á fölskum forsendum, svo úr varð eitt versta klúður sögunnar í utanríkismálum.“

Bush notaði einnig ræðu sína til að ítreka enn á ný stuðning sinn við Nouri al-Maliki forsætisráðherra í Írak og taka af allan vafa um að hann hafi ekki snúið við honum baki. - gb

Frændi Lennarts Meri ákærður:

Sakaður um þjóðarmorð

EISTLAND, AP Náfrændi Lennarts Meri, hins vinsæla fyrrverandi forseta Eistlands sem nú er látinn, þarf að svara til saka fyrir þátt sinn í að senda landa sína til þrælkunarbúðavistar í Síberíu fyrir nærri 60 árum. Saksóknarar saka hann um aðild að þjóðarmorði.

En Arnold Meri, sem er 88 ára gamall og var háttsettur embættismaður kommúnista á sovéttímanum, verst ákærunni með því að segjast aðeins hafa verið lágt settur embættismaður þegar Síberíuflutningarnir áttu sér stað. Í mars 1949 voru 20.000 Eistar sendir í þrælkunarbúðir af hinum sovésku valdhöfum. - aa

BÖRNIN ÚT Í UMFERÐINA Fram kemur í tilkynningu frá lögreglu að enn beri á hraðakstri við grunnskólana. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Hraðakstur við skóla:

Lögreglan ítrekar tilmæli sín

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu ítrekar þau tilmæli sín til ökumanna að þeir sýni sérstaka varúð í nágrenni leik- og grunnskóla. Í tilkynningu frá lögreglu kemur fram að við umferðareftirlit í gær hafi glögglega komið í ljós að enn beri á hraðakstri við skólana. Lögreglan minnir á þá staðreynd að börn gleymi sér gjarnan og geti átt það til að hlaupa fyrirvaralaust í veg fyrir umferð. Brot 96 ökumanna voru mynduð á Fjallkonuvegi við Foldaskóla í Grafarvogi á tæplega einni klukkustund síðdegis í gær. Sá sem hraðast ók var á sextíu kílómetra hraða. - lbb

NOREGUR

Borgarstjóri Oslóar víkur

Per Ditlev-Simonsen, borgarstjóri Oslóar til tólf ára, tilkynnti um afsögn sína í gær eftir að hafa viðurkennt að hafa falið arf á bankareikningi í Sviss til að svíkja undan erfðafjár- og stóreignaskatti í Noregi. Arfinn, 1,5 milljónir norskra króna, eða 16,5 milljónir íslenskra, fékk hann eftir fyrri eiginkonu sína sem lést árið 1990.

Fyrstu fasteignirnar seldar á Vellinum

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar hefur selt fyrstu 22 af 300 byggingum á Keflavíkurflugvelli fyrir 715 milljónir króna. Eignarhaldsfélagið Base ehf. ætlar að byggja upp iðngarða undir heitinu Tæknivellir. Húsnæðið verður leigt út.

REYKJANES Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar hefur gengið frá sölu á fyrstu fasteignunum á Keflavíkurflugvelli. Eignarhaldsfélagið Base ehf. hefur keypt 22 byggingar fyrir 715 milljónir króna. Base hyggst byggja upp iðngarða undir nafninu Tæknivellir þar sem iðnfyrirtæki geta leigt húsnæði undir starfsemi sína.

Steinþór Jónsson, stjórnarformaður Base, segir stefnt að því að skapa svæði þar sem iðnfyrirtæki og skyld fyrirtæki geta hreiðrað um sig. „Okkur langar að búa til skemmtilega umgjörð og snyrtilegt svæði fyrir starfsemi þarna í framtíðinni. Þarna eru mismunandi byggingar þannig að við höfum trú á því að koma ákveðnum byggingum í útleigu frekar en að selja þær,“ segir hann.

„Í þessu tilfelli er verið að fjárfesta í eignum um leið og við viljum þróa þessa hugmyndafræði áfram. Framtíðarsýnin er að gera þetta að meiru en bara eignarhaldsfélagi. Við viljum búa til sterkan grunn fyrir framtíðina,“ segir í tilkynningu frá Þróunarfélaginu.

Stefnt er að því að búa svæðið út þannig að það geti hýst þróun í iðnaði með áherslu á verkfræði, raunvísindi, tölvuþróun, dreifingarmiðstöðvar, flugtengda starfsemi, hátæknibúnað fyrir matvælaiðnað, nýsköpun, arkitektúr og fleira. Þjónustukjarni verður staðsettur í miðju svæðisins og verða þar sameiginlegar skrifstofur og anddyri. Þá eru hugmyndir um að lána eina til tvær byggingar til samfélagslegra verkefna fyrstu árin.“

IÐNGÖRÐUM KOMIÐ Á FÓT Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar hefur selt tíu fasteignir, eða 22 byggingar, á Keflavíkurflugvelli. Stefnt er að því að koma þar á fót iðngörðum undir heitinu Tæknivellir. Myndin er af Magnúsi Gunnarssyni, stjórnarformanni Þróunarfélagsins, í einu húsanna á Keflavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

STEINÞÓR JÓNSSON

Svæðið verður komið í fulla nýtingu innan sex mánaða. „Fyrirtæki eru nú þegar með starfsemi þarna og höfum við verið að ganga frá samningum,“ segir Steinþór. „Við höfum fengið fyrirspurnir og óskir frá fyrirtækjum um að fá að tengjast þessum Tæknivöllum og nú erum við að ganga á þessi fyrirtæki. Ég get til dæmis sagt frá því að heildsölufyrirtæki hafa áhuga á að víkka út starfsemi sína og ný fyrirtæki hafa áhuga á að flytja starfsemi sína af höfuðborgarsvæðinu og úr Keflavík og hreiðra um sig þarna upp frá.“

Að Base standa Hringrás, N1, ÍAV, Þjónusta, Meistarahús, Hótel Keflavík, Rafholt, Eignarhaldsfélagið AV, DM, Húsanes, Lykil Ráðgjöf, Víkur og Sparisjóður Keflavíkur.

Alls eru 300 byggingar á Keflavíkurflugvelli. ghs@frettabladid.is

Yfirdráttarlán:

Hafa aldrei verið hærri

VIÐSKIPTI Yfirdráttarlán hafa aldrei verið hærri en nú þrátt fyrir hátt vaxtarstig að því er fram kom í fréttum Kaupþings í gær. Í lok júlí námu yfirdráttarlán heimila 75,6 milljörðum króna. Þetta er aukning um 11 milljarða króna milli mánaða.

Yfirdráttarlán heimila hafi vaxið jafnt og þétt síðustu árin en hlutdeild þeirra í heildarskuldum heimila er í dag í kringum 10%. - sbt

DANICA WHITE Óljóst hvort skipinu sjálfu var skilað.

Sjóræningjar skila áhöfn:

Dönskum sjómönnum sleppt

SÓMALÍA, AP Sómalskir sjóræningjar létu í gær lausa áhöfn dansks flutningaskips, sem var rænt er það var á siglingu á alþjóðlegu hafsvæði utan við lögsögu Sómalíu í júní.

Talsmenn danskra stjórnvalda greindu frá því í gær, að áhöfnin, fimm manns, gengist nú undir læknisskoðun á frönsku herskipi. Þeir virtust við þokkalega heilsu, miðað við það sem þeir höfðu gengið í gegnum.

Óljóst var að svo komnu máli hvort skipinu, Danica White, hefði líka verið skilað og hvort lausnargjald hefði verið greitt. - aa

BÍLL DAGSINS

TOYOTA YARIS SOL

Nýskr. 04.07 - Beinskiptur - Ekinn 6 þús. km.

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020

Formaður umhverfisnefndar öldungadeildar Bandaríkjaþings á Bessastöðum:

Samstarf hefjist sem allra fyrst

STJÓRNMÁL „Þessi heimsókn Barböru er enn ein staðfestingin á miklum áhuga áhrifaafla í Bandaríkjunum á nýju samstarfi við Íslendinga á sviði orkumála,“ segir Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands.

Ólafur Ragnar átti í gær fund með Barböru Boxer, ásamt umhverfisráðherra, íslenskum vísindamönnum og sérfræðingum á sviði loftslags- og orkumála.

Barbara er öldungadeildarþingmaður frá Kaliforníu og formaður umhverfisnefndar öldungadeildar Bandaríkjaþings.

Ólafur Ragnar segir vaxandi áhuga á því í Bandaríkjunum að hverfa frá olíunni sem aðal orkugjafa og finna hreina orkugjafa.

„Sú stefna er ekki einungis mikilvæg í efnahags- og umhverfismálum heldur er hún líka mikilvæg í öryggismálum. Í dag er orkuöflun Bandaríkjanna háð löndum sem búa við mikinn óstöðugleika. Það eru því líka öryggishagsmunir fólgnir í því að vera sjálfir sér nægir í orkuöflun,“ segir Ólafur Ragnar.

Barbara sagði á fundinum að Bandaríkjamenn hefðu verið virkir í öryggismálum Íslendinga í meira en hálfa öld. Nú væri hægt að snúa dæminu við og Íslendingar geta orðið mikilvægur þáttur í öryggismálum Bandaríkjanna með því að leggja fram tækniþekkingu, kunnáttu og viðskiptavit í viðamiklu samstarfi sem hæfist sem allra fyrst. - aví

Á BESSASTÖÐUM Forsetinn ræðir við Barböru Boxer. Þau vilja að samstarf hefjist sem allra fyrst því ekki sé mikill tími til stefnu í ljósi loftslagsmála. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ENNEMM / SIA / NM28486

SANN LEIKUR!

Nissan Pathfinder Adventure er fullbúinn bíll*

* **Nissan Pathfinder ADVENTURE SE**

- 33” breyting
- Sérsmíðaðar álfelgur
- 7 manna
- Sjálfskipting
- 174 hestafla díselvél
- 3000 kg dráttargeta
- Cruise control
- Dráttarbeisli
- 6 diska CD spilari
- Húddhlíf
- Vindskeið
- Litað gler
- Regnskynjari
- Þokuljós

4.950.000 kr.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 / Sími 525 8000 / www.ih.is / Opið: Mán frá kl. 10 - 18 og þri til fös frá kl. 9 - 18.

GENGIÐ 22.08.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	65,47	65,79
Sterlingspund	130,14	130,78
Evra	88,24	88,74
Dönsk króna	11,856	11,926
Norsk króna	11,037	11,103
Sænsk króna	9,412	9,468
Japanskt jen	0,5690	0,5724
SDR	99,74	100,34

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 120,2296

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bandarískur herdómstóll fjallar um brot yfirmanns í Abu Ghraib:

Mótsagnir í málflutningi

BANDARÍKIN, AP Steven Jordan, undirofursti í Bandaríkjaher, hefur lent í mótsögnum í málsvörn sinni fyrir bandarískum herdómstól, þar sem fjallað er um hlut hans í misþyrmingum á föngum í hinu illræmda Abu Ghraib-fangelsi í Írak.

Jordan, sem er 51 árs, var yfirmaður nýstofnaðrar yfirheyrsludeildar fangelsisins haustið 2003, nokkrum mánuðum eftir að stríðið í Írak hófst. Hann er sakaður um að hafa ekki þjálfað undirmenn sína nægilega vel, ekki kynnt þeim reglur hersins um yfirheyrsluaðferðir og þar með mótað það andrúmsloft meðal fangavarðanna að heimilt væri að misþyrma föngunum með ýmsum hætti. Einnig er hann sakaður um að hafa án heimildar leyft notkun hunda við yfirheyrslur.

STEVEN JORDAN ÁSAMT LÖGMANNI SÍNUM Jordan er eini yfirmaðurinn í Abu Ghraib sem dreginn hefur verið fyrir dómstól. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Verði hann dæmdur sekur á hann yfir höfði sér fangelsisdóm upp á átta og hálft ár.

Lögfræðingar Jordans segja hann tvisvar hafa tilkynnt um brot undirmanna sinna, en svo þegar hann var spurður hvers vegna sumir fangar hafi verið hafðir naktir þá svaraði hann því til að það væri liður í yfirheyrsluaðferðum í fangelsinu.

Jordan er eini yfirmaðurinn sem hefur verið ákærður vegna misþyrminganna, og síðastur hinna ákærðu til að fara fyrir dóm. Ellefu hermenn hafa þegar verið dæmdir og hlaut einn þeirra, Charles Granier, tíu ára fangelsisdóm í janúar árið 2005. - gb

Átök í leiguíbúð á Amager:

Lögregla beitti skotvopnum

DANMÖRK Maður, sem átti að bera út úr leiguíbúð við Noregsgötu á Amager í Kaupmannahöfn í gær, varðist af heift og lagði með hnífi að lögregluþjónum sem brutust inn í íbúðina til að fylgja útburðarúrskurðinum eftir. Átökin enduðu með því að lögreglumennirnir beittu skotvopnum sínum. Maðurinn fékk skot í kviðinn og var fluttur á sjúkrahús.

„Lögregluþjónarnir urðu að þvinga sér leið inn í íbúðina og þar réðist maðurinn á þá með hnífi," hefur fréttavefur Politiken eftir Flemming Steen Munch, talsmanni Kaupmannahafnarlögreglunnar. - aa

HRAÐI Í GÖNGUNUM Meðalhraði þeirra sem óku of hratt var áttatíu og fjórir kílómetrar á klukkustund.

Hvalfjarðargöng:

156 ekið of hratt síðan á mánudag

LÖGREGLUMÁL Brot eitt hundrað fimmtíu og sex ökumanna hafa verið mynduð í Hvalfjarðargöngunum síðan á mánudaginn.

Meðalhraði þeirra sem óku of hratt var rétt undir áttatíu og fjórum kílómetrum á klukkustund en leyfilegur hámarkshraði í göngunum er sjötíu kílómetrar á klukkustund. Ellefu þeirra ökumanna sem óku of hratt óku á yfir níutíu kílómetra hraða á klukkustund og þrír þeirra óku á yfir eitthundrað kílómetra hraða.

Sá sem hraðast ók var á hundrað og sjö kílómetra hraða á klukkustund. - lbb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ölóður ferðamaður

Lögreglan á Akureyri handtók ölóðan ferðamann frá Kanada á Hótel KEA í fyrrinótt. Maðurinn var mjög æstur og hringdu starfsmenn hótelsins á lögreglu. Hann var látinn sofa úr sér í fangageymslum lögreglunnar.

Árekstur á Bústaðavegi

Einn maður var fluttur á slysadeild eftir aftanákeyrslu á umferðarljósunum á Bústaðavegi og Flugvallarvegi í gærdag. Áreksturinn var harður en maðurinn mun þó ekki hafa slasast alvarlega.

Bréf ráðgjafans skoðað í dag

Fjárlaganefnd skoðar skýrslu Einars Hermannssonar á fundi í dag. Formaður nefndarinnar segir ófært að Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneyti séu ósammála um framkvæmd fjárlaga. Ráðherra ætlar að klára málið.

RÍKISFJÁRMÁL Fjárlaganefnd mun í dag fjalla um útskýringar þær sem Einar Hermannsson, fyrrverandi ráðgjafi Vegagerðarinnar, hefur sent frá sér í von um uppreisn æru, eftir ásakanir í hans garð vegna Grímseyjarferjukaupa.

„Við fjöllum um bréf ráðgjafans á morgun og sjáum svo hvert það leiðir okkur. Hann er með skýringar á reiðum höndum um sína stöðu," segir Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar.

Einar Hermannsson skipaverkfræðingur hefur sent fulltrúum í fjárlaganefnd bréf þar sem meðal annars kemur fram að hann hafi sett fjóra fyrirvara eða forsendur fyrir kaupum nýrrar Grímseyjarferju. Einungis ein þeirra hafi verið uppfyllt.

Einar fer fram á það við fjárlaganefnd að hún meti hvort hann beri þá ábyrgð sem samgönguráðherra hafi gefið í skyn í fjölmiðlum. Hann sitji enn undir þeirri „ærusviptingu".

Kristján Möller samgönguráðherra lýsti því yfir við fjölmiðla á dögunum að ráðgjöf Einars hefði verið ábótavant.

Kristján vill ekki tjá sig um þátt Einars Hermannssonar í málinu að svo stöddu. „Ég tek eftir því í blöðunum að hann sendi fjárlaganefnd bréf og gögn og það er bara fínt mál. Ég fæ vonandi að sjá þau eftir fjárlaganefndarfund. Þá getur vel verið að ég bregðist við því," segir hann.

Ráðherra segist leggja höfuðáherslu á að ljúka málinu á sem bestan hátt.

„Ég fæ þetta mál í arf og svo les ég skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það sem er mitt verkefni í dag er auðvitað að klára þetta mál og gera þessa ferju það góða að hún þjóni hagsmunum Grímseyinga og hagsmunum ríkissjóðs. Það er ekki hægt að láta endalausan pening flæða út," segir hann.

Gunnar segist lítið hafa að segja um yfirlýsingu fjármálaráðuneytis síðan í gær. Af henni mátti skilja að nýting fjárheimilda, líkt og var viðhöfð við kaup á Grímseyjarferjunni, væri alsiða og lögleg.

„Það er ófært að Ríkisendurskoðun sé að koma fram með þessar athugasemdir og fagráðuneytið sé ekki sammála, það gengur engan veginn upp gagnvart þinginu. Við þurfum að skera á þennan hnút," segir Gunnar.

klemens@frettabladid.is

GRÍMSEYJARFERJAN Skipaverkfræðingurinn lýsti „hörmulegu" ástandi skipsins í skýrslu sem unnin var að beiðni Vegagerðarinnar. Henni var skilað í nóvember 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

YFIRLÝSINGUNNI VERÐUR SVARAÐ

SIGURÐUR ÞÓRÐARSON

Ríkisendurskoðandi, Sigurður Þórðarson, hyggst ekki svara yfirlýsingu fjármálaráðuneytisins í fjölmiðlum.

„Nei, ég sé engan tilgang í því að ræða þetta frekar opinberlega. Ég mun hins vegar ræða þetta við þá aðila innan kerfisins sem eiga hlut að máli," segir hann.

KRISTJÁN MÖLLER, Í FRÉTTUM STÖÐVAR 2:

KRISTJÁN MÖLLER

„Í öðru lagi hef ég gefið Vegagerðinni fyrirmæli um það, með tilliti til þessarar svörtu skýrslu og ráðgjafa sem þar hefur komið inn, að Vegagerðin skipti um ráðgjafa [...].

Þess vegna tel ég að það verði að fá nýjan ráðgjafa hvað það varðar og það verði þá ekki meira skipt við þann ráðgjafa sem hefur verið í þessu máli frá byrjun. [...] Hann heitir Einar Hermannsson og er skipaverkfræðingur."

ÁSTÆÐA TIL AÐ KALLA ÞING SAMAN

JÓN BJARNASON

Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri grænna í fjárlaganefnd, segir viðbrögð fjármálaráðherra við ákúrum Ríkisendurskoðunar sýna að Árni Mathiesen sé farinn að „túlka valdsvið sitt æði víðtækt".

Full ástæða sé til að kalla þing saman vegna málsins.

„Það er grafalvarlegt mál þegar Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneyti eru farin að skiptast á harðorðum yfirlýsingum í fjölmiðlum," segir hann.

„Á fundinum á morgun munum við kalla eftir nánari skýringum á aðkomu fjármálaráðherra að þessu máli.

Ég tel hins vegar ekki þörf á að gera úttekt á undirstofnunum eins og Vegagerðinni því þær eru á ábyrgð ráðherra." Jón segir málið endurspegla „valdayfirgang ráðherra".

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

SKÚRAVEÐUR

Í dag og á morgun verður skúraloft viðloðandi vesturhelming landsins. Austanlands verður þurrt og nokkuð bjart veður með ágætum hlýindum. Á laugardag snýst hann til norðvestlægrar áttar og þá léttir til sunnanlands þegar líður á daginn og gæti hitinn í námunda við Klaustur náð 16-18 stigum. Á sunnudag verður síðan hæg vestlæg átt með úrkomulitlu veðri og þokkalega mildu eða á bilinu 10-15 stig.

REYKJAVÍK Í DAG

Suðvestan 5-8 m/s og skúrir. Hiti 10-13 stig.

um hádegi »



» á morgun



5-10 m/s hvassast með suðurströndinni.

» laugardagur



8-13 m/s allra syðst annars mun hægari.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	23°C	skúrir	London	20°C	skúrir	Friedrichshafen	23°C léttskýjað
Billund	22°C	skúrir	París	20°C	rigning	Basel	24°C alskýjað
Osló	24°C	léttskýjað	Amsterdam	22°C	skúrir	Alicante	27°C heiðskírt
Stokkhólmur	23°C	hálfskýjað	Frankfurt	27°C	skýjað	Algarve	26°C heiðskírt
Gautaborg	24°C	skúrir	Berlín	23°C	skúrir	Las Palmas	24°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is



ÍSLENSKA SÍA IS TOY 38699 08/07

Ratar þú til Toyota Kópavogi?

Það hefur sjaldan verið eins spennandi að koma til okkar.
Vegna færslu á háspennustreng við Nýbýlaveg eru starfsmenn Toyota Kópavogi í sérstöku stuði þessa dagana. Þú gætir þurft að leita okkur uppi, en þeir sem rata í sýningarsal okkar, dagana 23. til 25. ágúst, verða verðlaunaðir alveg sérstaklega.

Kaupaukar og veitingar fyrir þá ratvísu

Við bjóðum þeim ratvísu sem komast til okkar gómsætar veitingar og skemmtilega kaupauka sem fylgja öllum seldum, nýjum bílum 23. - 25. ágúst:

- Fellum niður rafmagnsreikning heimila kaupenda nýrra bíla til áramóta*
- 5 alþrif með hverri seldri bifreið
- Þeir sem reynsluaka nýrri Toyota fá sérstakan glaðning

Komdu alla leið, dagana 23. til 25. ágúst

*Gildir aðeins um lögheimili einstaklinga sem kaupa nýjan bíl hjá Toyota Kópavogi dagana 23. - 25. ágúst.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

KJÖRKASSINN

Borðar þú meira af alifuglakjöti en lambakjöti?

Já	59,5%
Nei	40,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Styður þú að prestar fái heimild til að gefa saman samkynhneigð pör?

Segðu skoðun þína á visir.is

Íslendingarnir sem sluppu undan fellibylnum Dean í Mexíkó komu heim í gær:

Fegin að vera komin heim

NÁTTÚRUHAMFARIR Íslendingarnir tíu, sem sluppu undan fellibylnum Dean, sem riðið hefur yfir Karíbahafið og Mexíkó síðustu daga, komu til Íslands frá New York í gær. Þeir voru í útskriftarferð á Playa del Carmen, nærri Cancún, á Yucatán-skaga í Mexíkó.

Eva Sólan, einn af Íslendingunum, segist vera fegin að hafa komist frá Mexíkó í tæka tíð. „Lengi vel leit ekki út fyrir að við myndum komast burt því ekki var hægt að fá flugmiða frá Cancún né leigja bíla til að keyra af svæðinu. „Það var ekki fyrr en ræðismaður Íslands í Campeche talaði við frænku sína, sem rekur rútuleigu, og bað hana að ná í okkur og keyra okkur til Campeche. Þaðan komumst við svo áleiðis til Mexíkóborgar," segir Eva.

EVA SÓLAN Segir að síðustu dagarnir í Mexíkó hafi verið Íslendingunum erfiðir því lengi vel hafi litið út fyrir að þeir kæmust ekki undan fellibylnum.

Hún segir að íbúar á skaganum hafi almennt verið hræddir við fellibylinn. „Við spurðum þjónana á hótelinu okkar hvort þeir væru hræddir og þeir sögðu já. Við vorum ekki beinlínis hrædd en við vildum alls ekki vera þarna meðan fellibylurinn færi yfir landið," segir Eva.

Hún segir að það hafi í raun aldrei komið til greina að bíða fellibylinn af sér heldur hafi þau alltaf ætlað að koma sér undan honum á einhvern hátt. „Blessunarlega komumst við frá Yucatán-skaga á endanum," segir Eva. - ifv

Bifreið festist í á:

Hætt komin í Köldukvísl

ÓHAPP Björgunarsveitir á Norður- og Suðurlandi voru kallaðar út um miðjan dag í gær vegna fólks sem sat fast á þaki bifreiðar í Köldukvísl.

Tvær konur voru í bílnum þegar hann festist í ánni við Svarthöfða í Vonarskarði á miðhálendinu. Þeim tókst að koma sér upp á þak bifreiðarinnar en treystu sér ekki til að vaða í land enda áin straumþung.

Þyrla Landhelgisgæslunnar, sem var við leitarstörf í Skaftafelli, var kölluð út en björgunarliði var snúið við þegar fólkinu tókst að bjarga sér af sjálfsdáðum. - þo

Allar vísbendingar teknar til greina

Um 60 björgunarsveitarmenn leituðu í gær að þýsku ferðamönnunum tveimur sem saknað er. Ekkert hefur frést af mönnunum í þrjár vikur. Lögregla kannar allar vísbendingar, meðal annars upplýsingar frá þýskum miðli.

LEIT Þjóðverjarnir Thomas Grundt, 24 ára, og Mathias Hinz, 29 ára, komu til Íslands 27. júlí síðastliðinn. Vitað er um ferðir þeirra á tjaldsvæðinu í Laugardal skömmu eftir komuna til landsins en ekkert hefur frést af þeim síðan þá. Um 60 björgunarsveitarmenn af öllu Suðurlandi leituðu mannanna í gær og fínkembdu svæðið í nágrenni Skaftafells. Leitin hefur ekki borið árangur og að sögn lögreglu hafa engar nýjar vísbendingar komið í ljós.

Vitað er að mennirnir hugðust skoða Skaftafell og jafnvel stunda ísklifur á jöklunum þar í grennd en þeir eru báðir vanir ísklifrarar. Mánudaginn 30. júlí tóku mennirnir á móti SMS-skilaboðum í síma skammt frá Skaftafelli en ekkert er vitað með vissu um ferðir þeirra síðan þá. Þeir áttu pantað flug heim til Þýskalands hinn 17. ágúst og þegar þeir skiluðu sér ekki í flugið lýsti lögreglan eftir þeim. Formleg leit björgunarsveita hófst síðan á þriðjudag.

Fjölmargir hafa haft samband við lögreglu eftir að lýst var eftir mönnunum. Flestir telja sig hafa séð þá í nágrenni Skaftafells eða á Svínafellsjökli um mánaðamótin. Litlar sem engar vísbendingar hafa borist um ferðir mannanna síðan þá og því þótti eðlilegt að miða leitina við það svæði.

Friðrik Jónas Friðriksson, formaður björgunarfélags Hornafjarðar, segir að þau svæði sem helst komi til greina hafi verið fínkembd í gær. Það er Skaftafellsjökull, Svínafellsjökull, Virkisjökull og fjalllendið þar í kring. Svokallaðir undanfarahópar, skipaðir reyndustu fjallabjörgunarmönnum Landsbjargar, fóru um hættulegustu svæðin en veður hamlaði leit fram eftir degi. Þyrla Landhelgisgæslunnar fór í loftið um leið og létti til upp úr hádeginu og björgunarsveitarmenn leituðu fram í myrkur. Friðrik sagði að bæri leitin ekki árangur væri stefnt að stórleit á laugardag með aðstoð allt að 400 björgunarsveitarmanna.

Ólöf Snæhólm, upplýsingafulltrúi Landsbjargar, segir að allar vísbendingar séu teknar til greina við leitina. Lögreglan hafi rætt við skálaverði, leiðsögumenn og rútubílstjóra auk þess sem rennt hafi verið í gegnum gestabækur á ferðamannastöðum. Þá hafa upplýsingar frá þýskum miðli verið teknar til skoðunar en sá hefur oft aðstoðað lögregluna þar í landi í málum sem þessum. „Leitarfræðin segja okkur að útiloka ekki vísbendingar af þessu tagi svo lengi sem þær eru í samræmi við annað sem við vitum," segir Ólöf en miðillinn gaf lýsingu af stað sem á vel við jökulsporðinn í nágrenni Skaftafells þar sem björgunarsveitarmenn leituðu í gær. thorgunnur@frettabladid.is



TÍMAÁS

27. júlí
Thomas Grundt og Mathias Hinz koma til landsins.

29. júlí
Mennirnir eru á tjaldsvæðinu í Laugardal og hringja þaðan heim til Þýskalands og láta vita af sér. Sama dag taka þeir peninga út úr hraðbanka.

30. júlí
SMS-skilaboð voru móttekin í síma annars mannanna. Hann var þá staðsettur í grennd við Skaftafell.

Mánaðamót júlí/ágúst
Fjölmargir sjónarvottar telja sig hafa séð menn sem lýsingin á við á Svínafellsjökli og í Skaftafelli.

17. ágúst
Mennirnir áttu pantað flug heim til Þýskalands en skiluðu sér ekki.

18. ágúst
Lögreglan lýsir eftir mönnunum.

21. ágúst
Formleg leit hefst.

UMFANGSMIKIL LEIT Um 60 björgunarsveitarmenn tóku þátt í leitinni í gær. Stórt svæði í nágrenni Skaftafells hefur verið fínkembt. MYND/SIGURÐUR MAR HALLDÓRSSON

Upplýsingar og skráning: 544 4500 / www.ntv.is

FJÁRMÁLA OG REKSTRARNÁM

Frábært nám með vinnu

Verulega áhugavert nám fyrir þá sem vilja bæta við sig þekkingu í fjármálum og rekstri fyrirtækja. Farið er m.a. í rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Æskilegt að nemendur hafi grunnþekkingu í Excel því mikið er farið í notkun fjármálafalla, arðsemismat og rekstraráætlanir.

132 stundir - Verð: 154.000.-
Morgunnámskeið byrjar 4. september.
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 3. september.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Afnemum VSK

af öllum ritföngum og skólatöskum

Gildir til 26. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver er formaður fjárlaganefndar?*

2 *Hvernig er kynjaskipt í Jafnréttisráði?*

3 *Hvaða fyrirtæki fékk samgönguverðlaun í ár?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Jón Sigurðsson hélt að fjármálaráðuneytið auglýsti samkomulag við Landsvirkjun:

Átti að styrkja stöðu þegnanna

VIRKJANIR „Þetta samkomulag átti ekki að breyta réttarstöðu íbúa, landeigenda eða sveitarfélaga, heldur styrkja hana," segir Jón Sigurðsson, fyrrum iðnaðarráðherra.

Jón segir kröfu Vinstri grænna um að rannsakað verði samkomulag sem hann, fjármálaráðherra og þáverandi landbúnaðarráðherra, gerðu við Landsvirkjun þremur dögum fyrir kosningar, byggjast á misskilningi.

„Því þarna er um ríkisfyrirtæki að ræða. Það er almenn stjórnsýsla að koma hlutum þannig fyrir að meðferð framkvæmda sé í höndum undirstofnana svo þegnar og hagsmunaaðilar geti klagað til ráðuneytisins," segir hann.

JÓN SIGURÐSSON

GUÐNI ÁGÚSTSSON

Því hafi ekki verið um eignarframsal að ræða, en vinstri grænn fullyrða að svo hafi verið.

Jón veit ekki hvers vegna samkomulaginu hafi verið haldið leyndu. Hann hafi ekkert gert til að leyna því. „Ég er ekkert að skorast undan ábyrgð en fjármálaráðuneytið hafði þetta á sinni könnu. Ég hélt að þetta hefði farið í fréttabréf ráðuneytisins," segir hann.

Guðni Ágústsson, þáverandi landbúnaðarráðherra, segir að ráðuneytið hafi haft fulla heimild á fjárlögum til að selja jörðina Þjótanda. Samkomulagið hafi hins vegar einungis verið yfirlýsing um vilja til viðræðna við Landsvirkjun um að reisa upplýsingamiðstöð á jörðinni um vatnasvæði Þjórsár og virkjanir í ánni. - kóþ

Segir bílastæðin tímaskekkju:

Óttast um framtíð Kolaportsins

SKIPULAGSMÁL „Þetta er tímaskekkja. Flestar þjóðir eru hættar að byggja bílastæði ofanjarðar," segir Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, um að fyrirhugað sé að leggja 5.000 fermetra undir bílastæði í tengslum við tónlistar- og ráðstefnuhúsið. Dagur er einnig ósáttur við að framkvæmdirnar kunna að bitna mjög á húsnæði Kolaportsins í framtíðinni. Telur hann æskilegra að þau 1.600 bílastæði sem eru undir Seðlabankanum verði nýtt fyrir tónlistarhúsið eða Kolaportinu fengin varanleg staðsetning þar. - kdk

Píanóskóli Þorsteins Gauta
Ármúli 38 / við Selmúla
S: 5516751 6916980
pianoskolinn.is
pianoskolinn@pianoskoli
Námskeið á haustönn 2007
Byrjendur og lengra komnir. Börn og fullorðnir
16. vikna námskeið kr. 35.000
NÝTT!
ÍTR frístundarkort fyrir börn kr. 12.000
Nemendur í Vogaskóla fá kennslu í skólanum á skólatíma.
Krakkatímar á laugardögum

Ráðamenn krefjast lausnar:

Lélegar heimtur svara vísnagátu

DJÚPIVOGUR „Það er mikið af hagyrðingum hér og því höfum við haft vísnagátur af og til á síðu bæjarfélagsins," segir Andrés Skúlason, oddviti í Djúpavogi.

Þær fréttir eru þó á síðunni djupivogur.is að lélegar heimtur hafi verið á svörum í síðustu vísnagátu og þeirri spurningu fleygt fram hvort lesendur síðunnar séu orðnir það uppteknir við glímu á tískufyrirbærinu sudoku að þeir gefi sér ekki lengur tíma til að sinna þjóðlegum viðfangsefnum.

Andrés kveðst ekki hafa svör við því en segist sannarlega stoltur af hagyrðingum sinnar sveitar og vonar að lausn síðustu vísnagátu fáist innan skamms.

- kdk



BER AÐ OFAN Í SÍBERÍU Vladimír Pútín í göngutúr meðfram ánni Khemchik í Tuva-héraði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

KEFLAVÍK

Nýr skóli tekur til starfa

Kennsla hófst í nýjum grunnskóla á Keflavíkurflugvelli í gær, Barnaskóla Hjallastefnunnar. Til að byrja með eru tveir bekkir í skólanum, alls 32 börn á aldrinum sex og upp í níu ára. Flest börnin koma af Keilissvæðinu en örfá börn koma úr Reykjanesbæ. Skólinn starfar í húsnæði þar sem áður var gistiheimili á Keflavíkurflugvelli.

Rússar spá í skilaboð Pútín

Ekkert lát er á vangaveltum í Rússlandi um ástæður þess að Vladimír Pútín lét birta myndir af sér berum að ofan. Er hann að búa þjóðina undir brotthvarf sitt eða vill hann sitja lengur á forsetastól?

RÚSSLAND, AP Vladimír Pútín Rússlandsforseti hefur jafnan verið umtalaður leiðtogi, bæði innan Rússlands og utan. Fáir áttu þó von á þeirri holskeflu sem birst hefur af slúðri og vangaveltum eftir að myndir af honum birtust í síðustu viku, berum að ofan og stæltum.

Myndirnar voru teknar í fjallaferð hans með Alberti Mónakóprins í Síberíu, og voru birtar með áberandi hætti á vefsíðu forsetans sjálfs og síðan á forsíðu dagblaðs undir fyrirsögninni: „Vertu eins og Pútín".

Rússneskir fjölmiðlar eru enn, viku síðar, að velta sér upp úr málinu og meðal annars er mikið spáð í hvaða pólitísku skilaboðum forsetinn hafi viljað koma á framfæri.

Í spjallþætti einum í útvarpi hafði þáttastýran orð á því, hafi Pútín ætlað sér að höfða betur til kjósenda þá væri þar með gefið í skyn að hann ætli að sitja lengur en tvö kjörtímabil. Þegar þáttastýran spurði svo hvort athæfið væri viðeigandi rigndi yfir hana tölvupóstum frá kvenfólki sem átti vart orð yfir aðdáun sinni á stæltum líkama forsetans.

Samkynhneigðir Rússar hafa velt því fyrir sér hvort Pútín vilji með þessu hvetja til umburðarlyndis gagnvart hommum og lesbíum. Á Netinu var dreift skopmynd af þeim Pútín og Albert þar sem ævintýrum þeirra á fjöllum var líkt við ástarsögu samkynhneigðu kúrekanna í bíómyndinni Brokeback Mountain.

Pútín er 54 ára gamall, kvæntur og tveggja dætra faðir. Hann hefur löngum lagt rækt við karlmennskuímynd sína og er meðal annars þekktur skíðamaður og með svarta beltið í júdó. Hann hefur komið fram í sjónvarpi við ýmis tækifæri, og meðal annars sést aka flutningabifreið, stjórna járnbrautarlest, sigla kafbát og við stýrið á orustuþotu.

Öfugt við forvera sinn, Boris Jeltsín, sem þótti á stundum trúðslegur drykkjumaður, þá hefur Pútín gefið þá mynd af sé að hann sé alvarlegur í bragði, kraftmikill, allsgáður og hnyttinn í tilsvörum.

„Hann er svalur. Það hefur verið ímyndin alla forsetatíðina, svalur," sagði Sergei Markov, stjórnmálaskýrandi í Moskvu.

Stanislav Belkovskí, annar stjórnmálaskýrandi í Moskvu, segir að fjallaferðin með Albert prins hafi ekki átt að sýna fram á neitt annað en að Pútín kunni að slaka á og sé byrjaður að búa sig undir brotthvarf úr stjórnmálum.

Jevgení Volk, þriðji stjórnmálaskýrandinn, segir hins vegar að myndbirtingarnar af Pútín berum að ofan geri varla annað en að ýta undir þá skoðun, sem nýtur vaxandi fylgis meðal stjórnmálaelítunnar í Moskvu, að óþarfi sé að taka Pútín alvarlega lengur.

gudsteinn@frettabladid.is

Dagleg þrif eru leikur einn
– með Unique örtrefjamoppum og klútum
Unique örtrefjamoppusettið byggir á tveimur mismunandi moppugerðum.
1 stk. hvítri þurrmoppu sem er notuð til þess að sópa. Moppan dregur í sig óhreinindi og ryk með því að mynda stöðurafmagn.
2 stk. bláum blautmoppum sem eru notaðar til þess að þvo öll hörð gólfefni.
Unique örtrefjamoppusettið 2.980 Kr. vörunr. 63240
Moppugrind með frönskum lás
Stillanlegt skaft
Unique örtrefjaklútasett 557 Kr. vörunr. 63242
örtrefjaglerklútur
örtrefjaklútur
Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
UniqueRV080701

Fyrst á hverjum morgni í 50 ár

Spútnikk fer hring
í kringum jörðina.

Kalli byrjar í barnaskóla.

Elvis Presly og Priscilla
setja upp hringana.

Kalli byrjar í menntaskóla.

Hreinn Halldórsson verður
Evrópumeistari í kúluvarpi
innanhúss.

Dóra litla kemur í heiminn.

Kýrin Harpa syndir
rúmlega 2 kílómetra
þvert yfir Önundarfjörð.

Kalli fær deildarstjórastöðu.

Bandaríska geimfarið Könnuður
lendir á Mars.

Kalli stofnar sitt eigið fyrirtæki.
Dóra verður stúdent.

Síðasta bókin um Harry Potter
kemur út.

Kalli fréttir að morgni 2. júlí
að hann sé orðinn afi.

Cheerios

Mikilvægasta máltíð dagsins

ÍSLENSKA/SIA.IS/NAT 38506 08/07

VATNSRÉTTINDI KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR

Virði vatnsréttinda 1,6 milljarðar

Nefnd sem meta átti verðmæti vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar hefur skilað niðurstöðu. Nokkrir landeigendur hafa þegar ákveðið að skjóta úrskurðinum til dómstóla.

Tæplega 100 eigendur landareigna í nágrenni Kárahnjúkavirkjunar eiga rétt á rösklega 1,6 milljörðum króna fyrir vatnsréttindi vegna virkjunarinnar. Sérstök matsnefnd sem aðilar komu sér saman um kvað upp úrskurð sinn á Hótel Héraði á Egilsstöðum í gær.

Upphæðin er mun hærri en mat Landsvirkjunar á vatnsréttindunum, 150-375 milljónir króna, en aðeins brot af ýtrustu kröfum hóps landeigenda, sem mat vatnsréttindin á rösklega 93 milljarða, en 60 milljarða til vara.

Samkvæmt úrskurði nefndarinnar eiga vatnsréttareigendur við Jökulsá á Dal að fá 1.223 milljónir króna, vatnsréttareigendur við Jökulsá á Fljótsdal 301 milljón króna og vatnsréttareigendur við Kelduá 111 milljónir króna. Að auki beri Landsvirkjun að greiða kostnað vatnsréttareigenda vegna málsmeðferðar fyrir nefndinni, sem og kostnað við nefndarstörfin, alls rösklega 63 milljónir króna.

Nefndin klofnaði og skilaði Egill B. Hreinsson sératkvæði. Hann vildi að bæturnar yrðu 10-65 milljarðar króna, og tók því í raun undir kröfur landeigenda að mestu.

Áætlaður stofnkostnaður við Kárahnjúkavirkjun er um 110 milljarðar króna, og metur meirihluti nefndarinnar vatnsréttindin því á um 1,5 prósent af stofnkostnaðinum. Ýtrustu kröfur vatnsréttareigenda hljóðuðu hins vegar upp á um 85 prósent af stofnkostnaðinum.

Niðurstaða nefndarinnar þarf ekki að vera endanleg, því aðilar geta skotið úrskurðinum til dómstóla. Nokkrir landeigendur hafa þegar lýst því yfir að þeir muni fara með málið fyrir dómstóla, en aðrir þurfa að taka ákvörðun áður en sex vikna frestur til málshöfðunar rennur út. Landsvirkjun hefur ekki tekið ákvörðun um framhaldið.

Vatnsréttarhafar og Landsvirkjun sömdu um að setja matsnefndina á fót til að meta fjárhæð bóta fyrir vatnsréttindi vegna Kárahnjúkavirkjunar. Matsnefndin var því nokkurs konar gerðardómur sem aðilar komu sér saman um.

Málin hafa þó flækst nokkuð því eftir að málið var flutt fyrir nefndinni um miðjan maí úrskurðaði óbyggðanefnd að stór hluti landareigna sem áður höfðu verið taldar til eignar einkaaðila væru í raun þjóðlendur, og þar með í eigu ríkisins. Á þann úrskurð er einnig hægt að láta reyna fyrir dómstólum, en frestur til að kæra úrskurð óbyggðanefndar hefur enn ekki runnið út.

Fimm menn skipuðu matsnefndina. Skúli J. Pálmason, fyrrverandi héraðsdómari var formaður, en auk hans áttu sæti í nefndinni Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður, Sigurður Þórðarson verkfræðingur, Sverrir Ingólfsson, löggiltur endurskoðandi, og Egill B. Hreinsson, prófessor í verkfræði við Háskóla Íslands.

brjann@frettabladid.is



DEILT UM LANDIÐ Óbyggðanefnd úrskurðaði nýverið að stór hluti þeirra landareigna sem eiga vatnsréttindi í nágrenni Kárahnjúkavirkjunar væru þjóðlendur, sem flækir talsvert möguleg málaferli vegna úrskurðar matsnefndarinnar frá því í gær.

Arðsemi áfram yfir kröfum eigenda LV

Úrskurður matsnefndar um verðmæti vatnsréttinda hefur áhrif á arðsemi Kárahnjúkavirkjunar, en að sögn forsvarsmanna Landsvirkjunar (LV) verður arðsemin engu að síður hærri en arðsemiskrafa eigenda fyrirtækisins vegna Kárahnjúkavirkjunar.

„Þetta hefur áhrif, en við höfðum borð fyrir báru. Við vorum með arðsemi umfram arðsemiskröfu og þetta hefur ekki áhrif á það að við fáum þá arðsemi sem að var stefnt, þrátt fyrir þetta," segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar.

Arðsemiskrafa eigenda LV vegna Kárahnjúkavirkjunar var 11 prósent, og við endurskoðaða arðsemisgreiningu í byrjun árs reyndist arðsemi eiginfjár vera 11,9 prósent, segir Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi LV.

Hann segir að gróflega megi meta þau 0,9 prósentustig sem þar séu umfram arðsemiskröfuna þannig að þau jafngildi því að LV fengi 4 milljarða króna útborgaða í dag. Sé niðurstaða matsnefndarinnar sú að kostnaður vegna vatnsréttinda verði um einum milljarði króna hærri en ráð hafi verið fyrir gert skerðist arðsemi eiginfjárs sem því nemi. Það myndi því í raun skerða arðsemi umfram arðsemiskröfu um fjórðung.

Friðrik segir upphæðirnar í úrskurði nefndarinnar hærri en mat LV, og í efsta kantinum á því sem talið hafi verið raunsætt. „Þetta er ekkert út úr korti, en þetta er mjög í efri kantinum," segir Friðrik. Hann segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort LV skjóti úrskurði nefndarinnar til dómstóla, málið verði skoðað vandlega áður en ákvörðun um slíkt verði tekin.

„Þetta er hærri fjárhæð en við reiknuðum með út frá þeim fordæmum sem til eru fyrir virkanir sem framleiða orku fyrir stóriðju," segir Þórður Bogason, lögmaður LV. Hann segir að fyrirtækið muni taka tíma í að skoða úrskurðinn áður en ákvörðun verði tekin um það hvort honum verði skotið til dómstóla.

Þórður segir að í úrskurðinum endurspeglist nokkuð breytt viðhorf til verðmats á vatnsréttindum. Mat LV, 150-375 milljónir króna, hafi byggt á meðal annars mati vegna Blönduvirkjunar.

„Það er enginn vafi í mínum huga að þessi niðurstaða þýðir að vatnsréttindi eru talin mun meira virði en þau voru talin fyrir nokkrum áratugum síðan, á uppreiknuðu verðlagi," segir Friðrik.

„Það er enginn vafi á því að þessi niðurstaða mun hafa áhrif á verð sem verður til skoðunar vegna virkjana í Þjórsá," segir Friðrik. Ríkið á yfir 90 prósent vatnsréttinda vegna Þjórsárvirkjunar, og var ákveðið að bíða með samninga um verð þar til verðmat vegna Kárahnjúkavirkjunar lægju fyrir. - bj

LANDEIGENDUR Matsnefnd úrskurðaði um verðmæti vatnsréttinda og var úrskurðurinn kveðinn upp á Hótel Héraði á Egilsstöðum í gærmorgun. Þeir Guðmundur Ólason frá Hrólfsstöðum, Jón Helgason frá Refshöfða og Snæbjörn Valur Ólason frá Hauksstöðum rýndu í úrskurðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR GUNNARSSON

Verðmatið lítilsvirðing segir einn eigandi vatnsréttar

„Mér finnst þetta dónaskapur, þetta er mikil lítilsvirðing við landeigendur, og mér blöskrar ef þetta á að heita réttarríki þar sem menn geta komið fram með svona kjánaskap," segir Vilhjálmur Þ. Snædal, einn landeigenda við Jökulsá á Dal.

Vilhjálmur segir að hver og einn landeigandi verði að ákveða hvort hann ætli með málið fyrir dómstóla, en hann muni í öllu falli fara þá leið sjálfur. Hann bendir á að samið hafi verið vegna virkjunar einkaaðila við Seyðisfjörð, og þær upphæðir sem matsnefndin telji eðlilegar séu langt frá því sem þar tíðkist. Hefðu vatnsréttarhafar eitthvað val væru eflaust aðrir en Landsvirkjun sem gætu virkjað á svæðinu.

Niðurstaða matsnefndarinnar kemur landeigendum þó lítið á óvart, segir Vilhjálmur. Nefndin virðist í aðalatriðum byggja á mati á vatnsréttindum vegna Blönduvirkjunar. Það hefði töluglöggur maður reiknað á einum degi, en nefndin hafi verið mánuði að því og taki um 20 milljónir fyrir. Vilhjálmur gagnrýnir að nefndin hafi fengið að sjá raforkuverð til álvers í Reyðarfirði, sem landeigendur og þeirra lögmenn hafi ekki fengið að sjá.

„Ég held við höfum kannski búist við þessu, en þetta eru engu að síður mjög mikil vonbrigði fyrir okkur, okkar kröfur voru byggðar á miklu hærri upphæðum," segir Jónas Guðmundsson, formaður Félags landeigenda við Jökulsá á Dal. Í félaginu er mikill meirihluti landeigenda við Jökulsá á Dal, um 40 talsins.

Jónas segir að engin ákvörðun hafi verið tekin um það hvort málinu verði skotið til dómstóla. Aðilar hafi sex vikur til þess og málið verði skoðað vandlega og haft samráð við lögmenn áður en ákvörðun verði tekin. Þó sé alveg ljóst að einhverjir landeigendur muni láta reyna á málið fyrir dómstólum, spurningin sé bara sú hversu margir þeir verði.

„Við gerðum okkur vonir um að það yrði hugarfarsbreyting við mat á verðmætum þessara réttinda, enda margt sem hefur breyst í umhverfinu og við lagarammann, auk þess sem orkuverð í heiminum er alltaf á uppleið," segir Jónas.

ÚRSKURÐUR FELLUR Mikil eftirvænting ríkti á Hótel Héraði á Egilsstöðum þegar formaður matsnefndarinnar gerði grein fyrir úrskurðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR GUNNARSSON

Hann segir matsnefndina fasta í fortíðinni: „Þeir vitna bara í Blöndusamninginn og nánast bara uppreikna hann með einhverjum smá glaðningi ofaná," segir Jónas. - bj

GAGNRÝNIR AÐFERÐAFRÆÐI NEFNDARINNAR

Niðurstaða meirihluta matsnefndarinnar er ákveðin vonbrigði fyrir vatnsréttarhafa, segir Hilmar Gunnlaugsson, lögmaður vatnsréttindahafa við Jökulsá á Dal. Hann gagnrýnir þá aðferðafræði sem matsnefndin notar, og segir það hafa komið öllum á óvart að miðað væri við að vatnsréttindi ættu að vera í hlutfalli við stofnkostnað virkjunar.

„Maður var að vona að það kæmi ákveðin gagnsæ regla sem gæti nýst almennt við verðmyndun. Ef menn ætla að draga einhvern lærdóm af þessu væri hann sá að því dýrari sem virkjunin er því verðmætari séu vatnsréttindin. Það ætti auðvitað að vera öfugt, því ódýrari sem það er að byggja og nýta vatnsréttindin því verðmætari eru þau," segir Hilmar.

Hann segir það koma verulega á óvart að meirihluti nefndarmanna telji raforkulögin frá 2003 ekki koma málinu við þar sem verið sé að selja til stóriðju.

„Lögin tóku gildi árið 2003 og þá varð raforka markaðsvara, og vatnsréttindi þar af leiðandi. Þeir nota þau rök að þar sem Landsvirkjun sé að selja til stóriðju þá eigi raforkulögin ekki við. Það er verið að segja að vatnsréttarhafar þurfi að beygja sig undir það hvert raforkan verði seld, það er atriði sem á að mati vatnsréttarhafa ekki að koma þeim við. Þetta þýðir að vatnsréttarhafar eru látnir borga samfélagslega kostnaðinn í málinu," segir Hilmar.

Hann segist ráðleggja sínum umbjóðendum að lesa úrskurðinn vel áður en þeir taki ákvörðun, en einhverjir hafi þegar sagst ætla með málið fyrir dómstóla um leið og þeir hafi heyrt fjárhæðina.

SIMPLY CLEVER

SKODA AUTO

Fjölskylduskemmtun árið um kring í boði Skoda

FÁÐU ÁRSMIÐA FYRIR FJÖLSKYLDUNA Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINN

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 7480

SkodaOctavia

Skoda Octavia er þekktur fyrir að vera áreiðanlegur og eyðslugrannur. Nú bjóðum við með í kaupum á nýjum Skoda Octavia kort fyrir alla fjölskylduna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í heilt ár.

Skoda Octavia með 1,9 lítra **TDI**® dísilvél sannar að afl og hagkvæmni geta farið saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

Skoda Octavia – skemmtilegur fjölskyldumeðlimur

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

HREINSAÐ TIL Í PESCO Hópur kvenna hefur fengið það verkefni að hreinsa til í Pesco, hafnarborginni sem varð einna verst úti í jarðskjálftanum í Perú í síðustu viku. Þær eru vopnaðar strákústum, með hjálm á höfði og klút fyrir vitum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Sækja í önnur störf

Enn vantar kennara til starfa í grunnskólum borgarinnar. Formaður Félags grunnskólakennara er bjartsýnn á að umræðan um vandann skili sér í kjaraviðræðum í vor. Fjölmargir kennarar leita annarra starfa.

MENNTAMÁL Grunnskólarnir á höfuðborgarsvæðinu voru settir í gær þótt ekki hafi tekist að manna allar kennarastöður. Menntaráð Reykjavíkurborgar greindi frá því á mánudag að tekist hefði að ráða rúmlega 30 kennara til starfa á 10 dögum og þar með væri mesti vandinn leystur. Samt sem áður vantar enn kennara í um 20 skóla auk þess sem skortur er á öðru starfsfólki í skólunum og á frístundaheimilum.

Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, segir að margir reyndir kennarar hafi hætt kennslu á undanförnum misserum og leitað í önnur störf. Hann segir jafnframt að ungir nýútskrifaðir kennarar skili sér ekki nægjanlega vel inn í skólana. Nægur áhugi er þó á náminu því í júní síðastliðnum útskrifuðust samtals 232 grunnskólakennar frá Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni störfuðu um 4.960 einstaklingar við kennslu í íslenskum grunnskólum árið 2006, þar af voru 85,9 prósent með réttindi. „Réttindakennurum hefur fjölgað undanfarin ár en nú bendir ýmislegt til þess að leiðbeinendum sé að fjölga í reykvískum grunnskólum á ný," segir Ólafur. Víða á landsbyggðinni hefur gengið betur að fá kennara til starfa en á höfuðborgarsvæðinu þar sem þenslan er meiri.

Nýútskrifaður kennari getur fengið um 199.000 krónur í mánaðarlaun við kennslu og hækkar ekki nema um 10.000 krónur taki hann að sér umsjón með bekk.

FYRSTI SKÓLADAGURINN Eftirvæntingin skein úr andlitum þriðju bekkinga í Austurbæjarskóla þegar þeir gengu inn í kennslustofuna og hittu kennarann sinn, Ólínu Ásgeirsdóttur. Í Austurbæjarskóla hafa allar kennarastöður verið mannaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gunnar Haugen, framkvæmdastjóri ráðninga hjá Capacent, segir að kennurum hafi fjölgað í hópi þeirra sem skrá sig hjá atvinnumiðluninni. „Við tókum fyrst eftir þessari aukningu í fyrrahaust og hún hefur haldið áfram. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins skráðu fleiri kennarar sig hjá okkur en allt árið þar á undan," segir Gunnar og bætir því við að fólki með kennaramenntun gangi vel að fá vinnu.

Samningar kennara við sveitarfélögin eru lausir í maí og Ólafur er bjartsýnn á að með vorinu birti til í kjaramálum kennara. „Það hefur orðið ákveðin vakning í samfélaginu varðandi þessi mál án þess að kennarar sjálfir hafi komið þeirri umræðu af stað. Ég vona að ráðamenn geri sér grein fyrir því að það þarf að grípa til aðgerða eigi ástandið eins og það er núna í upphafi skólaársins ekki að verða árlegur viðburður," segir Ólafur.

thorgunnur@frettabladid.is

Benazir Bhutto:

Gerir Musharraf tilboð

PAKISTAN, AP Benazir Bhutto, fyrrverandi forsætisráðherra Pakistans, hefur gert Pervez Musharraf, forseta Pakistans, tilboð um að deila með honum völdum.

BENAZIR BHUTTO

Musharraf gæti þá setið áfram sem forseti eitt fimm ára kjörtímabil í viðbót, en hefði ekki jafn mikil völd og hann hefur haft. Bæði Bhutto og Nawaz Sharif, sem einnig er fyrrverandi forsætisráðherra, gætu jafnframt snúið aftur heim úr útlegð og hugsanlega komist til valda í kosningum.Bhutto og Sharif hafa bæði sagst ætla að snúa aftur til Pakistans fyrir næstu kosningar. - gb

NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST Námskeiðið er haldið í annað sinn fyrir fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra.

Ljósið og Hreyfing í samstarf:

Líkamsrækt fyrir krabbameinsgreinda

FÓLK Ljósið og líkamsræktarstöðin Hreyfing bjóða upp á námskeið sem hefst 3. september. Námskeiðið gengur út á uppbyggjandi og styrkjandi æfingar fyrir fólk sem greinst hefur með krabbamein undir leiðsögn Guðbjargar Finnsdóttur íþróttafræðings.

Ljósið er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Hóparnir verða á mánudögum og miðvikudögum klukkan 13.00 í húsnæði Hreyfingar í Faxafeni 14. Skráning í hópana fer fram í Ljósinu í síma 561-3770. - lbb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Alelda eftir veltu

Karlmaður slapp án teljandi meiðsla þegar hann missti stjórn á bíl sínum á Þjóðvegi eitt rétt vestan við Vatnsdal í fyrrakvöld. Bíllinn fór tvær veltur, varð alelda og er talinn ónýtur. Maðurinn komst út af sjálfsdáðum.

Framkvæmdir í Kópavogi:

Nýbýlavegi lokað í þrjá daga

KÓPAVOGUR Nýbýlavegi verður lokað frá og með deginum í dag til laugardagskvölds, frá Birkigrund vestur að Sæbólsbraut á meðan 132 kV háspennustrengur verður færður.

Ökumönnum er bent á hjáleið um Álfhólsveg og Hamraborg. Ekki verður hægt að komast inn á Hafnarfjarðarveg af Nýbýlavegi meðan á lokun stendur og eru ökumenn beðnir um að fara heldur um Digranesveg. Vegfarendur sem leið eiga að fyrirtækjum við Nýbýlaveg 2-32 er bent á hjáleið um Hamraborg, Skeljabrekku og Auðbrekku. - sbt

Formaður Lögreglufélags Reykjavíkur segir erfitt að manna vaktir:

Lögreglan hefur setið eftir í launum

KJARAMÁL Gríðarlegt álag er á lögreglumönnum höfuðborgarsvæðisins þegar eitthvað er um að vera og örðugt getur reynst að manna vaktir, að sögn Óskars Sigurpálssonar, formanns Lögreglufélags Reykjavíkur.

Að minnsta kosti 35 lögreglumenn hafa sagt upp störfum og þrettán eru í launalausu leyfi. Slíkt leyfi er oftast undanfari þess að lögreglumenn láta af störfum. Langflestir þessara lögreglumanna eru af höfuðborgarsvæðinu.

„Við höfum setið eftir í launaskriðinu. Það hafa allir ætt áfram nema opinberir starfsmenn. Ég held að launamál séu fyrst og fremst ástæða uppsagnanna," segir Óskar. „Svo þegar menn hætta og við fáum ekki aðra starfsmenn eykst álagið á þá sem eftir eru. Menn geta hugsanlega verið að flýja ástand eins og skapast hefur nú þegar allt of margir eru hættir. Álagið á þá sem eftir eru er gríðarlegt.

ERFIÐAR AÐSTÆÐUR Lögreglan þarf oft að vinna við erfiðar aðstæður og ekki minnkar álagið þegar er undirmannað.

Því færri sem við erum þeim mun meira leggst á hvern mann. Þetta er bolti sem hleður utan á sig. Leiðréttingu á launakjörum þarf að koma til framkvæmda sem allra fyrst, þannig að flóttinn haldi ekki áfram. Þá myndum við ekki sjá út úr hlutunum." - jss

Ungir framsóknarmenn:

Fordæma sjálfstæðisráðherra

STJÓRNMÁL Sturla Böðvarsson, fyrrum samgönguráðherra, ber ábyrgð á sóun hundraða milljóna af almannafé og framkoma Árna Mathiesen fjármálaráðherra er engan veginn sæmandi, segir í ályktun frá Sambandi ungra framsóknarmanna.

SUF krefst þess að gerð verði stjórnsýsluúttekt á ráðuneytum þeirra og að þeir axli ábyrgð á Grímseyjarferjumálinu. Þeir hafi sýnt ábyrgðar- og dómgreindarleysi. Verkstjórn þeirra og ákvörðunartaka hafi verið slæleg og Árni hafi beitt bolabrögðum til að sverta Ríkisendurskoðun. Málið sé dæmalaust. - kóþ

Forystumenn innan Starfsgreinasambandsins vilja launahækkanir en ekki áfallatryggingasjóð:

Andstaða við breytingar á sjúkrarétti

VINNUMARKAÐUR Afar skiptar skoðanir eru innan Starfsgreinasambands Íslands um hugmyndir um að stofna nýjan áfallatryggingasjóð á almennum vinnumarkaði. Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segist hafa heyrt skoðanir á báða bóga, menn hafi notað allan tilfinningaskalann til að tjá sig.

„Málið er skammt á veg komið en ég hef kynnt þessar hugmyndir í 22 af 24 félögum í landinu. Það er óhætt að segja að skoðanir eru mjög skiptar, allt frá því að taka þeim vel yfir í það að sjá alla mögulega vankanta og nánast hafna þeim," segir hann.

Sjálfum finnst Kristjáni hugmyndin áhugaverð. „Þetta er óhemjustórt og flókið mál. Ef það gengur eftir þá þarf lagabreytingar til viðbótar við breytingar á kjarasamningum. Þetta gæti orðið af svipaðri stærðargráðu og þegar við stofnuðum lífeyrissjóðina."

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, bendir á að sjö til átta félög með minnst fimmtán þúsund félagsmenn hafni þessu. „Félagsmenn vilja kauphækkanir, ekki breytingar á veikindarétti," segir hann.

Félagið hefur tekið upp fimm nýja styrki upp á síðkastið, til dæmis við heilsurækt og gleraugnakostnað, og hefur Vilhjálmur áhyggjur af því að komi til skerðinga. „Miðað við það litla sem við höfum séð hugnast þessar breytingar okkur ekki. Menn vilja sjá betur um hvað er verið að tala," segir hann.

Stefnt er að því að kynna tillögur og kostnaðarútreikninga fyrir landssambönduunum í september. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, telur að þá skýrist hvort samkomulag geti náðst eða ekki.

VILHÁLMUR BIRGISSON Formaður Verkalýðsfélags Akraness.

Væntingar eru um að taka á kynbundnum launamun og efla endurmenntun í kjarasamningunum. Þá er stefnt að því að lengja fæðingarorlof í tólf mánuði. Vonir standa til að samningaviðræður hefjist á haustmánuðum og þeim verði lokið áður en samningar renna út um áramót. Sjónarmið hafa komið fram um að semja til tveggja ára en það fer eftir því hvernig endurskoðunarákvæði yrðu.

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, leggur áherslu á hækkun daglauna. Hann bendir á að yrði fyrsti veikindadagurinn seldur, eins og í Svíþjóð, „þá væri hægt að hækka laun um liðlega tvö prósent".

ghs@frettabladid.is

Á MIÐNESHEIÐI Bæjarráð Bolungarvíkur vill Ratsjárstofnun til sín.

Bæjarráð Bolungarvíkur:

Ratsjárstöðvum verði fjarstýrt

STJÓRNMÁL Bæjarráð Bolungarvíkur vill flytja Ratsjárstofnun til bæjarins og að öðrum ratsjárstöðvum verði fjarstýrt frá Bolafjalli.

Þetta kemur fram í ítrekun bæjarráðs á bókun frá árinu 2004. Þá sagði forstjóri Ratsjárstofnunar það eina sem útilokaði þetta væri krafa Bandaríkjamanna að starfsemin væri rekin á Miðnesheiði. Nú hafa íslensk stjórnvöld tekið við rekstrinum og því ætti engin fyrirstaða að vera fyrir flutningnum segir í ítrekuninni. - aví

FORESTER SUBARU

SYMMETRICAL AWD

Subaru Forester sameinar það besta úr fólksbíl og jeppa. Hann er lipur í akstri eins og fólksbíll en hefur dráttar- og drifkraft á við marga stærri jeppa.

„Mér finnst stundum eins og ég sé á tveimur bílum. Ég kemst í þröng stæði innanbæjar en dríf síðan í torfærum á landsbyggðinni eins og ekkert sé."

Forester liggur mjög vel á veginum en er samt með mun meiri veghæð en aðrir jepplingar. Hann er á svipuðu verði og venjulegur fólksbíll þrátt fyrir að vera með 158 hestafla vél, sem er mun meiri kraftur en í mörgum stærri jeppum.

„Maður er orðinn of góðu vanur á Forester. Það er í raun ótrúlegt hvað maður fær rosalega mikið fyrir lítið."

Subaru hefur verið seldur á Íslandi í yfir 30 ár. Reynslan af bílnum við þær erfiðu og óvenjulegu aðstæður sem hér eru hefur gert Subaru að samnefnara fyrir endingu, hörku og úthald. Raunar er hvergi selt meira af Subaru miðað við höfðatölu en einmitt á Íslandi.

Það ætti enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru. Spyrðu bara Subarueigendur. Þeir vita af hverju Subaru eru sennilega gáfulegustu bílakaup sem þú gerir:

„Hey, þetta er Ísland!"

VIÐ EIGUM ÖRFÁA FORESTER 2007 EFTIR
200.000 kr. ferðapakki fylgir: upphækkun, heilsársdekk og dráttarbeisli.

Forester **2.590.000,-** Forester PLUS **2.890.000,-** Forester LUX **3.190.000,-**

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Sími 525-8000	Opið: Mán. 10 - 18, þri.-fös. 9 - 18, lau. 12 - 16.	
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464-7940	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990

Allar pottaplöntur á útsölu

30-70%

afsláttur

Risa...risa

Orkideur

ný sending

1199

Garðplöntu-sölunni

lýkur

Rýmingarsala **50% afsl.**

GRÆNA ÞRUMAN
blómaáburður
á tilboði 1 ltr. 599

Gróðurmold 10 ltr. **199** verð áður 399

Öll kerti 30% afsl. fimmtud - sunnud

útsala

blómaval

heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

„ORÐRÉTT“

Lesið á hlaupum

„Skokk samræmist ekki ímynd frönsku vitsmunaverunnar.“

KRISTJÁN G. ARNGRÍMSSON GAGNRÝNIR FRANSKA GAGNRÝNENDUR Á SKOKK FRANSKA FORSETANS.
Morgunblaðið 22. ágúst

Á vit ævintýranna

„Ég veit ekki alveg hvað ég er að fara að læra en samt hlakka ég rosalega til þegar ég byrja að læra.“

SIGNÝ MARÍA GUNNLEIFSDÓTTIR, SEX ÁRA, SEM NÚ ER AÐ BYRJA Í SKÓLA.
Fréttablaðið 22. ágúst

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? PÁLMAR PÉTURSSON, SAGNFRÆÐINGUR OG LAGANEMI

Leggur lokahönd á ljóðabók

„Það er bara sama sagan hjá okkur handboltamönnum á þessum tíma árs,“ segir Pálmar Pétursson, sagnfræðingur og laganemi, sem einnig stendur á milli stanganna hjá handboltaliði Vals.

„Útihlaup, lyftingar, púl og sviti er það helst. Við eigum fyrsta leik núna 7. september í meistaradeildinni. Við keyptum útileikinn þannig að við spilum báða leikina hérna á Íslandi í nýju Vodafone-höllinni á Hlíðarenda.

Svo styttist í að skólinn hefjist með tilheyrandi „bugun“,“ segir hann og útskýrir að það sé svo bugandi að vera í skóla.

„Ég er að skrifa síðustu ljóðin í ljóðabók sem ég ætla að gefa út um leið og það myndast fjárhagslegt svigrúm til þess. Bókin heitir Kapítalisminn og ég, án þess að ég vilji gefa neitt nánar upp um bókina. Fólk verður bara að kaupa hana þegar hún kemur á markað.

Ég er á biðlista eftir einstaklingsíbúð á stúdentagörðum. Veit ekki hvenær ég fæ íbúð þar en vonandi verður það bráðlega.

Ég fékk mér síðu á Myspace.com um daginn eftir að hafa þráast við lengi. Ég get óhikað mælt með þessu fyrir þá sem eru í afneitun eins og ég var. Ég er búinn að kynnast fullt af fólki og eignast nýja vini í gegnum síðuna,“ segir hann að lokum.

BRAUÐRISTIN:
ÓÞEKKTUR UPPFINNINGAMAÐUR

■ Sá siður að rista brauð er ekki mikið yngri en brauðgerðarlistin sjálf. Rómverjar borðuðu til að mynda mikið af ristuðu brauði og siðurinn breiddi úr sér. Til voru alls kyns tangir og tól sem menn notuðu til þess að rista brauð yfir eldi. Ekki er vitað hver fann upp rafmagnsbrauðristina en hún kom fram á sjónarsviðið á fyrstu árum 20. aldarinnar. Sjálfvirka brauðristin með tímastilli og sleppibúnaði varð síðan til á þriðja áratugnum og átti fljótt miklum vinsældum að fagna.

SJÓNARHÓLL
TÓNLEIKAR STUÐMANNA

VIGDÍS GUNNARSDÓTTIR leikkona.

Vantaði Röggu Gísla

„Mér finnst þeir alltaf skemmtilegir þessir unglingar og gaman að þeim. Þeir virðast aldrei ætla að fullorðnast og það er kannski sjarminn við þá. Ég tók þetta nú ekki sérstaklega alvarlega, enda er þetta ekki það versta sem er að gerast í þjóðfélaginu,“ segir Vigdís Gunnarsdóttir leikkona og hlær.

„Þetta voru ókeypis tónleikar og bankinn kemur til með að borga brúsann, svo þetta er allt í lagi. Ég hefði kannski aðeins farið yfir búningana, þeir voru ekki alveg að virka. Þeir hefðu átt að fá bankann til að kaupa almennilegri búninga á sig. Það er auðvitað sjónarsviptir að Röggu Gísladóttur eftir að hún hætti með strákunum. Sem betur fer er hún bara í mínum bekk núna, í hljómsveitinni Heimilistónum.“

Hjólar í kjölfar Leifs Eiríkssonar

Kanadamaðurinn Etienne d'Hauterive vill reka smiðshöggið á eins og hálfs árs hjólreiðatúr um Evrópu með því að ferðast sömu leið heim og Leifur Eiríksson sigldi til Vínlands. Hann á bara eftir að komast að hvernig hann á að fara að því.

ETIENNE D'HAUTERIVE Útbjó sér sérstakan hjálm og fána sem hann notar til að vekja athygli á umhverfismálum sem eru honum kær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Etienne er 21 árs gamall náttúruvinur frá Quebec í Kanada. Fyrir hálfu öðru ári hélt hann til Evrópu á reiðhjólinu sínu með það að markmiði að kynnast álfunni og vekja athygli á umhverfisvernd. „Ég ferðaðist um alla Evrópu, vann fyrir mér sem skíðakennari og náði að safna peningum. Ég var lengst af í Frakklandi en hjólaði þó um alla álfuna.“ Þegar dró að heimför ákvað hann að fara sjóleiðina heim, þar sem það væri umhverfisvænna en flug, og fannst ekki úr vegi að fara sömu leið og talið er að Leifur Eiríksson hafi siglt til Vínlands. „Árið 2000 voru mikil hátíðarhöld á Nýfundnalandi í tilefni af þúsund ára afmæli landafunda Leifs Eiríkssonar og ég þekkti því söguna af honum. Ég ákvað því að tengja saman Evrópu og Ameríku á táknrænan hátt með því að fara sjóleiðis frá meginlandi Evrópu til Íslands og þaðan til Ameríku, sömu leið og Leifur sigldi.“

Etienne hjólaði fyrst til Austur-Evrópu og þaðan til Skandinavíu og tók Norrænu frá Björgvin í Noregi, sem lagði að landi á Seyðisfirði fyrir mánuði. Síðan hefur hann hjólað um landið. Hann hefur líka notað tækifærið til að vekja athygli á umhverfisverndarmálum. „Ég hef skoðað margar náttúruperlur á Íslandi og það vakti athygli mína hversu fyrirferðarmiklir jepparnir eru hér á landi og stundum var ekki nema einn í bílnum. Ég hvet því fólk til að stunda hjólreiðar, því það er afskaplega skilvirkur og ódýr ferðamáti, sérstaklega í borginni þar sem fjarlægðir eru litlar.“

Til að vekja athygli á málstað sínum skartar Etienne forláta hjálmi sem hann útbjó sjálfur, en á honum er uppblásið líkan af jörðinni. „Margir reka upp stór augu þegar þeir sjá mig með þetta en til þess er leikurinn gerður. Ég útbjó líka merki þar sem fimm fjallstindar standa upp úr jörðinni. „Tindarnir tákna fingur og jarðkringlan er lófi; hugmyndin á bak við myndina er að öll skiljum við eftir okkur spor og við þurfum að spyrja okkur hvers konar ummerki við viljum skilja eftir.“

Etienne er nú í Reykjavík og leitar leiða til að komast heim sjóleiðis, sem er þó hægara sagt en gert því engar farþegasiglingar eru héðan og til Kanada. „Ég hafði vonast til að verða heppinn og fá far með einhverju skemmtiferðaskipi,“ segir Etienne. „Það virðast þó vera litlar líkur á því þannig að ég hugsa að ég reyni að finna fragtskip sem er á þessari leið. Ég veit að þau taka yfirleitt ekki farþega um borð en ég vonast til að geta fengið undanþágu. Í versta falli flýg ég til Halifax og hjóla þaðan heim, en það væri gaman að geta siglt þetta og heiðrað minningu Leifs Eiríkssonar.“ Sé einhver á leið til Kanada sjóleiðis og vill bjóða Etienne far er hægt að senda tölvupóst á estebang@animal.com.

bergsteinn@frettabladid.is

Rífur upp matseldina

» Microplane rifjárnin voru þróuð fyrir trésmiði en fljótt spurðist út að þau henta afar vel til matargerðar. Þau eru frábær til að rífa meðal annars engifer, múskathnetur og súkkulaði. Rifjárnin fást í mismunandi grófleikum.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

Myndlistarmaðurinn Tolli víkkar út landamærin með aðstoð Einkaleyfastofu:

Stefnir ekki á bjórframleiðslu

„Nei, það er ekkert á dagskrá að fara að framleiða bjór,“ segir Tolli Morthens og hlær við, þegar hann er spurður hvort hann sé að fara út í brugg eða rekstur.

Tolli fékk nýverið nafn sitt viðurkennt sem vörumerki og um leið einkaleyfi fyrir því.

SKRÁSETT VÖRUMERKI

Meðal þess sem einkaleyfið nær til er fatnaður; skór og húfur, bjór og aðrir áfengir drykkir. Einnig gosdrykkir, ávaxtasafi, þykkni og önnur efni til drykkjargerðar.

Síðast en ekki síst tryggði Tolli sér einkaleyfi á notkun merkisins í skemmti-, menningar- og íþróttastarfsemi.

„Maður fær svona eyðublað og tipsar á það. Bjór hefur löngum verið mér hugleikinn, svo það er ekkert óeðlilegt að ég hafi rambað á hann,“ segir Tolli.

TOLLI MORTHENS Ætlar að halda sig við myndlistina, en hann hefur fengið einkaleyfi á nafn sitt sem vörumerki.

Tolli hefur lengi verið einn vinsælasti myndlistarmaður landsins og segist ætla að halda sig við það áfram. „Hins vegar getur það líka verið myndlist að sækja um einkaleyfi. Það voru menn í Berlín sem settu upp ferðaskrifstofu og seldu miða. Það var svo bara gjörningur. Það eru engin mörk. Þegar myndlistarmaður fær sér lógó á Einkaleyfastofu, þá er hann bara að víkka út landamærin.“ **- kóþ**

NÓATÚN

Tilboð
á lambakjöti af nýslátruðu!

Ótrúlegt verð!

Þú sparar 600 kr. kg

LAMBALÆRI AF NÝSLÁTURÐU
998 kr. kg

Bestir í kjöti, ferskir í fiski og eigum allt á grillið fyrir þig!

LAMBAHRYGGUR AF NÝSLÁTRUÐU
1.598 kr. kg

Nóatún mælir með!

LAMBA SÚPUKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU
779 kr. kg

Nóatún mælir með!

GOÐA DÖNSK LIFRARKÆFA
179 kr. pk.

MYLLU BRALLARABRAUÐ
149 kr. stk.

SPRITE OG SPRITE ZERO
99 kr. 2 l

Helmingi meira!

HOMEBLEST KEX
129 kr. pk.

Opið 9-21

Verði ykkur að góðu!

ACER FARTÖLVUR

FRÁBÆRT ÚRVAL AF ACER FARTÖLVUM Í TÖLVUTEK

ACER 2480

- Intel Celeron M440, 1.86GHz
- 512MB DDR2 533MHz minni
- 80GB ATA 5400RPM diskur
- Combo DVD lesari CD skrifari
- 14,1" WXGA 1280x800 skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- Ótrúlega létt aðeins 2.4KG
- Windows VISTA Home Basic

Acer 2480 fartölvan er frábær ferðatölva í skólann er aðeins 2.4KG og kemur með Windows Vista Basic

46.900

VE12 **4.675** Á MÁN | VE lán í 12 mánuði

ACER TM 5520

- AMD Dual Core X2 TK53 1.7GHz
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA HighBrite skjár
- 256MB Radeon X1250 HM896
- 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Microsoft VISTA Home Premium

Áreiðanleg og örugg TravelMate fartölva úr nýju línu Acer með Dasp harðdiskvörn, kortalesarsara, ofl. ofl.

79.900

VE24 **4.334** Á MÁN | VE lán í 24 mánuði

ACER 5720G

- Intel Core 2 Duo T5250 1.5GHz
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 128MB ATI HD X2300 skjákort
- 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Intel Santa Rosa tækni með 54Mbps þráðlausu neti, FireWire, DVI HDCP og 2.0 Dolby Home Theatre hljóðkerfi

89.900

VE36 **3.549** Á MÁN | VE lán í 36 mánuði

ACER 5720G B

- Intel Core 2 Duo T7100 1.8GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 256MB ATI HD X2300 skjákort
- 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Intel Santa Rosa tækni með 54Mbps þráðlausu neti, FireWire, DVI HDCP og 2.0 Dolby Home Theatre hljóðkerfi

104.900

VE48 **3.343** Á MÁN | VE lán í 48 mánuði

ACER 7520 A

- AMD Dual Core X2 TK53 1.7GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 120GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 256MB GeForce Go7000 skjákort
- 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Ný kynslóð af ferðatölvum frá Acer með tveggja kjarna örgjörva, FireWire, vefmyndavél og 2.1 Dolby hljóðkerfi

86.900

VE12 **4.691** Á MÁN | VE lán í 12 mánuði

ACER 7520 B

- AMD Dual Core X2 TL56 1.8GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 256MB GeForce 8400GS skjákort
- 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Ný kynslóð af ferðatölvum frá Acer með tveggja kjarna örgjörva, FireWire, DVI, vefmyndavél og 2.1 Dolby hljóðkerfi

96.900

VE24 **5.202** Á MÁN | VE lán í 24 mánuði

ACER 7520 C

- AMD Dual Core X2 TL58 1.9GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 256MB GeForce 8400GS skjákort
- 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Ný kynslóð af ferðatölvum frá Acer með tveggja kjarna örgjörva, FireWire, DVI, vefmyndavél og 2.1 Dolby hljóðkerfi

104.900

VE36 **4.099** Á MÁN | VE lán í 36 mánuði

ACER 7720G

- Intel Core 2 Duo T7300 2.0GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 256MB ATI HD X2300 skjákort
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Intel Santa Rosa tækni með 300Mbps Draft-N þráðlausu neti, FireWire, BlueTooth, DVI og 2.1 Dolby hljóðkerfi

116.900

VE48 **3.697** Á MÁN | VE lán í 48 mánuði

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu • Birt með fyrirvara um breytingar og villur

Et þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur

VERÐ VÖRN

þá lækkum við okkar verð á staðnum

ATHUGIÐ!
RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 48 MÁNAÐA

TAKMARKAÐ MAGN

Til afgreiðslu
Strax
á meðan birgðir endast

15.4” ACER OFURFARTÖLVAN

Intel Core 2 Duo
Nýjasti og mjög öflugur Santa Rosa Core 2 Duo örgjörvinn frá Intel með enn meiri hraða!

CRYSTAL BRITE
Einn besti ferðatölvuskjárinn í dag, ótrúleg skerpa og litadýpt ásamt 8ms hraða

256MB 8600GT
Nýjasta og öflugasta skjákortið í dag með 256MB sjálfstætt minni og 1.0GB Turbo Cache

CRYSTAL EYE
Innbyggð 0.3MP Crystal Eye myndavél í skjá með Acer PrimaLite tækni sem skilar meiri myndgæðum

VISTA PREMIUM
Ótrúlegt nýtt grafískt viðmót, meira öryggi, fullkomnir leitarmöguleikar og fleiri nýjungar

300Mbps DRAFT-N
Nýjasti staðallinn í þráðlausu neti með 6x meiri hraða, 3x meiri drægni og áreiðanleika

- Intel Core 2 Duo T7300 2.0GHz 4MB örgörvi
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4” WXGA+ CrystalBrite 8ms skjár
- 256MB GeForce 8600GT skjákort með HDMI
- 2.1 Dolby Home Theatre hljóðkerfi með bassaboxi
- 300Mbps þráðlaust net og BlueTooth 2.0
- Innbyggð 0.3MP Crystal Eye myndavél
- Windows VISTA Home Premium

129.900

VE48 **4.080**
VE lán í 48 mánuði

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

acer 5600 PROG

Svona erum við
> Gjaldþrot félaga 2000-2005



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: HÚSAFRIÐUNARNEFND

Stuðlar að varðveislu byggingararfsins

Húsafriðunarnefnd hefur verið nokkuð í umræðunni upp á síðkastið í tengslum við fyrirhugað niðurrif á tveimur húsum við Laugaveg 4 og 6. Húsin voru byggð á seinni hluta nítjándu aldar.

Sumir vilja vernda húsin og telja þau vera menningarverðmæti því að Íslendingar eigi ekki svo mikið af gömlum húsum, á meðan aðrir telja að rétt sé að rífa þau og nefna þau ýmsum ókvæðisorðum eins og kofar eða skúrar. Hvað sem því líður þá virðast dagar húsanna vera taldir því innan skamms verða teikningar af nýbyggingu, sem á að byggja í þeirra stað, líklega samþykktar hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar.

Hvert er hlutverk Húsafriðunarnefndar?
Nefndin starfar eftir lögum um húsafriðun. Hún á að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar og metur hún það hverju sinni hvaða hús sé rétt að friða og gerir tillögur um það til menntamálaráðherra. Nefndin heldur einnig skrá yfir öll friðuð hús í landinu og metur hvort heimila eigi breytingar á þeim.

Hvaða hús eru friðuð?
Öll hús sem eru byggð fyrir 1850 eru friðuð og allar kirkjur sem byggðar eru fyrir 1918. Samkvæmt lögum um húsafriðun þurfa eigendur allra húsa sem byggð eru fyrir 1918 að sækja um leyfi nefndarinnar til að breyta, flytja eða rífa hús sín.

Hvað felst í friðun húss?
Ef hús hefur verið friðað þá má eigandi þess ekki gera neinar breytingar á því nema með leyfi Húsafriðunarnefndar. Friðað hús er talið hafa menningarbyggingarsögulegt eða listrænt gildi. Ef hús hefur verið friðað geta eigendur þess auk þess sótt um styrki úr Húsafriðunarsjóði til að halda því við.

SPURT & SVARAÐ
YFIRDRÁTTARLÁN HEIMILANNA

Eytt um efni fram

ELNA SIGRÚN SIGURÐARDÓTTIR
Ráðgjafi.

Yfirdráttarlán heimilanna hafa aldrei verið hærri en nú og námu í lok júlí rúmlega 75 milljörðum króna. Elna Sigrún Sigurðardóttir er ráðgjafi hjá Ráðgjafarstöð um fjármál heimilanna.

Verðið þið vör við þessa þróun í ykkar starfi? Já, mér finnst yfirdráttarskuldir hafa aukist meðal okkar viðskiptavina á þessu ári.

Kunnið þið einhverjar skýringar á því? Fólk eyðir einfaldlega um efni fram. Svo hefur aðgengi að lánsfé verið gott svo það er auðvelt að steypa sér í yfirdráttarskuldir.

Hverjir leita helst til ykkar með svona vandamál? Flestir sem leita til okkar hafa lent í veikindum og eru í fjárhagsvandræðum út af því. Þá er slæmt að vera með miklar yfirdráttarskuldir. Nú finnst okkur fjölga því fólki sem hefur ekki orðið fyrir neinum beinum áföllum en er í vanda vegna þess að það hefur eytt um efni fram. Flestir telja vankunnáttu í fjármálum vera eina helstu ástæðu greiðsluörðugleika. Það þyrfti að auka fræðslu um þessi mál.

Skattalækkun undanfari kosninga

Danska ríkisstjórnin hefur kynnt umfangsmikil áform um lækkun tekjuskatts og hækkun útgjalda til velferðarmála. Leiðarahöfundar dönsku blaðanna telja tillögurnar snjallt útspil af hálfu Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra í aðdraganda kosninga sem búizt er við að hann boði til innan skamms, en þeir gefa innihaldi áformanna annars ekki háa einkunn.

Ekki er útséð um það enn hvort áform dönsku ríkisstjórnarinnar um lækkun tekjuskatts hljóti samþykki á þingi þar sem Danski þjóðarflokkurinn, sem stutt hefur hina borgaralegu samsteypustjórn Venstre og Íhaldsflokksins síðastliðin sex ár, telur líkt og stjórnarandstöðuflokkarnir að skattabreytingarnar hygli hinum tekjuhæstu.

Fogh Rasmussen hefur sagzt reiðubúinn til að ræða áformin við alla flokka á þingi. En hann vill að þeim viðræðum verði lokið fyrir 3. september. Hafi þá ekki náðst samkomulag kann að mati stjórnmálaskýrenda svo að fara að forsætisráðherrann sjái sig knúinn til að boða til kosninga, þótt kjörtímabilinu ljúki ekki fyrr en snemma árs 2009. Samkvæmt dönsku stjórnarskránni hefur forsætisráðherrann vald til að rjúfa þing og boða til kosninga hvenær sem er á kjörtímabilinu.

Fé til almannaþjónustu
Samkvæmt áformunum, sem Fogh Rasmussen kynnti ásamt Thor Petersen fjármálaráðherra á blaðamannafundi á þriðjudag, á að verja sem nemur 123 milljörðum íslenskra króna til tekjuskattslækkana á næstu tveimur árum og sem nemur nærri 600 milljörðum króna á næstu tíu árum til að betrumbæta og stækka húsnæði fyrir leikskóla, skóla, elliheimili, sjúkrahús og fleiri slíkar almannaþjónustustofnanir landsins. Þá vill stjórnin verja sem nemur 123 milljörðum króna á næstu fjórum árum í að bæta menntun starfsfólks í umönnunarstörfum, meðal annars.

„Við erum núna í stakk búin til að hleypa nýjum krafti í velferðarsamfélag okkar," sagði Fogh Rasmussen. „Þetta kann að hljóma kostnaðarsamt, en féð er fyrir hendi."

Að mati leiðarahöfundar Jótlandspóstsins styrkja áformin vígstöðu Foghs gagnvart Jafnaðarmannaflokknum í komandi kosningabaráttu, þar sem þau slá vopn úr hendi forystuafls stjórnarandstöðunnar. Jafnaðarmenn hafa haldið því fram, að í stjórnartíð Foghs og borgaralegu flokkanna hafi opinber þjónusta verið fjársvelt. Þessi ásökun verður ekki eins trúverðug í ljósi hinnar boðuðu útgjaldahækkunar til velferðarkerfisins upp á andvirði hundruða milljarða íslenzkra króna.

Höfundar forystugreina Politiken og Information telja félagslega slagsíðu vera á áformunum. Hækkun orkuskatta og lækkun há- og millitekjuskatts fær leiðarahöfund Politiken til að tala um „velferð fyrir suma" en ekki alla.

Vinnuhvetjandi
Meðal þess sem stjórnin vonast til að ná fram með breytingunum er að hvetja danska launþega til að vinna meira, þar sem margir muni geta bætt við sig vinnu án þess að lenda í hærra skattþrepi. Ekki verður hins vegar hreyft við skattprósentunni. Þeir sem lenda í hæsta skattþrepinu greiða eftir sem áður allt að 63 prósent af tekjum sínum til hins opinbera. Aðalbreytingin sem felst í tillögum stjórnarinnar nú er að hækka tekjumörkin í efri skattþrepunum, svo að margir launþegar lækka um skattþrep. Reiknað er með að allt að hálf milljón Dana muni sleppa niður úr milliskattþrepinu svonefnda og um 140.000 úr hátekjuskattþrepinu óvinsæla.

Ennfremur á að hækka skattleysismörkin, sem nýtist vel hinum lægst launuðu og hvetur þá sem eru að hluta til á bótum til að fara út á vinnumarkaðinn. Samkvæmt mati ríkisstjórnarinnar má gera ráð fyrir að skattabreytingarnar verði til þess að á bilinu 8.000 til 10.000 fleiri Danir verði ráðnir í launaða vinnu.

Frjálslynda hugveitan Cepos álítur að tekjuskattsbreytingarnar nái of skammt. Eftir því sem fréttavefur Politiken hefur eftir Mads Lundby Hansen, yfirhagfræðingi hjá Cepos, myndu þeir tíu milljarðar danskra króna – 123 milljarðar íslenskra – sem stjórnin hyggst nú verja til tekjuskattslækkunarinnar, duga til að lækka hæstu hátekjuskattsprósentuna úr 63 í 54 prósent. Að mati Cepos myndi sú aðgerð auka atvinnuframboðið um meira en 15.000 stöðugildi.

Hagvöxtur hjálpar
Það sem gerir stjórninni kleift að boða skattalækkanir nú er gott efnahagsástand. Traustur hagvöxtur – 3,5 prósent árið 2006 – hefur hjálpað stjórninni að reka ríkissjóð með afgangi á sama tíma og atvinnuleysi er nú með allra minnsta móti í landinu. Það mælist nú 3,5 prósent og hefur ekki verið minna í þrjátíu ár.

Samkvæmt áformunum eiga skattahækkanir á húshitun, neysluvatn og rafmagn – svonefndir „grænir skattar" – að hjálpa til við að fjármagna tekjuskattslækkunina.

Skattabreytingarnar verða þannig að miklu leyti tilflutningur á skattheimtu frekar en eiginleg skattalækkun. Enda gera leiðarhöfundar dagblaðanna lítið úr fullyrðingu Foghs um „sögulegt loforð", sem hann talaði um er hann kynnti áformin á þriðjudaginn. Kristeligt Dagblad talar um „fáeinar skynsamlegar fínstillingar," sem þörf hefði verið á að gera á skattkerfinu hvort eð er.

Kosningataktík
Aðrir fréttaskýrendur benda á, að með því að létta á tekjuskattsinnheimtunni hafi Fogh látið undan þrýstingi frá samstarfsflokknum. Það hafi verið formanni Íhaldsflokksins, Bendt Bendtsen, alger nauðsyn að sýna eigin flokksmönnum fram á að hann næði að setja sitt mark á stjórnarstefnuna fyrir komandi kosningar.

Þá vekur ennfremur athygli að ekki var haft fyrir því að þessu sinni að tryggja stuðning Danska þjóðarflokksins við áformin, heldur virðist stjórnin frekar treysta á að þingmenn Radikale venstre og Ny Allianse tryggi þeim þingmeirihluta. Náist þingmeirihlutinn ekki verður að öllum líkingum boðað til kosninga og þykir dönskum stjórnmálarýnum langlíklegast að þeim lykti með því að Fogh haldi áfram um stjórnartaumana á næsta kjörtímabili, sennilega með stuðningi miðflokkanna í stað Þjóðarflokksins.

BÆTIR VÍGSTÖÐUNA Danski forsætisráðherrann Anders Fogh Rasmussen kynnir áformin í Kaupmannahöfn á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HELZTU ATRIÐI ÁFORMANNA

■ Andvirði 123 milljarða íslenzkra króna á að verja til tekjuskattslækkana á næstu tveimur árum.

Tekjuskattslækkanirnar verða með þeim hætti að hækka tekjumörkin fyrir hærri skattþrepin, svonefnd milli- og hátekjuskattþrep. Með því sleppa allt að 500.000 danskir skattgreiðendur við millitekjuskattinn og 140.000 við hátekjuskattinn. Ekki verður þó hreyft við prósentu skattþrepanna, en hátekjuskatturinn nær allt upp í 63 prósent.

Á móti verða neyzluskattar af vatni, hita og rafmagni hækkaðir og hætt við aðra skattalækkun, sem átti að lækka frekar vinnutengd gjöld fyrirtækja.

■ Nærri 600 milljörðum króna verður varið á næstu tíu árum til að betrumbæta og stækka húsnæði fyrir leikskóla, skóla, elliheimili, sjúkrahús og fleiri slíkar almannaþjónustustofnanir Danmerkur.

■ Þá vill stjórnin verja andvirði 123 milljarða króna á næstu fjórum árum í að bæta menntun starfsfólks í umönnunarstörfum.

FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

heima Ondvegi

LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR

ÚTSÖLUNNI LÝKUR LAUGARDAGINN 25. ÁGÚST

ENN MEIRI AFSLÁTTUR

RAFEMAR, **KRISTALIA, KASTHALL, CHATEAU** D'AX,
CALL**IGARIS, HÜLSTA OG JE**NSEN.

heima Ondvegi

HEIMA HÚSIÐ

Síðumúla 30 • Sími 568 4242 • www.heimahusgogn.is • heima@heimahusgogn.is
Opið: Virka daga 10-18, laugardaga 11-16

Útgjöldin
> Miðaverð í Þjóðleikhúsið:



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: MARÍANNA CLARA LÚTHERSDÓTTIR LEIKKONA

Stolt af barnabókasafninu

„Verstu kaupin sem ég man eftir eru spariskór sem ég fékk þegar ég var lítil. Þetta voru ótrúlega flott appelsínugul stígvél sem ég hlakkaði mikið til að nota. Ég óx samt mjög fljótt upp úr þeim og man vel hvað mér þótti ótrúlega mikil spæling að komast ekki í þá þegar ég hafði hugsað mér að fara í afmæli í þeim," segir Maríanna Clara Lúthersdóttir leikkona þegar hún er spurð út í verstu og bestu kaup ævi sinnar. „Hins vegar man ég líka eftir hraðsuðukatli sem virkaði ekki betur en svo en hann sprakk stuttu eftir að ég keypti hann og ég kom mér aldrei til þess að skila honum," segir Maríanna sem hugsar með hryllingi til hraðsuðuketilsins.

„Bestu kaupin eru svo ábyggilega íbúðin mín. Þetta er ponsulítil 40 fermetra íbúð í Þingholtunum. Ég keypti hana rétt áður en allt fór að hækka, annars hefði ég líklega ekki haft efni á henni. Ég hef búið í henni í um þrjú ár en fæ ennþá notalega tilfinningu þegar ég sný lyklinum í skránni á útidyrahurðinni. Hún passar fullkomlega utan um mig og líf mitt. Sjálf ólst ég upp rétt hjá og veit ekki um betri stað til að búa á. Það eru fá hverfi á höfuðborgarsvæðinu þar sem jafnmikill þverskurður af samfélaginu er saman kominn. Hér eru allar tegundir fólks ólíkt mörgum öðrum hverfum þar sem öll húsin virðast eins og fjölskyldurnar í þeim líka. En af því ég er að tala um góð kaup þá verð ég líka að nefna bókasafnið mitt. Það er í heild frábær kaup þótt ég sé sérstaklega stolt af barnabókasafninu mínu en nær allir vasapeningar mínir fóru í bækur sem ég keypti í fornbókabúð á Laugavegi. Ég sé ekki eftir þeim kaupum."

HÚSRÁÐ

SALATVINDAN

■ *Magnús F. Ólafsson, lífskúnstner og matgæðingur, borðar bara salat sem hefur verið hreinsað í salatvindu.*

„Það vita allir hvað það getur verið hvimleitt að borða blautt salat, eins og skepna úti í haga. Þess vegna kemur salatvindan, sem uppátækjasamir vinir mínir gáfu mér, sér afskaplega vel. Ég hendi salatinu í vinduna ásamt smá vatni, svo ýti ég á hnapp sem þeytir salatinu til í hringi á ógnarhraða. Salatið þurrkast í því ferli og verður tilbúið til átu hreint og betra en áður: laust við súrheysfnykinn sem gjarnan er af pokasalati. Núna borða ég bara brakandi þurrt og ferskt salat. Salatvindan hefur gert mig að betri manni."

■ **Dýrast/ódýrast**

Líkamsræktarkort

Nú er sá árstími þegar líf fer að færast í líkamsræktarstöðvarnar á ný. Fréttablaðið kannaði verð á þriggja mánaða líkamsræktarkortum í nokkrum helstu líkamsræktarstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Dýrast var kortið í World Class en þar kosta þrír mánuðir 21.900 krónur. Ódýrast er líkamsræktarkortið í Gym 80, á aðeins 9.900 krónur. Verðið er oft lægra í minni líkamsræktarstöðvunum; þannig kosta þrír mánuðir í Árbæjarþreki til dæmis 14.400 meðan þriggja mánaða kort hjá Iceland Spa and Fitness-keðjunni kostar 19.900 kr. Þá er vert að minna neytendur á að skoða vel tilboð líkamsræktarstöðvanna, skólafólki og ýmsum öðrum hópum nú í byrjun haustsins.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Kraftmiklar ryksugur fyrir öll heimili

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er fáanlegt með vélini.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele ryksugurnar.

Verð frá kr.: 15.990

www.eirvik.is

EIRVÍK *-hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

SPARAÐ MEÐ HJÁLP NETSINS Ragnar hefur fengið góð viðbrögð síðan vefurinn var opnaður. Hann segir að Íslendingar séu feimnir við að ræða fjármál sín en bendir á að nota megi dulnefni á spjallborðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sparað með Skotsilfri

Skotsilfur er ný vefsíða sem fjallar um persónuleg fjármál og sparnað. Á síðunni má finna ýmsar leiðir til að auðvelda sparnað auk þess sem notendur geta þar rætt saman um fjármál sín.

Ragnar Freyr Pálsson er maðurinn á bak við Skotsilfur. Ragnar er grafískur hönnuður og hefur í gegnum tíðina sett upp fjölmarga vefi. Hann segir að hugmyndin á bak við Skotsilfur hafi kviknað þegar hann fór sjálfur að taka til í sínum fjármálum.

„Fyrir hálfu ári fór ég fyrst raunverulega að hugsa um eigin fjármál. Fyrir þann tíma hafði ég einfaldlega meinloku fyrir þeim en þarna ákvað ég að nú væri nóg komið og fór að fræðast um persónuleg fjármál. Í kjölfarið fann ég að það vantaði upplýsingaveitu og umræðuvettvang á íslensku um málefnið. Upplýsingaveitu sem byrjaði á grunninum og væri ekki að flækja málin með tali um vísitölur, verðbólgu og stýrivexti," segir Ragnar, sem vill taka það fram að sjálfur sé hann ómenntaður í þessum fræðum.

Á síðunni má finna greinar um persónuleg fjármál og ýmsar skrár sem Ragnar hefur útbúið og fólk getur hlaðið niður sér að kostnaðarlausu. Skrárnar eru settar upp í Excel og auðvelda fólki að setja upp heimilisbókhaldið, fylgjast með sparnaði sínum og eyðslu. Þá er einnig spjallborð á síðunni þar sem notendur geta rætt saman um fjármál sín.

Ragnar segir allt of algengt að fólk fresti því að byrja að spara. „Sögnin að spara virðist hafa svolítið neikvæða merkingu. En svo ætti ekki að vera. Sparnaður er eitt besta tólið til að byggja upp persónulegan auð fyrir venjulegt fólk á venjulegum launum," segir hann og bætir því við að fólk megi heldur ekki ætla sér of mikið.

„Sparnaður er eins og hver önnur atferlisbreyting. Ef fólk ætlar sér of mikið springur það á limminu.

Gott er að byrja rólega, setja sér skýr markmið og kíkja á hvar sé hægt að gera breytingar. Oftast er hægt að draga eitthvað úr neyslukostnaði með smá skipulagningu og leggja svo hluta af launum sínum inn á sparireikning," segir Ragnar.

Slóðin á Skotsilfur er www.skotsilfur.com. **thorgunnur@frettabladid.is**

MATUR & NÆRING BERTHA MARÍA ÁRSÆLSDÓTTIR NÆRINGARFRÆÐINGUR

Mataræði og sykursýki

Góð stjórnun blóðsykurs er aðalatriði við meðferð sykursjúkra og er það gert með réttu mataræði og lyfjum ef þurfa þykir. Mataræði sykursjúkra byggist á almennu hollu fæði þar sem reynt er að sneiða hjá miklum viðbættum sykri.

Ráðleggingar um mataræði sykursjúkra hafa breyst nokkuð í tímans rás þar sem þekking á sjúkdómnum og eðli hans hefur aukist en einnig hefur fæðuframboð aukist mjög mikið. Áður þótti nauðsynlegt að forðast eingöngu hvítan sykur en í dag er vitað að fjölbreytni og hollusta skiptir meginmáli í mataræði sykursjúkra, eins og í mataræði annarra.

Kolvetnin eru orkugjafar líkamans eins og prótín og fita og gegna lykilhlutverki við stjórnun blóðsykursins. Kolvetni eru, auk hvíta sykursins, ávaxtasykur í ávöxtum, mjólkursykur í mjólk og sterkja í brauði, kartöflum, hrísgrjónum og pasta. Allar þessar vörur teljast til hollrar fæðu fyrir sykursjúka. Það er alls ekki ráðlegt að sneiða hjá kolvetnaríkri fæðu heldur neyta hennar í hæfilegum skömmtum til þess að blóðsykurinn haldist innan eðlilegra marka. Sérstaklega ætti þó að varast drykki, svo sem gosdrykki, sem innihalda mikinn viðbættan sykur og auðvelt er að innbyrða mikið magn af á skömmum tíma. Þetta á einnig við um ferska ávaxtasafa og mjólk þar sem tilhneiging er til þess að nota þá sem svaladrykki.

Ef blóðsykur mælist hækkaður er fyrsta ráðið að skera niður neyslu sætinda og annars óþarfa. Í öðru lagi þarf að gæta að því að borða hæfilega skammta af hollri fæðu á matmálstímum. Hæfilegt er að borða morgunmat, morgunkaffi, hádegisverð, miðdagskaffi og kvöldverð. Hver máltíð ætti að vera hæfilega stór með tilliti til kolvetna þannig að blóðsykurinn hækki einungis innan eðlilegra marka. Holl fæða samanstendur m.a. af ávöxtum og grænmeti, fitulitlum mjólkurvörum, grófu kornmeti og brauði, mögru kjöti og ferskum fiski.

Dæmi um hæfilegar máltíðir gæti verið: súrmjólkurdiskur með grófu korni í morgunverð, ávöxtur miðmorguns, skyr ásamt brauðsneið og ávexti í hádeginu, hrökkbrauð í kaffitímanum og svo 1-2 litlar kartöflur með fisknum og grænmetinu, sem hylur hálfan diskinn, í kvöldverð.

Síðast en ekki síst er það dagleg hreyfing sem helst getur lækkað blóðsykur og stuðlað að betri heilsu á fjölmörgum öðrum sviðum. Ganga, hlaup, sund, hjólreiðar, garðvinna og ótalmargt annað í sextíu mínútur á dag getur bætt heilsu og lengt lífið svo um munar.

Það er því hæfileg neysla hollrar fæðu ásamt ótakmarkaðri hreyfingu sem er hornsteinn að góðri heilsu þegar sykursýki er orðin ferðafélagi í lífinu. **ww.mni.is**

Í túninu HEIMA

BÆJARHÁTÍÐ MOSFELLSBÆJAR
DAGSKRÁ DAGANA 23. - 26. ÁGÚST 2007

FIMMTUDAGUR 23. ÁGÚST

20:30 ÍÞRÓTTAVÖLLURINN AÐ VARMÁ
Mosfellsbær býður bæjarbúum til útitónleika í tilefni af 20 ára afmæli bæjarins. Stuðmenn og Gildran leika.
Björgunarsveitin Kyndill sér um öryggisgæslu og skátarnir selja heitt kakó.

FÖSTUDAGUR 24. ÁGÚST

10:00
Bókasafn Mosfellsbæjar í Kjarna
Möguleikhúsið sýnir leikritið ***Langafi drullumallar*** fyrir 4 ára börn úr leikskólum Mosfellsbæjar.

Íþrótta- og útivistardagur barna: Dagskrá unnin af kennurum grunnskóla Mosfellsbæjar.

Hljómsveitir á vegum félagsmiðstöðvar bæjarins leika í sal Varmárskóla.

13:00 – 17:00 LISTASALURINN Í KJARNA
Mosfellingar samtímans
Bæjarblaðið Mosfellingur sýnir fjölda ljósmynda í eigu blaðsins í tilefni af 5 ára afmæli.

16:00 BÆRINN SKREYTTUR Í 4 LITUM
Bæjarbúar hvattir til að skreyta bæinn í 4 litum eftir hverfum.
Mosfellsbæ verður skipt upp í fjóra hluta og hefur hver hluti sinn sérstaka lit (gulur, rauður, grænn eða blár).
Höfðar, Hlíðar, Tún og Mýrar – gulur.
Tangar, Holt og miðbær – rauður.
Teigar, Krikar, Lönd, Ásar, Tungur og Dalur – grænn.
Reykjahverfi – blár.

17:00 BÆJARLEIKHÚSIÐ
10 – 12 ára leikarar Leikfélags Mosfellssveitar sýna spunasöngleikinn ***Ofviðrið á sviði***.

SETNING HÁTÍÐAR:

19:45 YFIR ÍÞRÓTTASVÆÐINU AÐ VARMÁ
Magnús Norðdal listflugmaður sýnir kúnstir í háloftunum.

20:00 DAGSKRÁ Í ÍÞRÓTTAHÚSINU AÐ VARMÁ
Setningarávarp Ragnheiðar Ríkharðsdóttur bæjarstjóra.
Heiðursborgari Mosfellsbæjar heiðraður.
Ávarp forseta bæjarstjórnar Karls Tómassonar.
Tríó Björns Thoroddsen og Andrea Gylfadóttir.
Skrúðganga út í brekkur.

DAGSKRÁ Í ULLARNESBREKKUM
Varðeldur tendraður.
Björgvin Franz Gíslason skemmtir.
Eldblástur og stomp.
Dúettinn Hljómur leiðir brekkusöng.
Skátar úr Mosverjum selja heitt kakó.
Kyndlar tendraðir í lok dagskrár.

Bílastæði við íþróttahús, Hlégarð og Brúarland.
Göngustígur liggur meðfram Varmá, yfir göngubrú og að dagskrársvæði.
ATH: Engin umferð bíla er leyfð inn á svæðið.

LAUGARDAGUR 25. ÁGÚST

10:00 – 13:00 ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN AÐ VARMÁ
Regnbogahlaupið. Mannræktin ATORKA skipuleggur hringhlaup á fellin fjögur umhverfis Mosfellsbæ (Helgafell, Reykjafell, Reykjaborg og Úlfarsfell). Gert er ráð fyrir þremur klukkustundum fyrir þá sem eru í góðri þjálfun. Orkudrykkir í boði á toppi hvers fells.

Varmárvöllur: Frjálsíþróttadeild Aftureldingar býður til Meistaramóts öldunga.

11:00 – 13:00 FLUGVÖLLURINN TUNGUBÖKKUM
Módelflugáhugamenn setja vélar sínar á loft ef veður leyfir.

11:00 – 18:00
Stekkjarflöt: Skátafélagið Mosverjar. Ratleikur fyrir alla aldurshópa með léttum þrautum. Veitingar, grín og glens fyrir fólk á öllum aldri.

Hlíðarvöllur: Púttflatir Golfklúbbsins Kjalar opnar fyrir alla sem langar að prófa að pútta. Í klúbbhúsinu eru veittar nánari upplýsingar.

Ratleikur á hestum: Ræst verður í Laxnesi kl. 11.00. Riðið um Kýrgil, þar sem silfur Egils Skallagrímssonar er falið og þaðan yfir Mosfellið, niður bakka Leirvogsár og komið í mark við Harðarból. Vegleg verðlaun í bæði unglingaflokki og meistaraflokki.

Íþróttasvæðið að Varmá: Fló og fjör heldur flóamarkað í tjaldi við Íþróttamiðstöðina. Allt á að seljast, klinkið í fullu gildi.

12:00 – 16:00 ÁLAFOSSKVOS
Varmársamtökin með útimarkað. Seld verður fersk lífræn matvara, blóm og handverk ásamt því að boðið verður upp á veitingar og ýmsa skemmtan.

12:00 – 17:00 ÚTIMARKAÐUR MOSSKÓGA Í MOSFELLSDAL
Grænmeti frá Mosskógum, silungur frá Heiðarbæ, rósir frá Dalsgarði o.fl. o.fl.

13:00 – 17:00 LISTASALURINN Í KJARNA
Mosfellingar samtímans
Bæjarblaðið Mosfellingur sýnir fjölda ljósmynda í eigu blaðsins í tilefni af 5 ára afmæli.

13:00 – 18:00 SÝNINGARHÖLL
Íþróttahúsið að Varmá: Fyrirtæki, klúbbar, félagasamtök og einstaklingar kynna starfsemi sína. Ýmislegt í boði, m.a. hestaferð, teymt undir börnum – hoppkastali o.fl.

Ferðasafn stærðfræðisafnsins Mathematikum frá Þýskalandi: Safnið hefur verið sett upp víða um heim og þar er að finna verkefni og þrautir af ýmsum toga. Þar getur fjölskyldan fundið viðfangsefni við sitt hæfi. Sýningin er í Íþróttamiðstöðinni að Varmá.

„Komið að dansa" – Hópur fjörugra dansáhugamanna hvetur gesti til að dansa með.

DAGSKRÁ Á HÁTÍÐARSVIÐI Í SÝNINGARHÖLL
Kl. 13:30 Álfarnir Þorri og Þura skemmta börnum.
Kl. 14:00 Hljómsveitir frá Félagsmiðstöðinni Bólinu stíga á svið.
Kl. 15:00 Ragnar Bjarnason ásamt kvartett Reynis Sigurðssonar.
Kl. 16:30 Fimleikasýning fimleikadeildar UMFA.
Kl. 17:00 Leikfélag Mosfellssveitar með dagskrá.

13:00 – 18:00
„Borhola 13" – Mosfellsbær er uppspretta heita vatnsins! Orkuveita Reykjavíkur með opið hús í dælustöðinni við Dælustöðvarveg í Reykjahverfi.

14:00 VARMÁRVÖLLUR
Hundasýning: Hundaræktunarfélag Íslands.

16:00 GLJÚFRASTEINN
„... og fjöllin urðu kyr" – Hátíðardagskrá í tilefni 20 ára afmælis Mosfellsbæjar. Bjarki Bjarnason og Sigurður Ingvi Snorrason hafa tekið saman dagskrána sem er fléttuð úr tónlist, sögum og veruleika úr Mosfellsbæ og -sveit fyrr og síðar, m.a. með augum Nóbelskáldsins. Flytjendur: Eyjólfur Eyjólfsson, Sigurður Ingvi Snorrason, Anna Guðný Guðmundsdóttir, Hávarður Tryggvason, Bjarki Bjarnason og Þórunn Lárusdóttir.

15:45 – 16:00 FLUGKLÚBBUR MOSFELLSBÆJAR
Hópflug yfir hátíðarsvæðið.

16:00 VARMÁRVÖLLUR
Verðlaunaafhending og tilnefning: Sigurvegari í unglingaflokki og meistaraflokki í ratleik hestamanna.
Litaglaðasti bæjarhluti Mosfellsbæjar tilnefndur.
Afhending umhverfisviðurkenninga.

16:17 ÓLYMPÍULEIKAR MOSFELLSBÆJAR
Starfsmenn fyrirtækja keppa í ýmsum þrautum með ólympísku ívafi.

17:00 LISTASALUR MOSFELLSBÆJAR Í KJARNA
Tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar með tónleika.

18:00 GÖTUGRILL
Íbúar Mosfellsbæjar halda götugrill í vel skreyttum götum bæjarins.

23:30 HLÉGARÐUR
Stórdansleikur Þruma og eldinga
Hljómsveitin Gildran leikur fyrir dansi.

SUNNUDAGUR 26. ÁGÚST

12:00 - 14:00 VARMÁRVÖLLUR
Frjálsíþróttadeild Aftureldingar býður til Meistaramóts öldunga.

13:00 – 17:00 SÝNINGARHÖLL
Íþróttahúsið að Varmá: Fyrirtæki, klúbbar, félagasamtök og einstaklingar kynna starfsemi sína. Ýmislegt í boði, m.a. hestaferð, teymt undir börnum, dagskrá fyrir leikskólabörn, hoppkastali o.fl.

Ferðasafn stærðfræðisafnsins Mathematikum frá Þýskalandi: Sýning heldur áfram frá deginum á undan.

„Borhola 13" – Mosfellsbær er uppspretta heita vatnsins! Orkuveita Reykjavíkur með opið hús í dælustöðinni við Dælustöðvarveg í Reykjahverfi.

Fornbílaklúbbur Íslands: Fornbílar félagsmanna í FBÍ verða til sýnis við Íþróttahúsið að Varmá.

Golfklúbburinn Kjölur: Unglingaeinvígið í Mos nú haldið í þriðja sinn og er sem fyrr um að ræða boðsmót þar sem fimm stigahæstu drengjum og þremur stigahæstu stúlkum í öllum aldursflokkum á Kaupþings-mótaröð GSÍ, að loknum fjórum mótum, er boðin þátttaka.

Tíu keppendur hefja leik í hverjum aldursflokki og er leikið frá rauðum teigum að hvítum og frá fyrstu holu til sjöundu, en þá standa eftir þrír keppendur í hverjum aldursflokki sem keppa til úrslita ásamt sigurvegaranum frá því í fyrra.

14:00 BÆJARLEIKHÚSIÐ
Leiksýning Leikfélags Mosfellssveitar. 13–16 ára leikarar Leikfélags Mosfellssveitar sýna leikritið ***Ofviðrið*** eftir Shakespeare.

DAGSKRÁ Á HÁTÍÐARSVIÐI Í SÝNINGARHÖLL
Kl. 13:30 Álfarnir Þorri og Þura skemmta börnum.
Kl. 14:00 Fimleikasýning fimleikadeildar UMFA.
Kl. 14:30 Álafosskórinn – Stjórnandi: Helgi R. Einarsson.
Karlakór Kjalnesinga – Stjórnandi: Páll Helgason.
Kammerkór Mosfellsbæjar – Stjórnandi: Símon H. Ívarsson.
Mosfellskórinn – Stjórnandi: Páll Helgason.
Reykjalundarkórinn – Stjórnandi: Íris Erlingsdóttir.
Vorboðarnir – Stjórnandi: Páll Helgason.
Samsöngur kóranna við undirleik Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar. Stjórnandi: Daði Þór Einarsson.
Kl. 16:00 Hin vinsæla hljómsveit Sprengjuhöllin leikur í boði OR.
Kl. 17:00 Formlegri dagskrá í íþróttahúsi lokið.

13:00 – 16:00 VIÐ ÍÞRÓTTAHÚSIÐ AÐ VARMÁ
Leikskólabörn með dagskrá.

17:00 DAGSKRÁRLOK

GÓÐA SKEMMTUN!

DAGSKRÁ EINNIG Á WWW.MOS.IS

BÆJARUTGERÐIN · A4 HÖNNUNARSTOFA

Vefurinn: **Remember the milk**

Rafræn útgáfa af minnismiðum sem fólk límir á skjáinn hjá sér. Láttu tölvuna minna þig á fundinn, og ekki gleyma mjólkinni.

www.rememberthemilk.com

tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

SKÝRING: MYNDDISKASTRÍÐ HD DVD OG BLU-RAY

Enginn sigurvegari í keppni um hylli neytenda

Stríðið milli mynddiskastaðlanna HD DVD og Blu-Ray stendur sem hæst, og berjast forsvarsmenn fyrirtækjanna sem standa að baki diskunum fyrir því að þeirra staðall verði ofan á í vinsældum.

Síðasta uppákoman varð fyrir nokkrum dögum þegar talsmenn Paramount-kvikmyndaversins, ásamt Dreamworks, tilkynntu að fyrirtækin myndu aðeins gefa sínar myndir út á HD DVD-diskum, en ekki Blu-Ray. Lengi vel þótti Blu-Ray hafa yfirhöndina, eftir að Blockbuster-mynddiskaleigukeðjan í Bandaríkjunum valdi þann staðal fram yfir HD DVD, en nú virðist sem keppnin sé orðin jafnari.

Mynddiskarnir bjóða báðir upp á mun meiri mynd- og hljóðgæði en hefðbundnir DVD-diskar, en sérstaka spilara þarf til þess að spila hvora tegund diskanna fyrir sig.

Vegna þess að enn hefur enginn einn staðall orðið ofan á, og margar kvikmyndir koma út á annarri tegund diskanna en ekki hinni, hafa margir veigrað sér við því að kaupa nýjan og dýran spilara af ótta við að hinn staðallinn sigri. Með vali Paramount og Dreamworks á HD DVD-tækninni lítur út fyrir að stríðinu muni ekki ljúka í bráð og fyrir vikið halda margir sig enn við DVD-diska, þó tæknin á bak við þá sé orðin nokkuð gömul og gæðin langt frá því sem nýjustu sjónvarpstæki bjóða upp á í dag.

Með harkalegri baráttu sinni um hylli neytenda hefur aðstandendum Blu-Ray og HD DVD, Sony annars vegar og Toshiba ásamt fleiri fyrirtækjum hins vegar, þannig tekist að fæla þá frá nýrri og betri tækni og aftur í faðm DVD-tækninnar.

TÆKNIHEIMURINN

Endeavour komin til jarðar

Bandaríska geimskutlan Endeavour lenti í Flórída á þriðjudag, eftir tveggja vikna leiðangur til alþjóðlegu geimstöðvarinnar. Heimferðinni var flýtt um einn dag af ótta við að stjórnstöð bandarísku geimferðastofnunarinnar, NASA, lenti í fellibylnum Dean sem gengið hefur yfir Karíbahafið og Mexíkó undanfarna daga.

Nýtt japanskt internet

Japanir ætla sér að búa til nýtt internet. Samskiptaráðherra landsins, Yoshihide Suga, hefur sagt að rannsóknir og þróun nýs netkerfis sem á að koma í stað internetsins hefjist von bráðar, og er hugmyndin er að kerfið verði komið í almenna notkun árið 2020. Tæplega níutíu milljónir manns nota internetið að staðaldri í Japan.

Verð Xbox 360 lækkar í Evrópu

Microsoft tilkynnti nýlega að verð leikjatölvunnar Xbox 360 myndi lækka í Evrópu. Áður hafði vélin verið lækkuð í verði í Bandaríkjunum um fimmtíu dali, en verðlækkunin í Evrópu verður svipuð. Hvað vélin mun kosta hérlendis kemur í ljós á morgun, þegar fyrsta sending eftir verðlækkun kemur til landsins.

Skype komið í lag, forsvarsmenn biðjast afsökunar á bilun

Notendur samskiptaforritsins Skype hafa líklega tekið eftir því að þjónustan lá niðri alla síðustu helgi. Forsvarsmenn forritsins hafa beðist afsökunar á þessu, og fullyrða að þjónustan sé komin í samt lag. Plástur fyrir Windows-stýrikerfið, sem endurræsti mikinn fjölda tölva á sama tíma, olli biluninni að sögn Skype-manna, en forritið er oftast stillt á að opnast um leið og tölvan kveikir á sér.

Apple velur dreifingaraðila iPhone í Evrópu

Apple hefur valið fyrirtækin O2, Orange og T-Mobile til þess að dreifa og þjónusta iPhone-síma í Evrópu þegar þeir koma á markað í lok þessa árs. Fyrirtækin þrjú sinna Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi, og er talið að þessi þrjú lönd verði þau fyrstu til að fá símann. Önnur Evrópulönd þurfa að bíða til næsta árs.

Google Earth snúið á hvolf

Myndavélinni hefur verið snúið við í nýjustu viðbót Google Earth, en með henni er hægt að skoða allan himingeiminn eins og hann sést frá jörðinni. Stjörnuskoðunin verður ívið skemmtilegri þegar hægt er að þysja margar milljónir ljósára inn og út, og skoða stjörnumerki og -þokur án áhrifa ljósmengunar.

ÓRÍON Með Sky er hægt að sjá nærmynd af Óríon-stjörnuþokunni sem er í 1.500 ljósára fjarlægð, rétt við mörk samnefnds stjörnumerkis á himninum. MYND/GOOGLE

Viðbótin, sem nefnist Sky, kom út fyrir nokkrum dögum og fylgir nýjustu útgáfunni af Google Earth. Með því að smella á einn takka er hægt að skipta úr myndavél sem skoðar jörðina úr geimnum yfir í myndavél sem skoðar geiminn frá jörðinni. Ef myndavélin var til dæmis yfir húsinu þínu þegar þú skiptir yfir í Sky þá sérðu himininn eins og hann sést úr stofuglugganum þínum.

Alls er hægt að skoða yfir hundrað milljón einstakar stjörnur og um tvö hundruð milljón stjörnuþokur með forritinu, margar hverjar í mikilli nærmynd. Himinninn í Sky er settur saman úr mörg hundruð þúsund ljósmyndum sem teknar hafa verið úr stjörnusjónaukum, meðal annars Hubble.

Í viðtali við fréttavef BBC sagði dr. John Mason, hjá stærsta stjörnufræðifélagi Breta, að forritið kæmi sér mjög vel fyrir þá sem sjá ekki nema nokkra tugi stjarna á himninum vegna mikillar ljós- og loftmengunar. „Ef þetta hjálpar fólki að átta sig á því hvað það er að missa af, þá er það mjög gott," sagði hann.

Til þess að auðvelda fólki að rata um stjörnuhimininn er hægt að sýna ýmsa leiðarvísa um geiminn í Sky, meðal annars stjörnumerki, plánetur í sólkerfinu okkar og merk fyrirbæri sem Hubble-sjónaukinn hefur fest á mynd.

salvar@frettabladid.is

ENDALOK Stjarnan M2-9 lýkur ævi sinni með sprengingu. MYND/GOOGLE

DISKUR Þessi disklaga stjörnuþoka vakti athygli stjörnufræðinga þegar hún fannst árið 2001. MYND/GOOGLE

Árleg tölvuleikjaráðstefna í Þýskalandi um helgina:

Leikjaunnendur í Leipzig

Metal Gear Solid 4, Rock Band, Halo 3 og Pro Evolution Soccer 2008 eru meðal þeirra leikja sem munu njóta einna mestrar athygli tölvuleikjaheimsins á leikjaráðstefnunni sem fram fer í Leipzig í Þýskalandi um helgina. Ráðstefnan er haldin árlega, og er orðin ein sú stærsta í heiminum síðan E3-ráðstefnan í Bandaríkjunum minnkaði töluvert við sig.

Öll stærstu leikjafyrirtækin eru með kynningarbása á ráðstefnunni, og verða fjölmargir blaðamannafundir haldnir á þeim fjórum dögum sem hún stendur yfir. Á mánudag, þriðjudag og miðvikudag var sérstök forráðstefna fyrir leikjahönnuði og forritara, en aðalráðstefnan byrjar í dag. Búist er við um 200.000 gestum.

Ólafur Þór Jóelsson og Sverrir Bergmann, þáttastjórnendur leikjaþáttarins GameTíví á Skjá einum, eru staddir á ráðstefnunni í Þýskalandi. „Við erum sjálfir spenntastir fyrir sýningunum sem stóru leikjafyrirtækin á borð við Sony, EA, Nintendo og Microsoft ætla að halda, en leikurinn Prototype er án efa það áhugaverðasta sem við höfum séð hingað til," segir hann.

AÐ LEIK Ráðstefnan stendur yfir í fjóra daga og er búist við um tvö hundruð þúsund gestum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Skyndinúðlur í boxi

Skyndinúðlur
39 KR.
65g

EKKERT BRUDL

3 Trópí í pakka
129 KR.
Veljið sjálf!

KAKÓMJÓLK
98 KR.
3 saman

3x Kappi kakómjólk

3 Svalar í pakka
69 KR.
Veljið sjálf!

Bónus býður betur!

BOLLUR
kúmen og fittness
159 KR.
320g

Bónus fittnessbollur og kúmenbollur

JÓ jógúrtin frá Mjólku

JÓ jógúrt
49 KR.
150g

Kryddaður ferskur lambabógur

Kryddaður lambabógur
kílóverð nú:
699 KR.
Merkt verð 998 KR.

Blandaðir bitar
kílóverð nú:
275 KR.
Merkt verð 393 KR.

30% afsláttur við kassann

Sparigríss beikon
kílóverð nú:
1049 KR.
Merkt verð 1499 KR.

30% afsláttur við kassann

40% afsláttur við kassann

Hálfúrbeinuð skinnlaus læri
kílóverð nú:
600 KR.
Merkt verð 1000 KR.

Kinda/lambahakk
kílóverð nú:
498 KR.

Blandað kinda/lambahakk

FERSKAR KJÖTVÖRUR

30% afsláttur við kassann

Brún egg
357g nú:
182 KR.
Merkt verð 259 KR.

Myllu heimilisbrauð
98 KR.
770g

Ný uppskera!

Vínarkaffi/ Vínarbaunir
398 KR.
250g

Smyrill 300g
89 KR.

2 lítrar!
89 KR.
Coca-Cola light

Kaffi og kaffibaunir

PÓSTLISTINN
bonus.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
8.308 **+2,15%**

Fjöldi viðskipta: 995
Velta: 13.617 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
EXISTA	4,46%	FØROYA BANKI	0,88%
CENTURY ALUMIN.	4,16%	ICELANDIC GROUP	0,50%
FL GROUP	2,98%	ALFESCA	0,34%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 9,15 +1,11% ... Bakkavör 68,00 +1,64% ... Eimskipafélagið 39,90 +1,14% ... Exista 33,95 +4,46% ... FL Group 25,90 +2,98% ... Glitnir 28,50 +1,60% ... Icelandair 26,55 +0,57% ... Kaupþing 1.173 +1,91% ... Landsbankinn 40,80 +2,13% ... Straumur-Burðarás 20,80 +2,72% ... Össur 107,00 +0,00% ... Teymi 5,40 +1,31%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn

Kröfur í sýnd og reynd

Sýndarveruleiki þarf á ýmsu að halda eins og veruleikinn sjálfur. Eins og kemur fram aftar í blaðinu hefur verið ráðinn yfirmaður hagstjórnar í leiknum Eve Online. Eins konar seðlabankastjóri sem á að sinna því að halda jafnvægi í hagkerfi leiksins. Þarna er á ferðinni vel menntaður maður með sitt doktorspróf í hagfræði. Þessi staðreynd varð mönnum umhugsunarefni þegar ljóst er að sýndarveruleikinn virðist gera meiri menntunarkröfur til embættis seðlabankastjóra en veruleikinn sjálfur. Allavega sá íslenski.

Tækifæri hjá Buffett

Gengi hlutabréfa í Countrywide Financial, einu stærsta fasteignalánafyrirtæki Bandaríkjanna, hækkaði um 10 prósent eftir að fjölmiðlar vestanhafs greindu frá því að auðkýfingurinn Warren Buffett kynni að hafa áhuga á að kaupa hluta af fasteignalánastarfsemi fyrirtækisins.

Countrywide hefur átt við gríðarlega fjárhagsörðugleika að stríða í kjölfar samdráttar á bandarískum fasteignalánamarkaði vegna mikilla vanskila hjá viðskiptavinum fyrirtækisins með litla greiðslugetu. Vanskilin hafa komið lánafyrirtækjum illa en þau hafa horft upp á að sjóðir þeirra gætu tæmst. Varað var við yfirvofandi gjaldþroti Countrywide nýlega, sem þurfti að nýta sér stóra lánaheimild vegna yfirvofandi lausafjárskorts.

MARKAÐSPUNKTAR

Mikill vöxtur hefur verið í gengistryggðum útlánum bankakerfis til heimila. Nema þau nú rúmlega tólf prósentum af heildarskuldum heimila við viðskiptabankana og sparisjóðina samkvæmt Morgunkorni Glitnis.

Fjárnám í eignum jókst um 93 prósent í Bandaríkjunum í júlí miðað við júlí 2006. Er þetta ein birtingarmynd vandamálanna á markaði með áhættusöm húsnæðislán í Bandaríkjunum sem hafa valdið skjálfta á fjármálamörkuðum víða um heim.

Actavis hefur keypt þrjú samheitalyfjaleyfi af svissneska lyfjarisanum Roche. Um er að ræða lyfin Bezalip, Rapilysin og Neotigason. Heildarsala lyfjanna var 140 milljónir svissneskra franka á síðasta ári, sem jafngildir 7,6 milljörðum króna.

Óbreytt landsframleiðsla innan OECD

Landsframleiðsla jókst um 0,6 prósent að meðaltali innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) á öðrum fjórðungi ársins, samkvæmt bráðabirgðatölum stofnunarinnar. Þetta er óbreytt niðurstaða frá fjórðungnum á undan.

Landsframleiðsla jókst mest á milli fjórðunga í Bandaríkjunum og Bretlandi, eða um 0,8 prósent, en viðlíka aukning hefur ekki sést vestanhafs síðan á fyrsta fjórðungi síðasta árs. Í Japan og á Ítalíu dróst landsframleiðsla hins vegar saman á milli fjórðunga og nam 0,1 prósenti sem er með lægsta móti innan OECD. Svipaða sögu er að segja um landsframleiðslu á Evrópusvæðinu en hún dróst saman um 0,4 prósentustig og nam 0,3 prósentum. Ekki liggja fyrir tölur um landsframleiðslu hér á landi en þær verða birtar eftir miðjan næsta mánuð.

ÚR VERKSMIÐJU FORD Landsframleiðsla er óbreytt innan OECD-ríkjanna á milli ársfjórðunga. Nokkru munar þó á milli landa enda jókst hún um 0,8 prósent í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Sé litið til breytinganna á milli ára jókst landsframleiðsla mest í Bretlandi, um 3,0 prósent, en minnst í Frakklandi, 1,3 prósent.

- jab

Fáir samþykktu tilboð Eyjamanna

Eigendur einungis 0,01 prósents hlutafjár samþykktu yfirtökutilboð Eyjamanna ehf. í Vinnslustöðina. Tilboðið, sem hljóðaði upp á 4,6 krónur á hlut, rann út á mánudaginn og hafði þá verið í gildi frá 13. maí.

Tilkynning er væntanleg í dag um niðurstöðu tilboðs Stillu ehf. í Vinnslustöðina. Stillumenn buðu á 8,3 krónur á hlut sem var 85 prósentum hærra en tilboð Eyjamanna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu eigendur óverulegs hluta félagsins hafa samþykkt tilboðið. Reynist það rétt ráða Eyjamenn áfram um fimmtíu prósentum og Stilla 32 prósentum í Vinnslustöðinni.

Eyjamenn ehf. ætla að óska eftir því við stjórn Vinnslustöðvarinnar að félagið verði afskráð. „Það er ekki virk verðmyndun með félagið, hluthafar eru fáir og tilgangurinn með skráningu því lítill. Því fylgja jafnframt talsverður kostnaður og skyldur að vera skráð félag, sem hæfir ekki félagi með jafn þröngan hluthafahóp.“ Þetta segir Sigurgeir B. Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar og forsvarsmaður Eyjamanna ehf. Segir hann hlut Eyjamanna nægilega stóran til að hægt sé að krefjast þessa. Ekkert sé því til fyrirstöðu að þeir hluthafar sem ekki vilji selja eigi áfram bréf í óskráðu félagi.

- hhs

ÚR KAUPHÖLL ÍSLANDS Úrvalsvísitalan hefur hækkað um 8,2 prósent síðustu fjóra markaðsdaga. Sérfræðingur Landsbankans býst við áframhaldandi flökti á mörkuðum, en segir ástandið gott til lengri tíma litið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Átta prósenta hækkun á fjórum dögum

Hlutabréf héldu áfram að hækka í Kauphöll Íslands í gær, fjórða daginn í röð. Úrvalsvísitalan hefur nú hækkað um 8,2 prósent frá því að morgni föstudags í síðustu viku. Exista hefur hækkað um sextán prósent á fjórum dögum. Sérfræðingur segir ástandið til langs tíma gott, þótt áfram megi búast við nokkru flökti.

Mestar hækkanir urðu á bréfum í Existu í gær; 4,46 prósent. Hlutabréf í FL Group hækkuðu um tæp þrjú prósent, Straumur um 2,72 prósent og Atlantic Petroleum um 2,17 prósent. Úrvalsvísitalan hækkaði um 2,17 prósent. Þá styrktist krónan um 1,74 prósent og stendur gengisvísitalan í rétt rúmum 120 stigum. Gengi krónunnar og hlutabréfa hafa farið hönd í hönd undanfarna daga; þegar krónan hefur styrkst, hafa hlutabréf í Kauphöll Íslands hækkað.

„Við bentum á í síðustu viku að kauptækifæri væru farin að myndast á markaðnum. Þær lækkanir sem urðu um daginn voru ef til vill full snarpar. Við teljum að nú sé Úrvalsvísitalan á réttu róli“, segir Katrín Friðriksdóttir, sérfræðingur greiningardeildar Landsbankans.

Exista hefur hækkað mest allra félaga undanfarna daga. Bréf í félaginu hafa hækkað um sextán prósent síðan á föstudaginn. Kaupþing hefur hækkað um ellefu prósent á sama tímabili og bréf í Landsbankanum um rétt tæp níu prósent. Þessar miklu hækkanir koma í kjölfar þriggja vikna lækkunarhrinu sem endaði þann 16. ágúst síðastliðinn. Hafði Úrvalsvísitalan þá lækkað um tæp sextán prósent frá því 23. júlí, þegar hún stóð í 9.006 stigum.

Af samtölum við verðbréfamiðlara má greina hversu mikið spágildi þeir telja þróun á erlendum hlutabréfamörkuðum hafa fyrir hérlend bréf. Nánast sé hægt að athuga hvernig asíski markaðurinn hafi lokað, og hvernig þeir evrópsku hafi opnað, og spá síðan fyrir um gengi bréfa í Kauphöll Íslands þann daginn „Fylgnin við erlenda markaði er orðin svo miklu meiri en áður“, segir Katrín.

Hún telur að áfram verði nokkrar sveiflur á hlutabréfamörkuðum, enda ekki enn komið í ljós hver endanleg áhrif ástandsins á bandaríska fasteignalánamarkaðnum verða: „Við sáum áhrifin af þeirri ákvörðun Bandaríska seðlabankans að lækka skammmtímavexti, þá fylgdu miklar hækkanir í kjölfarið. Við vitum aldrei hverju verður kastað inn á markaðinn og því er svolítið erfitt að spá. Það eru tækifæri á innlenda markaðnum, en líka talsverð áhætta. Til langs tíma litið er hins vegar hægt að segja ástandið gott.“

jsk@frettabladid.is

Beðið eftir nýju stórgreiðslukerfi

Ekki hefði verið í samræmi við meginreglu fyrirkomulags greiðslumiðlunar hefði Seðlabanki Íslands tekið að sér uppgjör viðskipta með hlutabréf í evrum í kauphöllinni hér. Í maí á næsta ári stendur til að Seðlabanki Finnlands taki að sér uppgjörið, en þá hefur hann, ásamt Seðlabanka Evrópu tekið í notkun nýtt miðlægt stórgreiðslukerfi fyrir evrur, svonefnt Target2 kerfi.

Í skýrslu Seðlabanka Íslands, Fjármálastöðugleiki 2007, sem út kom í vor, kemur fram að meginreglan sé að „öll kerfislega mikilvæg greiðslukerfi séu endanlega gerð upp í gegnum stórgreiðslukerfi seðlabanka í viðkomandi landi og miðast við að uppgjör fari fram með fjármunum seðlabanka þ.e. í gjaldmiðli landsins.“ Fram kemur að til að uppgjör greiðslufyrirmæla geti farið fram í evrum þurfi sá banki sem annast og ábyrgist endanlegt uppgjör viðskiptanna að hafa öruggt aðgengi að evrum.

SEÐLABANKI EVRÓPU Seðlabankar evrulanda taka upp nýtt stórgreiðslukerfi fyrir evrur í byrjun næsta árs. Af þeim sökum var ákveðið að bíða með að færa evruuppgjör í OMX kauphöllinni til Finnlands.

„Seðlabanki Íslands hefur ekki ótakmarkað aðgengi að annarri mynt en krónunni,“ segir Guðmundur Kr. Tómasson, staðgengill framkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabankans og formaður samráðsnefndar um samskipti verðbréfamiðstöðva, kauphalla og Seðlabanka Íslands. Guðmundur segir að við þá breytingu að hlutabréf verði hér skráð í evrum einskorðist aðkoma Seðlabankans við að hafa eftirlit með kerfislega mikilvægum greiðslukerfum, en þau þurfi að uppfylla margvísleg skilyrði. Undir það eftirlit fellur meðal annars evruuppgjör kauphallarviðskipta sem hefst í haust til bráðabirgða hjá Landsbanka Íslands, en færist svo til Seðlabanka Finnlands, samkvæmt upplýsingum Verðbréfaskráningar Íslands.

- óká

Flottar fartölvur á frábæru verði!

Satellite Pro L40-136

Örgjörvi:	Intel Core Duo T2130 / 1.86 GHz
Vinnsluminni:	1024MB 533MHz DDR2
Skjár:	15,4" TFT WXGA 1280 x 800
Skjástýring:	Intel GMA 900
Harður diskur:	80GB, S.M.A.R.T
Skrifari:	8x DVD±RW Dual layer
Netkort:	10/100 netkort & 56k v.90 modem
Þráðlaustetkort:	802.11 b/g
Vefmyndavél:	Nei
Mús:	Snertimús
Stýrikerfi:	Windows Home Basic
Ábyrgð:	2 ár
Vörunúmer:	TOSL40136

Aðeins 69.900 kr./stgr.

Gerið verðsamanburð!

	Satellite Pro A200-1KQ
Örgjörvi:	Intel Core Duo T2130/1.86 GHz
Vinnsluminni:	2048MB 667MHz DDR2
Skjár:	15,4" TrueBrite WXGA 1280 x 800
Skjástýring:	Intel GMA 900GML
Harður diskur:	200GB, S.M.A.R.T
Skrifari:	8x DVD±RW Super Multi
Netkort:	10/100 netkort & 56k v.90 modem
Þráðlaust netkort:	802.11 b/g
Vefmyndavél:	Nei
Mús:	Snertimús
Stýrikerfi:	Windows VISTA Business
Ábyrgð:	2 ár
	Vörunúmer: TOSA2001KQ

TOSHIBA

Aðeins 89.900 kr./stgr.

Satellite Pro A200-1A5
Intel Core 2 Duo T7100P/1.8 GHz
1024MB 667MHz DDR2
15,4" TrueBrite WXGA 1280 x 800
Intel GMA 965 Crestline
120GB, S.M.A.R.T
8x DVD±RW Super Multi
10/100 netkort & 56k v.90 modem
802.11 b/g
1,3Mp vefmyndavél
Snertimús
Windows VISTA Business
2 ár
Vörunúmer: TOSA2001A5

TOSHIBA

Aðeins 99.900 kr./stgr.

Pavilion DV6331EU
AMD Turion 64 X2 TL-56 / 1.8 GHz
2048MB DDR2
15,4" Brightview WXGA 1280 x 800
Nvidia GeForce Go 7200
160GB SATA 5400rpm
8x DVD±RW Super Multi
10/100 netkort & 56k v.90 modem
802.11 b/g
1,3Mp vefmyndavél
Snertimús
Windows VISTA Home Premium
2 ár
Vörunúmer: HPGH783EA

hp invent

Aðeins 119.900 kr./stgr.

Satellite PRO A200-1F9
Intel Core 2 Duo T7300 /2.0 GHz
2048MB 667MHz DDR2
15,4" TrueBrite WXGA 1280 x 800
ATI Radeon HD 2600 256 Mb
250GB, S.M.A.R.T
8x DVD±RW Super Multi
10/100 netkort & 56k v.90 modem
802.11 b/g
1,3Mp vefmyndavél
Snertimús
Windows VISTA Business
2 ár
Vörunúmer: TOSA2001F9

TOSHIBA

Aðeins 129.900 kr./stgr.

ODDI SKRIFSTOFUVÖRUR

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-14

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18

skoðun

greinar@frettabladid.is

Fækkun bíla í borginni er gróði fyrir alla.

Blikkbeljan tamin

JÓN KALDAL SKRIFAR

Fyrstu fríkortin í strætó voru afhent námsmönnum í gær. Má segja að þar með sé hafin alvöru tilraun til þess að draga Íslendinga út úr einkabílunum og koma þeim upp á lagið með að notfæra sér almenningssamgöngur. Sjálfsagt er þó full hraustlegt að fullyrða að gjörvöll þjóðin sé þátttakandi í verkefninu; úr þessu verður tæplega hnikað við ást 25 ára og eldri á einkabílnum. Hún er örugglega orðin eilíf.

Ungir námsmenn eru hins vegar kjörinn jarðvegur fyrir tilraunina. Markmiðið hlýtur fyrst og fremst að vera að sá þeirri hugsun í höfuð unga fólksins að hver og einn þarf ekki endilega að eiga bíl til að komast á milli staða í höfuðborginni. Til mikils er að vinna ef sú hugmyndafræði nær að skjóta rótum.

Íslendingar eru bílaþjóð. Um 640 bílar eru á hverja þúsund íbúa, sem er með því hæsta í heiminum. Fullkomlega eðlilegt þykir að tveir bílar séu á hverju heimili, jafnvel þrír ef því er að skipta.

Það er augljós gróði fyrir samfélagið ef tekst að beygja af braut þessarar bílaveðingar. Og helst snúa allnokkur ár til baka. Athugið í því samhengi að bílaeign í höfuðborginni hefur aukist um meira en helming undanfarinn áratug.

Fyrir utan jákvæð umhverfisáhrif af færri bílum: minni mengun, svifryk, hávaði og annar hroði sem fylgir mikilli bílaumferð, er það beinlínis fjárhagslegt hagsmunamál að fækka ökutækjum á götum borgarinnar.

Sífelld þyngri umferð kallar á meiri fjárútlát til viðhalds gatna og byggingar á rándýrum umferðarmannvirkjum á borð við mislæg gatnamót. Samfélagið hefur örugglega ýmislegt betra að gera við skattféð en að eyða því í stórfelld umferðarmannvirki. Og sparnaðinum þarf svo sem ekki að eyða í eitthvað annað, það má auðvitað líka lækka útsvarsprósentuna.

Bílar eru sem sagt kostafrekar skepnur í borgarlandslagi. Hver blikkbelja þarf að minnsta kosti tvö bílastæði, eitt heima og annað að heiman, við vinnustað eða skóla. Og bílastæði taka ekki aðeins mikið pláss og setja leiðinlegan brag á umhverfi sitt þegar þau koma mörg saman, heldur standa þau líka gjarnan á dýrmætum byggingalóðum.

Það á því ekki að koma neinum á óvart að bílastæði við skóla verða ekki ókeypis til frambúðar eins og Fréttablaðið sagði frá í síðustu viku. Í samtölum við borgaryfirvöld í tengslum við frítt í strætó-verkefnið, hefur komið fram að stjórnendur sumra skóla hafa áhuga á að nýta sér tækifærið og koma á gjaldskyldu við skólabyggingarnar. Þetta eru eðlilegar hugmyndir. Það er ekkert athugavert að þeir sem nýti sér bílastæðin greiði fyrir þá þjónustu. Gjaldskyldan myndi örugglega líka virka sem hvati á námsmenn til að nýta sér strætó og þar með létta á umferðinni eins og að er stefnt.

Gísli Marteinn Baldursson hefur verið í forystu strætó-verkefnisins, sem er hluti af metnaðarfullri umhverfisstefnu borgarinnar. Gísli Marteinn hefur sýnt lipra spretti innan meirihluta borgarstjórnar. Hann virðist átta sig á stóru myndinni og er augsýnilega að berjast fyrir einhverri hugsjón. Á sama tíma verður borgarstjóra hans, Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, flest að ógæfu. Samherjar borgarstjórans af hægri vængnum uppnefna hann nú „Villa-Volgabjór“ eftir ólánleg afskipti hans af Vínbúðinni í Austurstræti og segja hann dæmi um „atvinnupólitíkus eins og þeir voru upp á sitt versta alla seinustu öld“ sem „vill gruflast í því hvaða búð sé í hvaða húsi“, svo vitnað sé í Pawel Bartoszek sem skrifar í vefritið Deigluna.

Það er ljóst að ef Gísli Marteinn heldur rétt á spöðunum á hann alla möguleika á því að standa uppi sem foringi sjálfstæðismanna í borginni hafi hann áhuga á því. Borgarstjóri er augsýnilega kominn langt út fyrir sína getu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hlauparar úr ýmsum áttum

Það voru ekki bara þingmenn og fyrrverandi bankastjórar sem hlupu heilt maraþon í Reykjavíkurmaraþoninu á laugardaginn var, eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu. Meðal þeirra sem hlupu heilt maraþon í ár má nefna Gísla Ásgeirsson, þýðanda, pókerþul og bróður Páls Ásgeirs Ásgeirssonar, útivistarkappa með meiru, Goran Kristófer Micic, einka-

þjálfara og fyrrum knattspyrnukappa, sem og sundkappann fyrrverandi Eðvarð Þór Eðvarðsson.

Fyrrverandi talsmaður á hlaupum

Þá vakti það ekki síður athygli að Hjálmar Blöndal Guðjónsson hljóp einnig heilt maraþon og það á alveg ágætis tíma, eða rétt tæpum fimm klukkustundum. Hjálmar Blöndal er þekktur fyrir margt annað en afrek sín á íþróttasviðinu en hann er meðal annars fyrrum talsmaður Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og fyrrum forseti nemendafélags Menntaskólans við Hamrahlíð. Þá var Hjálmar framkvæmdastjóri Útgáfufélags DV en hvarf til annarra starfa þegar fyrirtækið sameinaðist Birtíngi. Hjálmar var líka einn þeirra sem tóku þátt í auglýsingaherferð Glitnis fyrir Reykjavíkurmaraþonið.

Í átökum við stórlax

„Bubbi Morthens í átökum við stórlax“ segir í fyrirsögn í Mogga í gær. Beinast liggur við að álykta að söngvaskáldið hafi lent í áflogum við einhvern áhrifamann í þjóðfélaginu, enda Bubbi þekktur fyrir herskáan málflutning í garð ráðamanna og fær útrás með hnefunum. Þegar betur er að gáð reynist svo ekki vera heldur er þetta orðaleikur sem vísar til þess að Bubbi dró einfaldlega stóran fisk að landi. Fyrirsögnin býður engu að síður misskilningi heim og hafa blaðamenn verið sóttir til saka fyrir annað eins.

kristjan@frettabladid.is
bergsteinn@frettabladid.is

Bankaskjálfti í Ameríku

Atkvæðisréttur í þingkosningum var í öndverðu bundinn við eignir manna og fór sums staðar eftir fjölda glugga á húsum þeirra. Hugsunin var þá sú, að eignamönnum einum væri treystandi fyrir stjórnmálum. Framsókn lýðræðisins í okkar heimshluta rauf þessi tengsl milli lýðréttar og auðs með því að veita eignaleysingjum atkvæðisrétt og önnur réttindi til jafns við auðmenn. Eftir sem áður var það yfirleitt talið æskilegt, að menn ættu eignir og þær nytu verndar að lögum, því að eignamenn hefðu hag af framförum umfram eignalausa leiguliða. Eftir þessari hugsjón hefur þeim Bandaríkjamönnum, sem búa í eigin húsnæði, fjölgað úr 40 prósentum af heildinni 1930 upp í tæp 70 prósent nú og 80 prósent hér heima. Almannavaldið hefur stutt við sjálfseignarstefnuna með því til dæmis að halda úti opinberum íbúðalánasjóðum og annarri lánafyrirgreiðslu til að tryggja sem flestum aðgang að ódýrum húsnæðislánum og með því að heimila skattgreiðendum að draga vexti af húsnæðislánum frá skattskyldum tekjum. Þetta tíðkast um alla Evrópu og allan heim.

Nýr markhópur

Um og eftir 1990 komu bankamenn í Bandaríkjunum auga á nýjan markhóp: atvinnulaust fólk og eignalaust. Bankaflóran hafði þá breikkað í skjóli frjálslegri laga um banka og fjármálastarfsemi: þetta voru þau ár, þegar fjármálafyrirtæki tóku sér stöðu við hlið gömlu bankanna til að skáka þeim og bjóða ýmislega þjónustu, sem þeir höfðu ekki hirt um að veita. Þannig varð Kaupþing til, svo að dæmi sé tekið, og olli smám saman byltingu í íslenzkum bankarekstri meðal annars fyrir tilstilli löngu tímabærrar einkavæðingar ríkisbankanna og opinberra fjárfestingarsjóða.

ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Hræringar á fjármálamörkuðum

Nýju húsnæðislánin vestra áttu að gera fátæku fólki kleift að eignast þak yfir höfuðið með því að veita því lágvaxtalán með veði í fasteignunum, sem lánin voru veitt til að kaupa. Bankarnir færðu sig upp á skaftið og tóku að veita slík lán með sérlega lágum vöxtum fyrstu tvö árin, en eftir það hækkuðu vextirnir talsvert; verðhækkun fasteignanna átti að standa undir vaxtahækkuninni. Fátæklingar bitu margir á agnið og lentu fyrirsjáanlega í vanskilum að lágvaxtatímanum loknum. Vanskilin tóku síðan að hlaða utan á sig. Í millitíðinni höfðu útsjónarsamir bankamenn búið til ýmiss konar markaðsverðbréf úr skuldbindingum fátæklinganna og blandað þeim saman við betri og tryggari bréf og selt þau fjármálastofnunum og fjárfestingarsjóðum. Þessu malli má líkja við gullgerðarlist miðalda: menn bjuggu til dýr verðbréf úr verðminni pappírum. Með tímanum kom í ljós, og hefði reyndar átt að blasa við frá byrjun, að greiðslugeta nýja markhópsins var lítil, og þá hlutu bréfin, sem höfðu að hluta verið búin til úr skuldbindingum fátæklinganna, að lækka í verði.

Stíflan brast um daginn, þegar nokkrir verðbréfasjóðir, sem áttu of mikið undir slíkum bréfum, neyddust til að leggja upp laupana. Vextir í Bandaríkjunum og á heimsmarkaði hafa farið hækkandi, og íbúðarhúsnæðisverð vestra fer nú lækkandi í fyrsta skipti síðan 1991. Í Memphis í Tennessee, þar sem Elvis Presley var lagður til hinztu hvílu, þarf borgarblaðið á hverjum degi að nota tuttugu síður í stóru broti undir smáletursauglýsingar um lögtök; íbúðirnar og húsin eru síðan boðin út í kippum á tröppum dómhússins, þrjátíu eignir í hverri kippu.

Sjálfsábyrgð eða samábyrgð?

Bera menn ekki sjálfir ábyrgð á þeim skuldbindingum, sem þeir skrifa undir? Það má jafnan til sanns vegar færa, en þetta liggur samt ekki alveg í augum uppi. Ýmsum lögum er ætlað að vernda grunlausa kaupendur gegn óprúttnum seljendum. Samkeppnislögum er öðrum þræði ætlað að verja neytendur fyrir okrurum; fáum dettur í hug, að samkeppnislög séu óþörf, þar eð kaupendum sé í sjálfsvald sett, hvort þeir skipta við okrara. Á hinn bóginn er engin þörf fyrir sérstök lög gegn okri á samkeppnismarkaði, þar eð okrarar verða jafnan undir í frjálsri samkeppni. Ekki er þó alveg víst, að allir viðskiptavinir banka skilji til fulls muninn á nafnvöxtum og raunvöxtum og muninn á því til dæmis að taka lán í íslenzkum krónum og erlendri mynt. Viðskiptavinirnir sitja því ekki allir við sama borð og bankamennirnir. Þess vegna hafa ýmsir kallað eftir strangara eftirliti með lánveitingum bandarískra banka.

Við þekkjum vandann í öðru samhengi hér heima. Í læknalögum segir: „Hvers konar skottulækningar eru bannaðar hér á landi.“ Þessu ákvæði er ætlað að vernda sjúklinga fyrir fúskurum. Það er áleitin spurning hér ekki síður en annars staðar, hvort fólkið í landinu þarf á sams konar lagavernd að halda vegna bankaviðskipta. Engar hömlur eru lagðar á fúsk í bifvélaviðgerðum. Einhvers staðar þarf að draga mörkin. Hvorum megin liggja bankarnir?

Mikilvægi framkvæmdar fjárlaga

UMRÆÐAN
Fjárlög

GUNNAR SVAVARSSON

Með fjárlögum samþykkir Alþingi þau útgjöld og þann tekjugrunn sem ráðuneytum og stofnunum ríkisins eru heimiluð vegna starfsemi sinnar. Áður en til frekari útgjalda er stofnað þarf að fá til þess frekari heimild hjá Alþingi. Stjórnarskráin kveður m. a. á um að ekkert gjald megi greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Á síðustu árum hafa verið gerðar margvíslegar breytingar á fjárlagaferlinu. Markmiðið hefur verið að styrkja tök stjórnvalda á ríkisfjármálum og stuðla að agaðri fjármálastjórn. Hið nýja skipulag fjárlagagerðar og rammaskipulag hefur almennt gefist vel. Það sem helst hefur þó skort er að sá agi sem felst í skipulaginu fer stundum forgörðum þegar komið er því að loka fjárlögunum. Það er því mikilvægt að afgreiðsla Alþingis á fjárlögum snúist meira um heildarsamhengi ríkisfjármálanna en nú er. Til þess að sú verði raunin þarf m.a. Alþingi, fjárlaganefnd og aðrar fagnefndir að vera upplýstar, en ekki síður að vera tilbúnar í að fjalla um framkvæmd fjárlaga.

Ríkisendurskoðun birti nýlega niðurstöðu sína vegna framkvæmdar fjárlaga ársins 2006 og hefur fjárlaganefnd Alþingis tekið skýrsluna nú þegar til efnislegrar meðferðar. Það skiptir nefndina miklu að hafa skýrslur sem þessar til hliðsjónar og upplýsingar í störfum sínum. Það er eitt af meginhlutverkum fjárlaganefndarinnar að fylgjast með framkvæmdinni og styðja þannig Ríkisendurskoðun á beinan og óbeinan hátt í mikilvægum störfum sínum. Í reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta er skýrt kveðið á um skyldur forstöðumanna stofnana og greint frá eftirlitshlutverki ráðuneytanna. Ákvæði reglugerðarinnar eru skýr og gefa fyrirmæli um að það beri að virða fjárlögin til fjárheimilda en ekki sem áætlun sem beri aðeins að hafa til hliðsjónar. Það er skýrt að Alþingi fer með fjárveitingarvaldið og það er ábyrgð Alþingis, ráðuneyta og forstöðumanna stofnana að sjá til þess að fjárlögin séu virt. Á sama hátt liggur fyrir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að mikilvægt er að standa vörð um sjálfstæði Alþingis og eftirlitshlutverk þess. Að framansögðu ber að muna að það er ekki einungis fjárlagagerðin sem er vandasöm, heldur ekki síður framkvæmdin dag frá degi – ákvörðunartakan verður þannig að rúmast innan heimilda fjárlaga hverju sinni.

Höfundur er formaður fjárlaganefndar Alþingis.

Langar þig að syngja?

Karlakór Reykjavíkur getur alltaf bætt við sig góðum söngmönnum og nú í haust verða haldin raddpróf fyrir þá sem hafa áhuga á að taka þátt. Prófið er ekki flókið, en prófað er raddsvið og tónheyrn. Kunnátta í tónlist og nótnalestri er kostur en alls ekki skilyrði.

Ef þú hefur áhuga á að koma í raddpróf skaltu hafa samband með því að senda okkur línu í netfangið kor@karlakorreykjavikur.is fyrir 31. ágúst næstkomandi.

Verkefni framundan

Karlakórinn mun fara til Færeyja fyrstu helgina í desember og heimsækja Tórshavnar Manskór og syngja jólatónleika bæði í Þórshöfn og Klakksvík. Um miðjan desember verða jólatónleikar Karlakórsins í Hallgrímskirkju samkvæmt venju. Eftir áramót snýr kórinn sér að fullum krafti að því að æfa fyrir 82. vortónleika sína sem haldnir verða í Langholtskirkju vorið 2008.

Karlakór Reykjavíkur var stofnaður 1926 og hefur starfað samfleytt síðan. Kórinn býður upp á krefjandi og skemmtileg viðfangsefni í tónlist og skemmtilegt félagsstarf í góðum félagskap. Kórinn fer til útlanda í söngferðir að jafnaði annað til þriðja hvert ár auk þess að halda tónleika innanlands. Fastir punktar í starfseminni eru jólatónleikar í Hallgrímskirkju í desember og tónleikar í Langholtskirkju á vorin. Kórinn æfir tvisvar í viku, tvo tíma í senn, og fara æfingar fram í húsnæði kórsins á Grensásvegi 13

Karlakór Reykjavíkur
Grensásvegi 13, Reykjavík
Pósthólf 8006, 128 Reykjavík
www.KarlakorReykjavikur.is

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið



Þessar huggulegu hermannabuxur fékk Katrín Ýr í Kolaportinu, en í takt við áhuga hennar á hiphop- og sálartónlist höfðar götutískan helst til hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Götutíska og tónlist

Katrín Ýr Óskarsdóttir segir götutískuna höfða sterklega til sín enda er hún á kafi í R&B og sálartónlist og eins og flestir vita fara tíska og tónlistarstefnur hönd í hönd.

Katrín, sem stundar söngnám í London, segist almennt kjósa að kaupa sér föt þar og hefur góða ástæðu fyrir því. „Mér finnst fátt leiðinlegra en að vera nýbúin að kaupa mér eitthvað sem mér finnst rosalega flott en hitta svo fimmtán manns á Laugavegi í nákvæmlega eins flík.“

Í kvöld ætlar Katrín að halda tónleika á Gauknum ásamt félögum sínum í hljómsveitinni Soul 7, en þar munu þau flytja lög meðal annars Arethu Franklin, Marvin Gaye, Eriku Badu, Destiny‘s Child og fleiri valinkunnra, sálarmikilla flytjenda. „Við verðum allt í allt tíu manns sem flytja þessi lög og ég held ég geti lofað góðri stemningu,“ segir hún og bætir því að lokum við að miðaverði sé stillt í hóf.

„Það kostar ekki nema fimmhundruðkall inn og svo er bjór innifalinn. Þannig að það má segja að það borgi sig að mæta.“

margret@frettabladid.is

Dr. Fischer

ANDLITSKLÚTAR

Dr. Fischer

Age Defying

Frískandi skrúbbandlitshreinsiklútar. Klútarnir fjarlægja dauðar húðfrumur og hreinsa húðina án þess að þurrka hana. Kjarni úr greipávöxtum frískar upp á húðina og kjarni úr sítrónugrasi tónar og örvar húðina. Klútarnir innihalda einnig B5 prófítamín og kamillukjarna sem gefa húðinni raka og róa hana. Húðsjúkdómafræðilega prófaðar.

Deep Cleansing

Mildir en áhrifaríkir andlitsdjúphreinsiklútar sem fjarlægja andlitsfarða og eru góðir fyrir húðina. Náttúrulegir ávaxtakjarnar (AHA) djúphreinsa húðina, B5 prófítamín vernda hana og næra og Kamillukjarni róar húðina. Klútarnir innihalda enga olíu og stífla þar af leiðandi ekki svitaholurnar. Ofnæmisprófaðir.

Gentle Exfoliating

Andlitshreinsiklútar sem innihalda sérstaka blöndu af andoxunarefnum til þess að hægja á öldrun húðarinnar:Coensím Q10, beta glucan, vínberjakjarnaolía, kjarni úr grænu te og E vítamín. Sæt möndluolía og B5 prófítamín gefa húðinni raka og vernda hana. Klútarnir eru mildir en áhrifaríkir og henta sérstaklega til hreinsunar á augnfarða.

Herbal Cleansing

Andlitshreinsiklútar sem innihalda blöndu af lækningajurtum og vítamínum til þess að hreinsa, fjarlægja farða og vernda húðina. B5 prófítamín verndar og gefur húðinni raka, kamillukjarni róar hana. Húðin verður fersk og heilbrigð útlits. Ofnæmisprófaðir.

Hlaup og gönguferðir þurfa ekki að detta upp fyrir þótt lítið barn komi á heimilið. Kerrur fyrir hlaupagarpa getur verið lausnin þar sem börnin geta látið fara vel um sig á meðan foreldrarnir trimma.

Aukin orka
og sjaldnar kvef

1100 ára reynsla af notkun ætihvannar færð til nútímans.

Sækjum styrk
í íslenskt náttúruafl!

SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

Fæst í lyfja- og heilsuvöruverslunum

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!

SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Tölvu- og skjalatöskur
fyrir dömur og herra
Drangey
Smáralind, sími 528 8800, www.drangey.is

visir.is
Fyrstur með fréttirnar

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Þjálfun má ekki vera of einhæf

Álagseinkenni geta komið upp hjá börnum sem þjálfa of mikið. Jón Þór Bragason sjúkraþjálfari segir mikilvægt að hafa þjálfunina ekki of einhæfa og að foreldrar fylgist vel með líðan barnanna.

Allir þekkja sögur af krökkum sem gerðir voru að afreksfólki á kostnað kynþroskans. Þetta á ekki við á Íslandi en þurfa foreldrar að vara sig á ofþjálfun barna? „Það eru náttúrlega til öfgar í öllu. Það er ákveðinn hópur barna sem við höfum áhyggjur af því þau hreyfa sig of lítið. Á hinum endanum er hópur barna sem hreyfa sig mjög mikið og er þá hætt við að þau geri of mikið," segir Jón Þór Brandsson sjúkraþjálfari. „Oft eru þetta miklir keppniskrakkar sem gefa ekki eftir fyrr en í fulla hnefana og eru jafnvel til í að bíta á jaxlinn þótt þeir finni til."

Ef börn þjálfa of mikið geta komið fram álagseinkenni sem geta haft varanleg áhrif ef ekkert er að gert. Helst er hætt við slíkum einkennum ef um einhæfa þjálfun er að ræða. „Áður fyrr voru krakkar kannski að æfa

Dansstudio JSB

DANSSTUDIO JSB

Innritun hafin!

Sjóðheitt dans- og púlnámskeið í boði fyrir 16 ára og eldri, bæði stelpur og stráka.

Í boði er spennandi og krefjandi 12 vikna námskeið fyrir þá sem elska að dansa og hafa áhuga á að koma sér í form!

- Kennt er í lokuðum hópum
- Tímar fyrir byrjendur og lengra komna
- Ýmsir dansstílar kynntir s.s. *jazz – musical – street – lyrical* og *modern*.

Námskeið hefst 10. september.

Vertu með!

Skráning í síma 5813730 og á jsb@jsb.is

DANSLISTARSKÓLI JSB

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • www.jsb.is

Ýmsar aðferðir eru til að fyrirbyggja flensusmit og má þar nefna heilbrigt líferni, næga hvíld og að forðast stress.

Fyrirbyggjum flensusmit

Nú styttist í að flensan fari að herja á landsmenn. Til eru fyrirbyggjandi aðgerðir til að forðast flensusmit þó engin þeirra sé 100 prósent örugg.

Besta leiðin til að forðast flensu og kvef er að lifa heilbrigðu lífi og borða holla fæðu. Þá er rétt að forðast stress, svefnleysi og að keyra sig út á vinnu en slíkt getur veikt ónæmiskerfið. Sumar tegundir fæðubótarefna geta stuðlað að því að ónæmiskerfið sé sem best í stakk búið til að takast á við veirur og jafnvel verkað deyðandi á veirur og bakteríur.

Til að styrkja líkamann í vörnum gegn flensu og kvefi er gott að taka inn hvítlauk, C-vítamín, sink, sólhatt og Glutathione sem er andoxunarefni.

doktor.is

Gæludýr gera fólk hamingjusamt og léttir lund. Börn sem alast upp við gæludýr læra að sýna umhyggju á sama tíma sem þau veita félagsskap. Svo framarlega sem fólk er ekki með ofnæmi.

Jón Þór Brandsson sjúkraþjálfari segir mikilvægt að foreldrar fylgist vel með líðan barnanna og tilkynni þjálfurum ef eymsli koma upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

nokkrar íþróttagreinar samtímis en nú er orðið meira um að æfð sé ein grein allt árið um kring. Það hefur bæði kosti og galla í för með sér. Gott er að krakkarnir séu undir handleiðslu eins þjálfara sem hefur gott yfirlit yfir getu þeirra. Hins vegar getur þjálfunin orðið dálítið einhæf og þá eru meiri líkur á því að líkaminn gefi eftir á þeim svæðum þar sem áreynslan er mest. Því eru þjálfarar hvattir til að hafa þjálfun fjölhæfa og krakkar oft látnir æfa í öðrum greinum samhliða aðalgreininni.“

Álagseinkenni eru mismunandi eftir íþróttum og má til að mynda nefna eymsli í baki, ökklum og hnjám hjá fimleikakrökkum. „Þjálfari þarf að vita af eymslunum sem fyrst svo hægt sé að grípa inn í og koma í veg fyrir langvarandi vandamál eða slitgigt síðar á lífsleiðinni,“ segir Jón. „Líkami barna er ekki fullvaxta og sum svæði útsettari fyrir álagi en önnur. Í knattspyrnu geta til dæmis komið álagseinkenni í kringum hnén, sem bundin eru við ákveðinn aldur. Því er mikilvægt að fylgjast með því að þau séu ekki að ofgera sér á þessum tíma.“

Jón segir íþróttaheiminn meðvitaðari um þolmörk barna heldur en fyrir 10 til 15 árum og er því gripið fyrr inn í. „Við vitum þó að þolmörk krakkanna eru mjög einstaklingsbundin svo erfitt er að vera með fastar reglur í þessu. Þá reynir á hæfni og menntun þjálfara,“ segir Jón, sem telur þjálfara hér á landi almennt ágætlega menntaða og upplýsta. „Flestir reyna að sporna við ofþjálfun og mörg sérsambönd innan ÍSÍ standa vel að fræðslumálum. Það er þó einnig mikilvægt að foreldrar séu virkjaðir með í þessa umræðu.“

Jón ráðleggur foreldrunum fyrst og fremst að fylgjast vel með börnunum og spyrja þau reglulega hvernig þeim líði. „Stundum segir barnið frekar foreldrum en þjálfara frá vandamálunum og er þá mikilvægt að það sé samvinna milli þeirra og þjálfarans,“ segir Jón. „Auðvitað viljum við hafa krakkana í íþróttum, það skiptir bara máli hvernig það er gert. Ef þjálfunin er stunduð rétt og vel þá er íþróttastarfið ómetanlegt, bæði líkamlega, andlega og félagslega,“ segir Jón að lokum

.mariathora@frettabladid.is

Heilsuakademíunnar hollráð

Nokkrar skemmtilegar staðreyndir um mat og næringu.

- Ávaxtasafi hefur nánast jafnmargar hitaeiningar og sætt gos. Ávaxtasafinn er hins vegar mun bætiefnaríkari en gosið.

- Hitaeiningar máltíðarinnar tvöfaldast ef hafðar eru þrjár matskeiðar af kokkteilsósu á hamborgaranum í staðinn fyrir sinnep og tómatsósu.
- Hamborgarasósa er um fjórum sinnum feitari en 10% sýrður rjómi og pítusósa er sjö sinnum feitari.
- Hitaeiningum fækkar um helming í hverri brauðsneið með því að sleppa viðbiti og um þriðjung ef notað er fituskert viðbit eins og Létta, Létt og laggott, Smyrja, Olivio og Klípa borið saman við smjör.
- Þegar talað er um kaloríur í daglegu tali er í raun átt við kílókaloríur (kcal), sem eru 1000 kaloríur. Orðið hitaeining er íslenskt heiti fyrir kílókaloríu.
- Algeng orkuþörf fullorðins karlmanns er um 2500 kcal og konu um 2000 kcal á dag.

- Karl sem borðar um 1800 kcal á dag getur átt von á að léttast að jafnaði um 0,5 kg á viku, meira fyrstu vikuna en heldur minna þegar fram í sækir. Kona sem borðar um 1500 kcal á dag getur átt von á að léttast að jafnaði um 0,5 kg á viku, meira fyrstu vikuna en heldur minna þegar fram í sækir.
- Megrunarkúrar sem boða mikið fitu- og próteinát geta verið skaðlegir fyrir heilsuna, ekki síst fyrir nýru, hjarta og æðakerfi. Fylgja ber slíkum kúrum aðeins undir handleiðslu lækna og annars fagfólks.

Jazz Contemporary Ballett

Danslistarskóli JSB

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Skólaárið 2007-2008
Skólinn er fullsetinn
Kennsla hefst 3.september!

Stundaskrá vetrarins birtist 24.ágúst á www.jsb.is

Nám og kennsla
Danslistarskóli JSB er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem listdansskóli á grunn- og framhaldsskólastigi. Nánari upplýsingar um nám við skólann er að finna á www.jsb.is undir Danslistarskóli JSB.

Frístunda kortið

Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar.

Kennslustaðir:

- *Danslistarskóli JSB í Kópavogi, Íþróttahúsi Digraness.* Almenn braut.
- *Danslistarskóli JSB í Reykjavík, Lágmúla 9 og Laugardalshöll.* Almenn braut og listdansbraut.

DANSLISTARSKÓLI JSB

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • www.jsb.is

Blóm eru alltaf falleg. Sérstaklega til að lífga upp á haustið sem er í vændum.

WWW.TEKK.IS | WWW.TEKK.IS | WWW.TEKK.IS | WWW.TEKK.IS | WWW.TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

ÓTRÚLEGT ÚRVAL Á ÚTSÖLUNNI!

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP Á FALLEGUM HÚSBÚNAÐI
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 10-18, LAUGARDAGA KL. 10-18 OG SUNNUDAGA KL.13-16

Vínglös í miklu litaúrvali í versluninni Amalar í Glæsibæ.

Gulur, rauður, grænn og blár

Vínglös í öllum regnbogans litum fást í nýrri verslun í Glæsibæ sem ber nafnið Amalar.

Nafn verslunarinnar Amalar er unnið úr nafni stofnanda og eiganda hennar, Önnu Maríu Lárusdóttur. „Markmiðið hjá mér er að hafa hlutina ódýra án þess að það komi niður á gæðum," segir Anna María sem handleikur glösin af alúð á meðan hún sýnir blaðamanni úrvalið. Litadýrðin er mikil en vasar og skálar fást einnig í stíl við glösin.

Anna María flytur inn öll glösin sjálf og fást þau ekki annars staðar. „Ég er að fá heilmikið af nýjum vörum og er að bæta við vöruúrvalið á næstu dögum." *kristineva@frettabladid.is*

Amalar er hönnuð að skandinavískri fyrirmynd.

Fallegt stel í svörtu og hvítu með blómamynstri. Hnífapör og glös eru í stíl.

SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Húsgagna Lagersala

Stórfengleg lagersala á húsgögnum og rúmum.

Allt að 90% afsláttur.

Erum í Dugguvogi 2 (innan við Slippfélagið)
S: 557 9510

Sófar, svefnsófar, rúm, rúmgaflar, sófaborð, stólar borðstofuborð, eldhúsborð, eldhúsinnréttingar, garðhúsgögn, borðstofuhúsgögn og margt fleria.

Allt í eitt koddaver

HÚSRÁÐ SEM AUÐVELDAR SKIPULAG Á RÚMFÖTUNUM

Þegar gengið er frá rúmfötunum í skápa þá er gott að hafa skipulag á hlutunum. Ef allt er sett í skápinn holt og bolt getur það sem er verið að leita að einmitt verið neðst. En ekkert mál er að halda öllu í röð og reglu ef eftirfarandi ráðum er fylgt:

Raðið saman því sem þarf á eitt rúm: lak, eitt eða tvö sængurver og tvö til fjögur koddaver. Hafið bunkann í hæfilegri stærð svo að hægt sé að troða öllu heila klabbinu inn í eitt koddaverið.

Þá eruð þið komin með mjög svo meðfærilegan bunka, allt á einum stað og auðvelt að kippa honum undan öðrum bunkum á hillunni.

Stingið ilmbréfi með í hilluna til að fá allt til að ilma vel.

Til að auðvelda geymslu á aukasængum og þynnri sumarsængum, er gott að setja þær í „þvottapoka" úr neti sem ætlaðir eru fyrir peysuþvott. Umfangið minnkar og þær fara betur í geymslu.

Haustið gefur færi á meiri augnförðun og þung augnlok ásamt skýrri augnlínu er það sem koma skal.

Danski förðunarsérfræðingurinn Carolina Petterson segir þunga augnförðun vera í tísku í haust.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Íslenskir förðunarfræðingar í heimsklassa

Carolina Petterson hefur farðað fyrir helstu tískuhús heims. Nú er hún á Íslandi til að kynna haustlitina fyrir liðsmönnum MAC-förðunarmerkisins.

„Ég er hluti af teymi fagmanna á vegum MAC-förðunarmerkisins. Ég ferðast út um allan heim og farða meðal annars fyrir tískuhús eins og Roberto Cavalli og Dolce & Gabbana. Einnig fyrir myndatökur fyrir tískuritið Vogue," segir hin danska Carolina Petterson, förðunarsérfræðingur hjá kanadíska förðunarmerkinu MAC sem nú er stödd hér á landi til að kynna haustlitina fyrir liðsmönnum MAC.

„MAC er mikið í tenglsum við fagmenn. Enda kennum við svo viðskiptavininum að nota vörurnar. Þetta er gert til að finna hvaða litir henta viðskiptavininum best," segir Lísa Einarsdóttir hjá Artica sem flytur inn vörurnar á Íslandi.

Íslenskir förðunarfræðingar eru í heimsklassa að sögn Carolinu, sem rekst oft á Íslendinga baksviðs á stórum tískuvikum.

Carolina segir þunga augnförðun, svokallað „smokey eyes" útlit verði allsráðandi í haust.

Ásamt grafískum augnlínum eða miklum varalit í vínrauðum tónum í aðalhlutverki og þá með engan farða á augum. „Eitt af aðalatriðunum í haust er gott meik með fallegum tón. Grunnurinn er gífurlega mikilvægur svo að heildarmyndin verði góð," segir Carolina.

rh@frettabladid.is

Steinunn vekur athygli

MYNDBAND MEÐ VIÐTALI VIÐ STEINUNNI VINSÆLT

Vinsælasta myndbandið á tískuvefsíðunni www.vogue.co.uk er myndband frá tískuvikunni í Kaupmannahöfn sem hefst á viðtali við íslenska hönnuðinn Steinunni Sigurðardóttur sem kynnti línu sína á tískuvikunni. Tískuspekúlöntunum þykir augljóslega mikið til hennar koma og er vitnað í hana í kynningu á myndbandinu *- keþ*

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
NÝTT!!
Plokkari með ljósi

SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar

SÚKKULAÐIVAX

HAFRAVAX

SÚKKULAÐISTRIMLAR FYRIR ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. *Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*
ÚTSÖLUSTAÐIR: Árbæjarapótek, Fjarðakaup og Lyfjaval

Maternity

Fyrir verðandi og nýbakaðar mæður.

- Neðanþvottaklútar fyrir þrútin og viðkvæm svæði
- Olíugel, eykur teygjanleika húðarinnar og er tilvalið til að nudda uppúr
- Næringarkrem sem eykur teygjanleika húðarinnar
- Fótakrem sem léttir á þrútnum fótum

Fæst í apótekum um land allt

Stærðir 36-48

bianca
gæði og glæsileiki
Nýbýlavegi 12 • Sími 554 3533
Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 10-16

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

Bílabankinn

Ducati Monster 600 1997 Fallegt hjól skoðað 08 Ásett verð 690 þús. tilboð 490 100% lán mögulegt visa euro Bílabankinn 588 0700 Breiðhöfða 11

VW Touareg árg. 2004 ek.40 þ.km, leður, topplúga, loftpúðar, filmur, topplúga, ofl. Verð 4950 Bilabankinn 588 0700.

Hummer H3 árg. 2006 ek. 30 þ.km, geislaspilari, álfelgur, hraðastillir, filmur ofl. Verð 4970 þús. Bilabankinn 588 0700.

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is

Mótor & Sport

Eigum eftir nokkrar Vespur, 50CC á tilboði. M/götuskráningu. Hjálmur fylgir.

Viðurkenndir hjálmar á tilboðsverði. Opnir 7.900 kr Kjálka hjálmar 9.900

Mótor og sport ehf
Stórhöfða 17, 110 Reykjavík
Sími: 567 1040

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

VW TOUAREG 4.2L V8 310hö, árg. 2004, ek 55 þ. km, Einn með öllu, Vetrarpakki, Skoðaður '09, Verð 4.190 þ. Nánari uppl á www.arnarbílar.is rn: 110197 S. 567 2700

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

X4 ehf.

Nýr Mazda Cx-7 2.3L. Turbo 244 hp., framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Komdu í reynsluakstur í dag.

Nýr Mazda CX-9 3.5L. V6 263 hp., 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.

Nýr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
www.x4.is

Breiðan ehf
821-6292

Renault Master rúta árgerð 2005, 18 manna, stærri vélin 150 hö, ekinn aðeins 60 þús.km., mjög vel útbúinn sk.'08, 100% lánað, verð kr. 3.890.000. S. 821 6292.

GMC Pickup extra cab 4x4, árgerð 1996, 6,5 turbo diesel, 5 manna, ekinn 180 þús., pallhús, ný dekk, bíll í topplagi, sk.'08, 100% lánað, verð 1.280.000.S. 821 6292.

Musso árgerð 1998, 5 Cylindra Turbo diesel, beinskiptur, ekinn 165 þús.km., sk.'08, 100% lánað, verð 490.000. S. 821 6292.

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

HEIMSBÍLAR
www.heimsbilar.is

LAND ROVER RENGE ROVER árg 3/2000 ek. 140 þ.km Ásett 1.790 þ. Tilboð 1.590 þ.Einn eigandi, Mjög gott eintak, Hlaðinn aukabúnaði. Til sýnis og sölu hjá Heimsbílum, s. 567 4000. Sjá fleiri myndir á www.heimsbilar.is Raðnúmer 250156.

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
Til sýnis og sölu á Heimsbílum Kletthálsi 2 S: 567-4000. Sjá fleiri myndir á www.heimsbilar.is
www.heimsbilar.is

Bílar til sölu

Transporter árg. '99. langur Diesel. Vel með farinn bíll, ek 180 þús. V. 650 þús. Uppl. í s. 894 5599.

islandus.com
HYBRID
Leigubílar frá 2600þús!

Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km Nýr frá 2600þús til leigubílstj., almennt v.3325þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

islandus.com
ÚTSALA
Ford Dodge Jeep
Jepplingar / Fólksbílar
Aldrei Lægra Verð!

2007 Dodge Caliber frá 1995þús, 7,4L/100km (fæst sem 4x4), Dodge Caravan frá 2.490þús! Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Ford Explorer Limited 2006 nýskr. 06/06. Ekinn 31þ. Bíllinn er sem nýr og er hlaðinn búnaði s.s leðri, V8 vél, 3ju sætaröð, topplúgu, hágæða hljómtækjum, krók o.m.fl. Nýviði með sama búnaði er 5.85m frá umboði.

12 mánaða alhliða ábyrgð fylgir. Verð 3.99m m.v. beina sölu. Ath. skipti. Sími 820 1050.

Toyota Land Cruser 100 árg. 2003 Disel. Bíllinn er í mjög góðu standi, 7 manna, leður, lúga, diselmiðstöð o.fl. Verð 4,8 staðgr. uppl, 893 6109.

Til sölu Land Cruiser 100. Árg '03. Ek. 90 þús. Dísel. Einn með öllu. Verð 4.950 þús. Uppl. í s. 897 1012.

GMC Sierra 1500 X-Cab- 4WD nýsk. '03 Sk. '08. Uppl. í s. 691 7979.
Uppl. í s. 691 7979.

VW Golf Variant 2,0 4x4 árg. '05. Ek. 45 þús. Uppl. í s. 865 8444.

Honda CRV '01 ek. 90 þ. Einn með öllu, fallegur bíll. Tilboð óskast. S. 694 7775.

Ford Mustang árg. '98. 4,6 V8. Ek. 63þ. mílur. Verð 850 þ. Uppl. í s. 866 0532.

Til sölu VW Polo árg.2002. ekinn 87þús. Áhv.bílalán. Verð 710 þús.Uppl. 8685349.

Toyota Avensis árg. 2000 til sölu. Ek. 140 þ. Verð. 660.000. Uppl. Í síma 867 9867.

Toyota Avensis St árg.'05. Ek. 30 þús. Þjónustubók, vetrar og sumardekk, krókur ofl. Verð 2.390 þús. Mjög gottl lán 2 millj. Uppl. í s. 893 2429 & 897 2681.

Flottur van!
MAZDA MPV 7 manna 05/'04, ríkulega útbúinn, m.a. hliðarhurðir m. fjarstýringu, tvær miðstöðvar /kæling. Ekinn 52 þ. Óaðfinnanlegt útlit innan/utan. Verð 2.190 þ. S. 555 6545.

M.Bens, 500SE, 87árg., ljóst leður, ssk, sumar og vetrardekk á felgum. Tilboð 350 þús. stgr. Uppl. í s. 895 5577.

Opel Corsa 1,2 árg.'99 Sk.'08 Ek. 153 þ. 3 dyra. Verð 150 þús. Uppl. í s. 895 5577

Til sölu Toyota Corolla '05 sportútgáfa, ek. 28 þús. Verð 1.800 þús. S. 868 7003.

Golf '96. 3 dyra, beinsk. Sko.'08. Verð 150 þús. Uppl. í s. 868 5922.

M benz. C220 CDI disel. árg. '98 Ek 508 þús. 590 þús. Uppl. í s. 868 5922.

Til sölu peugot 306 árg '00 ekinn 77 þús. smurbók kastarar sumardekk á álfelgum vetrardekk á stál nýleg tímareim skoðaður '08 nýjar bremsur. Ásett verð 480. Sími 849 8056.

VW Transporter '97. Skoðaður. '08. Bensín. V. 150 þús. Uppl. í s. 895 9705

Opel Astra 1200. 2000 árg. Ekinn 138000. Frábær bíll í mjög góðu ástandi. 694 8523 Jóhann

Til sölu Grand Cherokee árg.'93. Í þokalegu lagi. Verð 160 þús. Renault Mégane RT Classik árg.'97. Ek. 130 þús. Í góðu lagi. Verðhugmynd 220 þús. Uppl. í s. 486 6012 & 894 9100.

Til sölu Toyota Corolla árg.'93 verð 140 þús. Toyota Carina '97 verð 280 þús. Einnig gamall tjaldvagn sem þarfnast aðhlyningar verð 50 þús. Uppl. í s. 664 2662.

sjálfskiptur tilboð
MMC Lanser Staison árg.'98. Ek. 142 þús. Ssk., dráttarkúla, álfelgur. Listaverð 420 þ. Tilboð 290 þ. Uppl. í s. 691 9374.

0-250 þús.

Vel með farin Toyota Corolla xli 1997 ek. 125 þ. Nýskoðaður verð 250 þ. Uppl. í s. 821 1814 & 660 3539.

Góður í skólann
Polo '95. Ek. 146. Skoð '08. Sumar- og vetrardekk. V. 190þús. Tilboð 150 þús. S. 897 0959

Mazda MX3 V6 til sölu sportbíll 91" nýsprautaður rauður þarfnast smá lagfæringar. Tilboð 199 þ. kr. María sími 692 1714.

250-499 þús.

VW Golf '97 ek. 79þ.km beinsk. Í toppstandi, nýskoðaður. 350þús. Uppl.s 8939388

Topp eintak Jepp Cherokee ltd'92 ek. aðeins 93 þús. verð 295þús. uppl. s:8985016

GULMOLINN MINN TIL SÖLU. Mazda 323 '98, 5d. beinsk. ek.155 þús, nýskoðuð. Uppl.S:6976215, Arna

Hyundai Accent árg.'98, ek. aðeins 26 þ. Ssk, einn eig.,sk.'08, sumar og vetradekk, ásett verð 260 þ. S. 554 0768.

500-999 þús.

Tilboð óskast!
Skoda Octavia Ambiante árg. 2001, ekinn 112 þús. Ný tímareim. Bíll í góðu standi. Ásett verð 750 þús. Tilboð óskast. Engin skipti! Uppl. í s. 821 4625, Sveinn.

VW Transporter árg 2000,bensín. Ekinn 27.600 km. Skoðaður '08. Verð 690.000 kr. Uppl. í s. 4781753 e.kl. 17.00

heilsa&hreysti

FIMMTUDAGUR 23. ÁGÚST 2007

Heilbrigð skynsemi

Sölvi Fannar mælir með danska kúrnum en ekki laxakúrnum BLS. 6

NORDICPHOTOS/GETTY

Skyrbar og Body-Vives á 20 ára afmæli

Heilsuræktarstöðin Hress í Hafnarfirði verður tuttugu ára í byrjun september og segir Linda Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri stöðvarinnar, að það verði að sjálfsögðu haldið upp á það með pompi og prakt. „Við erum til dæmis að vinna í því að gera nýja móttöku hjá okkur með stórum skyrbar, þannig að þetta verður svona lítið kaffihús því við erum með rosalega gott kaffi líka," segir Linda og bætir því við að ætlunin sé að bjóða upp á góða orkudrykki með haustinu.

„Við erum að taka í notkun ný tæki í tækjasalnum og bætum þeim við flóruna sem fyrir er og í þolfimitímum erum við að bæta við nýju æfingakerfi sem heitir BodyVives. „Það er nýtt frá Les Mills, sem er alþjóðlegt kerfi. Tímarnir eru vaxtarmótandi og það er ofsalega auðvelt að fylgja tímunum eftir en samt tekur maður vel á," segir Linda.

Linda segir fleira nýtt vera að bætast við í Hress og nefnir þar nýja tíma sem eru blanda af styrk og þoli. „Þeir heita BodyStep/BodyPump og eru snilldartímar ef maður vill bæta þol og styrk. Fyrir þá sem vilja ná sér í gott form strax eftir sumarið þá mæli ég sérstaklega með þessum tímum enda upplifunin í tímunum alveg stórkostleg," segir Linda hress í bragði. *- sig*

Linda Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri líkamsræktarstöðvarinnar Hress í Hafnarfirði, segir heilmargt framundan í Hress enda á stöðin tuttugu ára afmæli í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sævar Pétursson er rekstrarstjóri hjá Iceland Spa and Fitness og segir hæst bera hjá fyrirtækinu andlitslyftingu Baðhússins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gravity, Jumpfit og dans

Iceland Spa and Fitness rekur þrjár líkamsræktarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu, Sporthúsið, Baðhúsið og Þrekhúsið. Sævar Pétursson er rekstrarstjóri hjá ISF og segir mikið framundan hjá fyrirtækinu þar sem líklega beri hæst andlitslyfting Baðhússins.

„Það er verið að breyta öllu húsnæðinu í Baðhúsinu og endurnýja það en okkur fannst vera kominn tími á breytingar eftir tæp tíu ár í húsnæðinu," segir Sævar og bætir við: „Við flytjum alla starfsemina á tvær hæðir í stað þess að vera á fjórum hæðum. Það verður gríðarlegur munur því við verðum með glæsilegan búningsklefa, nýja móttöku og mun betri aðkomu að húsinu. Kvenleikinn hefur verið hafður í fyrirrúmi við hönnun nýja rýmisins svo þetta verður mikil lyftistöng fyrir Baðhúsið." Sævar segir stærsta muninn verða á tækjasalnum sem verður mun stærri, opnari og með mikilli lofthæð. „Svo verður ný barnagæsla þar sem settur verður upp lítill bíósalur fyrir krakkana en þeir fá líka fínt pláss til að fá útrás fyrir hreyfiþörfina."

Ný vetrardagskrá tekur gildi í Baðhúsinu í byrjun september og verður þá hægt að velja úr mörgum mismunandi námskeiðum. „Taíbox-námskeið sem við byrjuðum með í sumar hefur vakið mikla lukku en einnig verða á sínum stað heilsuátök fyrir allar konur, auk þess sem við verðum með meðgönguleikfimi og mömmumorgna þar sem nýbakaðar mæður geta komið með krílin með sér í leikfimina og allir hafa gaman af," segir Sævar.

SPORTHÚSIÐ

Í Sporthúsinu segir Sævar að Gravity-námskeiðin sem hófust í vor hafi lukkast mjög vel í sumar og verði keyrð áfram á fullu í vetur. „Gravity er hópþjálfun þar sem hver þátttakandi fær GTS-æfingabekk til að nota. Með bekknum er hægt að framkvæma yfir 250 mismunandi styrktar-, teygju- og pilates-æfingar og hægt er að velja um átta erfiðleikastig bekkjarins. Þannig að það má segja að hver þátttakandi sé með heila lyftingastöð til persónulegra afnota í tímanum og einkaþjálfara til að leiðbeina sér. Þetta hefur komið rosalega vel út og skilað mjög góðum árangri hjá fólki sem hefur kannski ekki alveg verið tilbúið í þolfimitímana."

Í vetur verður Valdís Sylvía Sigurþórsdóttir með Jumpfit-námskeið í Sporthúsinu en hún hefur verið með átta sýningar á Jumpfit í sumar. „Jumpfit eru ný æfingakerfi með sippuböndum þar sem samhæfing, snerpa og taktur eru allsráðandi. Þetta er rosalega góð leið til að koma sér í form enda er sippið ein besta brennsluaðferð sem til er," segir Sævar.

ÞREKHÚSIÐ

„Í Þrekhúsinu er Dansskóli Birnu Björnsdóttur að fara af stað 10. september og er þar boðið upp á dans fyrir alla krakka á aldrinum sex til átján ára," segir Sævar og bætir við: „Kennd eru öll undirstöðuatriði í dansi ásamt góðri tækni, liðleikaþjálfun og dansköpun en það verður boðið upp á djassballett, djassfunk, modern, freestyle- og hiphop-dansa við hina ýmsu tónlist." Sævar segir að einnig verði mikil áhersla á leikræna tjáningu, sviðsframkomu og túlkun en námskeiðið endar síðan með glæsilegri danssýningu í Borgarleikhúsinu í lok vetrar.

sigridurh@frettabladid.is

Aðeins náttúrulegt í Bjargi

Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, einn af eigendum líkamsræktarstöðvarinnar Bjargs á Akureyri, segir mikið vera framundan í stöðinni. „Það nýjasta hjá okkur í haust eru tímar sem heita „boxercise". Það eru boxtímar þar sem tveir og tveir vinna saman, annar er með boxhanska en hinn er með tvo púða í höndunum sem boxað er í. Þetta er þol, styrkur og mikið stuð," segir Aðalbjörg og bætir því við að þrír kennarar Bjargs hafi farið til London að læra boxercise.

„Við ætlum líka að bjóða upp á BodyVive, sem er nýtt frá Les Mills æfingakerfinu og verðum líka með Gravity en sjö námskeið í því hófust fyrr í vikunni. Svo ætlum við að bæta við Gravity Pilates sem enginn annar er með hér á landi."

Aðalbjörg segir lífsstílsnámskeið hafa verið mjög vinsæl í Bjargi í sjö ár en þau séu opin fyrir alla. „Við erum með slagorðið „náttúrulega" vegna þess að við seljum engin próteinduft, brennslutöflur eða neitt svoleiðis. Við bjóðum ekki upp á nein fæðubótarefni heldur hvetjum við fólk til þess að borða hollan og góðan mat. Þetta er yfirlýst stefna hjá okkur," segir Aðalbjörg og bætir því við að tímataflan í Bjargi sé rosalega öflug. „Enda eru Akureyringar mjög duglegir að æfa," segir Aðalbjörg, stolt af sínu heimafólki.

Aðalbjörg Hafsteinsdóttir er einn af eigendum Bjargs á Akureyri og segir ný námskeið hefjast þar með haustinu.

Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

Spennandi hausttilboð í gangi!

Ný námskeið hefjast 26. og 27. ágúst

Innritun á öll námskeið í síma 581 3730:

- **TT 1 Frá toppi til táar!**
  Átaksnámskeiðin sívinsælu fyrir konur á öllum aldri
  Lokuð 9 vikna námskeið, 3 x í viku
- **TT Taktu þér tak!**
  Lokuð 9 vikna átaksnámskeið 3 x í viku
  fyrir stelpur16-20+ ára
- **Rope Yoga**
  Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **60 +**
  Líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **Mömmumorgnar**
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **Frjáls aðgangur** að tímum í opna kerfinu og tækjasal

Glæsilegur nýr tækjasalur!

Vertu velkomin í okkar hóp!

Nú geturðu gerst áskrifandi að líkamsrækt JSB
Betra verð í áskrift, aðeins 3.990 kr. á mánuði

Opna kerfið - Þinn tími er kominn!

1. *Almenn þjálfun, þol, styrkur og liðleiki*
2. *Púltími, hressileg upphitun, ýmist á palli eða gólfi, styrktar- og liðleikaþjálfun*
3. *Pallatími, samsett spor, mikil brennsla*
4. *Lóðatími, upphitun ýmist á palli eða á gólfi, unnið með þyngd og mótstöðu, lóð, stangir, teygjur*
5. *Liðleikaþjálfun, upphitun, styrktar- og slökunarteygjur*
6. *Yoga*
7. *Bræðingur, líkamsrækt með dansívafi, salsa, mambo, samba, jazz, funk og stuð*
8. *Brennsla, magi, rass og læri*
9. *Stöðvaþjálfun, fjölbreyttir vaxtamótunartímar*

Barnagæsla - Leikland JSB

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÖGUR grafísk hönnun

Ágústa Johnson, framkvæmdastjóri Hreyfingar, segir Zumba vera nýtt æfingakerfi sem sé gríðarlega vinsælt í Bandaríkjunum og Evrópu um þessar mundir og ætlar að bjóða upp á slíka tíma í Hreyfingu í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Zumba og síðustu kílóin

Síðasta haust Hreyfingar í Faxafeninu verður líflegt að venju.

„Það er dálítið margt í gangi í Hreyfingu og stóra stundin verður svo í desember þegar við flytjum okkur í nýja húsnæðið í Glæsibæ,“ segir Ágústa Johnson, framkvæmdastjóri Hreyfingar. „Það er efst á baugi hjá okkur núna þó að við séum auðvitað að undirbúa síðasta haustið okkar í Faxafeninu,“ bætir hún við.

„Við vorum að byrja með Zumba, sem er gríðarlega skemmtilegt æfingakerfi og er að gera allt vitlaust í Bandaríkjunum og Evrópu. Það eru einföld þolfimidansspor undir rosalega skemmtilegri suðuramerískri tónlist. Mottóið er að líkamsrækt eigi að vera skemmtileg og einföld og að allir geti fylgt með,“ segir Ágústa og bætir því við að þetta sé mjög vinsælt enda fari fólk ósjálfrátt að dilla sér við þessa tónlist.

Ágústa segir líka vera nýjungar í námskeiðunum Betra form sem hafa verið afar vinsæl síðastliðin sextán ár. „Við komum með nýjung í byrjun þessa árs, sem heitir Betra form 6 og byggist á því að bjóða upp á sem mesta fjölbreytni og kynna helstu nýjungar í líkamsræktinni fyrir þátttakendum. Það verða sex mismunandi æfingakerfi á námskeiðinu og þetta er gríðarlega vinsælt enda sækist fólk eftir því að hafa sem mesta fjölbreytni.“

Í Hreyfingu verður bryddað upp á þeirri nýbreytni í haust að ráðast á þessi síðustu fimm kíló sem eru mörgum svo erfið. „Það verða námskeið þar sem sérstök áhersla verður lögð á að losa sig við þessi síðustu fimm kíló sem margir þekkja að erfitt er að losna við,“ segir Ágústa og brosir.

Ágústa nefnir einnig námskeiðið Betra form – líkami og sál, sem sé virkilega skemmtilegt með jógaívafi en áherslu á styrktaræfingar. „Margir hafa áhuga á að fá smá jóga inn í æfingarnar en vilja ekki vera eingöngu í því þannig að við ætlum að reyna að mæta þessum þörfum. Þessi námskeið næra sálina ásamt því að styrkja líkamann og veita góða æfingu,“ segir Ágústa og bendir á að í Hreyfingu séu margar mismunandi áherslur og alveg örugglega eitthvað fyrir alla.

sigridurh@frettabladid.is

SHOKK fyrir krakkana

Fjölbreytt dagskrá verður í World Class í vetur. Þar á meðal dirty dancing, afró og jóga.

Í World Class í Laugum var opnaður nýr æfingasalur fyrir átta til fimmtán ára krakka og hefur hann notið gríðarlegra vinsælda, að sögn Sunnevu Sigurðardóttur, markaðsstjóra World Class. „Salurinn heitir SHOKK og er að breskri fyrirmynd en nú þegar eru margir slíkir salir víða um heiminn,“ segir Sunneva og bætir því við að salurinn sé búinn flottum og fjölbreyttum æfingatækjum með lóðum sem passa þessum aldurshópi. „Það er alltaf þjálfari í salnum sem er börnunum innan handar og leiðbeinir þeim og fræðir þau um hreyfingu og heilbrigði. Það er mikilvægt að æfingarnar séu rétt framkvæmdar og til að tryggja það þurfa SHOKK-meðlimir að panta sér tíma með þjálfara í fyrstu skiptin.“

Sunneva Sigurðardóttir, markaðsstjóri World Class, segir SHOKK vera feykivinsælt í Laugum en það er æfingastöð sem er sérsniðin fyrir krakka og unglinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sunneva segir ýmislegt fleira vera mjög vinsælt í Laugum eins og átaksnámskeiðin og Líkami fyrir lífið. „Svo erum við með salsa, afró, dirty dancing, pallatíma, þrektíma, spinning og fullt af opnum tímum. Við verðum líka með nýtt jóganámskeið sem verður tvær vikur í senn,“ segir Sunneva og bætir því við að Dansstúdíó World Class sé stolt af að kynna allt það heitasta í dansi hverju sinni og bjóði upp á vandaða danskennslu fyrir fólk á öllum aldri.

Laugar Lækning er ný læknastofa sem var nýlega opnuð í húsi World Class og verða tveir læknar þar með alhliða læknisþjónustu alla virka daga kl. 17-20. „Læknarnir heita Jónas Hvannberg og Benedikt Árni Jónsson og munu þeir leggja áherslu á að aðstoða einstaklinga við lífsstílsbreytingar, mat á áhættu á hjarta- og æðasjúkdómum og forvarnir gegn þeim. Þá verða þeir með sérstakar heilsufarsmælingar og margt fleira sem snýr að almennri heilsu hvers og eins,“ segir Sunneva og bætir því við að einnig munu læknarnir verða til taks ef slys eða bráðatilvik kemur upp í sal stöðvarinnar.

- sig

rýmingarsala

verslunin hættir
allt á að seljast!

50-70%

afsláttur af öllum vörum í versluninni

Sófar
Sófasett
Sófaborð
Borðstofuhúsgögn
Skenkar og kommóður
Hillur og hillusamstæður
Indverskar vörur
Gjafavörur o.m.fl.

NÝ SENDING AF SÓFUM OG SÓFASETTUM

mira
art
HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300

Opið virka daga 10-18 og alla helgina, laugard 11-16 og sunnudag 13-16

Opið alla helgina!

KORTER.IS

Birkiaska
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
BETUSAN

Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

Rope yoga Eiðistorgi
-Hausttilboð-

Þráin er fræ sköpunarinnar - Vertu breytingin - Lifðu í núinu

Leitið upplýsinga í síma 895 9016 eða so@hive.is

Sölvi Fannar Viðarsson, heilsuráðgjafi og einkaþjálfari í World Class, Laugum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Heilbrigð skynsemi í tísku

Tískusveiflur í mataræði og megrunarkúrum hafa einkennt lífsstílsbreytingar þjóðarinnar. Heilsuráðgjafinn Sölvi Fannar Viðarsson segir nýjasta kúrinn snúast um heilbrigða skynsemi og aukna þekkingu.

„Almennt séð sýnist mér þjóðarsálin vera að þroskast hvað líkamsrækt snertir og þar með séu blessunarlega á undanhaldi vonlausir megrunarkúrar og önnur tíska í mataræði," segir Sölvi Fannar sem komið hefur þúsundum Íslendinga í betra form með ráðum sínum og dáð sem heilsuráðgjafi og einkaþjálfari, en Sölvi Fannar heldur úti heimasíðunni www.heilsuradgjof.is.

„Fáfræði hefur farið víkjandi eftir að útgáfa fræðsluefnis varð öflugri og fólk hætti að reikna með óraunsæjum hámarksárangri á viku. Það sem fer verst með fólk eru margar og stórar breytingar á lífsstíl samtímis. Mitt ráð er að byrja fyrst í ræktinni og spá ekki í mataræði fyrsta mánuðinn. Það er vænlegra til árangurs og gengur út á að stilla viðhorfi sínu á þann veg að vera þakklátur sjálfum sér fyrir að stunda líkamsrækt, en ekki finnast maður þurfa að vera í ræktinni tvisvar á dag og drekka prótíndrykki þrisvar á dag," segir Sölvi Fannar, sem fyrir síðustu jól gaf út bókina Kaloríukvótann sem kennir lesendum að borða til að grennast.

„Ég mæli með léttri fæðu þar sem hlutur grænmetis, ávaxta og grófs korns er aukinn, auk þess sem ég ráðlegg fólki að drekka þrjá lítra vatns á dag, hreyfa sig og komast í hita til að koma blóðrásinni almennilega af stað.

Það er mikilvægt að átta sig á jafnvægi líkama og sálar. Það fæst með því að koma sér upp jákvæðum vana sem felst í að borða skynsamlega, vera jákvæður í hugsun og stunda líkamsrækt," segir Sölvi Fannar, sem mælir hiklaust með danska kúrnum, einum kúra.

„Danski kúrinn er mjög sniðugur og gengur út á sama mataræði og ég ráðlegg sjálfur, á meðan hinn viðloðandi laxakúr, þar sem lax er snæddur í öll mál í sex daga, er nokkuð sem ég mundi ekki ráðleggja nokkrum að gera.

Lax er kolvetnalaus, en kolvetni eru það eina sem heilafrumurnar ganga fyrir og kolvetnabirgðir líkamans aðeins um 1 til 2 prósent í samanburði við fitu. Fyrir hvert gramm af kolvetni geymir líkaminn þrjú grömm vatns, sem er það eina sem losnar um á laxakúrnum. Fólk er að tapa fitu og léttast alveg gífurlega hratt á danska kúrnum og borða svipað og áður, en auka hlut ávaxta og grænmetis, sem er einmitt það sem landsmenn þurfa að gera," segir Sölvi Fannar og nefnir Atkins- og aðra prótínkúra til samanburðar.

„Það sem vantaði í þá var grænmeti, ávextir og gróft korn til að melting gæti starfað eðlilega og líkaminn losað sig við eiturefni. Líkaminn er eins og efnaverksmiðja sem framleiðir úrgangs- og eiturefni við sína daglegu starfsemi og þarf nauðsynlega að losna við þau," segir Sölvi Fannar, sem endurtekur að nýjasti kúrinn snúist um almenna skynsemi.

„Öfgarnar sem ég hef upplifað síðan ég byrjaði eru í sífelldri rénun. Fólk er í vaxandi mæli að átta sig á að lífsstílsbreyting tekur tíma og er alls ekki eins flókin og það hélt. Svarið er beint fyrir framan okkur. Við þurfum ekki að vera næringarfræðingar til að vita hvað líkamanum er hollast."

thordis@frettabladid.is

Ketilbjöllutímar og skvassmót

„Í Veggsporti er það nýjasta svokallaðir ketilbjöllutímar sem við ætlum að vera með í vetur," segir Hilmar H. Gunnarsson, einkaþjálfari í Veggsporti. „Ketilbjöllurnar eru kúlur með handfangi eins og á tekatli og æfingaaðferðin er fornrússnesk og geysilega áhrifarík," bætir hann við.

„Við ætlum að vera með sipptíma í vetur auk blandaðra spinning-tíma þar sem hálfur tíminn er spinning og hálfur tími liðkandi og styrkjandi æfingar," segir Hilmar og bætir því við að það sé mjög góð blanda af tímum.

„Í skvassinu verður allt við það sama nema við verðum með tvö alþjóðleg mót í haust; annars vegar atvinnukvennamót þar sem sextán erlendir keppendur koma og keppa og hins vegar verða hér smáþjóðaleikar í skvassi," segir Hilmar en stöðin ætlar einnig að halda mót í golfherminum í vetur sem ekki hefur verið gert áður. „Það er fullt í gangi hjá okkur og ég vona að það verði bara gaman að þessu í vetur." *- sig*

Hilmar H. Gunnarsson segir ketilbjöllutímana lofa góðu enda sé það geysilega áhrifarík æfingaaðferð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BETRA FORM

8-vikna námskeið fyrir konur

Hefst 3. september

Innifalið í námskeiðunum er eftirfarandi:

- Þjálfun 3x-5x í viku - frjáls aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Markviss leið að árangri með réttu mataræði. Fræðslufundur með næringarfræðingi á Grand hóteli
- Vikuleg vigtun. Ummáls- og fitu-mælingar í upphafi og við lok námskeiðs
- Leiðbeiningar um mataræði
- Þátttakendur halda matardagbók
- Markvisst fræðsluefni og mikið aðhald
- Lögmálin 9 um megrun - bókin sem opnar augu þín fyrir leiðinni að varanlegum árangri og hjálpar þér að viðhalda árangrinum eftir að námskeiðinu lýkur
- Sporthandklæði

Margs konar námskeið í boði á öllum tímum. Margar nýjungar.
Finndu út hvað hentar þér.

NÝTT!

Betra form – SEX

Frábær nýjung í Betra form námskeiðunum. Fjölbreytt, skemmtileg og árangursrík.
6 mismunandi æfingakerfi í einu námskeiði:

ZUMBA/Body Jam
Árangur 1-2-3
Súper MRL
Tæbóbrennsla
5&5
Líkamsmótun

Spennandi námskeið með öllu því nýjasta í líkamsræktinni. Þér leiðist ekki eina sekúndu!

NÝTT!

Betra form – SEX – síðustu 5 kílóin

Hefurðu verið að glíma við þessi síðustu 5 kíló í langan tíma? Hefurðu e.t.v. bætt á þig nokkrum kílóum í sumar sem þú vilt losna við? Þá er þetta námskeið fyrir þig. Sérstök áhersla á að ná þessum síðustu 3-5 kílóum sem svo oft er erfitt að losna við.
Áhrifaríkar æfingar, mikið aðhald og ítarlegar leiðbeiningar um breytt fæðuval til árangurs.

Tekist á við helstu neysluvenjur sem hindra árangur s.s. kvöldnart, mikla sætindisneyslu freistingar í veislum og margt fleira.
Ráðgjöf við matarinnkaup, sérstaklega mikil fræðsla og eftirfylgni.

NÝTT!

Betra form - SÚPERFORM 16 vikna námskeið

Viltu taka á þínum málum á varanlegan hátt?
Viltu léttast, styrkjast, auka andlega og líkamlega vellíðan, fyllast orku og efla almenna heilsu þína til muna?
Þú lærir nýjar neysluvenjur, hvernig á að takast á við sykurþörfina og hvernig á að komast í varanlega kjörþyngd.

Tekist á við helstu neysluvenjur sem hindra árangur s.s. kvöldnart, mikla sætindisneyslu freistingar í veislum og margt fleira.
Ráðgjöf við matarinnkaup, sérstaklega mikil fræðsla og eftirfylgni.

NÝTT!

Betra form – líkami og sál

Nýtt námskeið þar sem áhersla er lögð á vaxtarmótandi æfingar með jóga-ívafi.
Notaleg nýaldartónlist og kertaljós.
Styrktu líkamann og nærðu andann á þessu vandaða námskeiði. Leiðbeinandi er Jóhanna Jóhannsdóttir, íþrótta- og jógakennari.

Allar nánari upplýsingar á www.hreyfing.is eða í síma 414-4000.

Þú kemst í Betra form í Hreyfingu. Láttu skrá þig núna í síma 414-4000 eða með tölvupósti afgreidsla@hreyfing.is

HReyfing

Faxafeni 14 414 4000 www.hreyfing.is

Huggulegt, hreint og heimilislegt

Silfur Sport opnaði í Hátúninu í Reykjavík í febrúar á þessu ári og kom sterkt inn í líkamsræktarflóruna. „Við erum náttúrlega bara með tækjasal en ekki neina tíma í þolfimi eða spinning," segir Jóhanna Eiríksdóttir, eigandi Silfur Sports. „Hér eru öll tæki ný og allt er rosalega huggulegt, hreint og heimilislegt," bætir hún við.

Jóhanna segir að til standi að stækka sturtuaðstöðuna og setja upp gufubað og heitan pott í vetur. „Þetta er búið að vera alveg ótrúlega fínt síðan við byrjuðum og alltaf að bætast við nýtt fólk. Það koma margir hingað sem hafa aldrei áður stigið inn í líkamsræktarstöð og það þykir okkur mjög vænt um," segir Jóhanna. *- sig*

Jóhanna Eiríksdóttir, eigandi Silfur Sports, segir vel hafa gengið með líkamsræktarstöðina frá því hún var fyrst opnuð í febrúar á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gyða Sól Eiríksdóttir, verkefnastjóri og yfirleiðbeinandi Heilsuakademíunnar, gerði sér lítið fyrir og vippaði sér upp í súluna fyrir ljósmyndara. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Súlufitness slær í gegn

Gyða Sól Eiríksdóttir er verkefnastjóri og yfirleiðbeinandi Heilsuakademíunnar í Grafarvogi. Hún segir það allra vinsælasta í dag vera pole fitness, eða súlufitness. „Þetta hefur verið alveg hrikalega vinsælt og það er endalaust hringt í okkur til að spyrja um námskeiðin í þessu. Við erum með rosalega góða kennara í súlufitness, Láru og Ingunni, sem eru báðar með alþjóðleg réttindi til að kenna súlufitness og eru alveg ótrúlega klárar," segir Gyða hress í bragði, en sjálf er hún að læra að verða súlufitnesskennari.

„Svo erum við alltaf með herþjálfun og búum betur en aðrir að því leyti að við erum bæði með útivöll og innivöll fyrir herþjálfunina," segir Gyða Sól og bætir við: „Síðan eru auðvitað fullt af dansnámskeiðum hjá okkur sem eru mjög skemmtileg." *- sig*

MECCA SPA

Heilsurækt Mecca Spa hefur það að leiðarljósi að í hraustum líkama búi heilbrigð sál. Hjá okkur geturðu æft í notalegu og persónulegu umhverfi. Við bjóðum upp á vandaða tíma sem sameina þjálfun líkama og huga.

Góðan dag
Hressilegur tími í morgunsárið þar sem þolaukandi æfingar eru gerðar ásamt styrktaræfingum fyrir alla vöðvahópa. Léttar teygjur í lokin.

Karlatími
Á mánudegi verður áhersla lögð á að liðka og styrkja stirða líkama. Sérstaklega er unnið með kvið, bak og teygjur. Á föstudögum er stöðvaþjálfun þar sem þol og styrkur fara saman. Tímar sem stuðla að toppformi!

Hádegisþrek
Hressandi tími þar sem brennsla, kviðæfingar og bakæfngar eru í fyrirrúmi. Góðar teygjur í lok tímans. Tilvalið að skreppa úr vinnunni og hressa líkama og sál.

Hádegisstyrkur
Styrktatæfingar með lóðum fyrir alla helstu vöðvahópa. Mikil áhersla lögð á kviðæfingar. Teygjur í lokin.

Mrl
Kviðæfingar í öllum regnbogans litum eru unnar í þessum tímum ásamt vaxtarmótandi æfingum fyrir rass og læri. Góðar teygjur eru gerðar samhliða. Slökun í lokin.

Bmrl
Mikil áhersla lögð á brennslu. Góðar æfingar fyrir kvið, rass og læri. Teygjur og slökun í lokin.

Jóga með Maggý
Í þessum góðu tímum tekur Maggý það besta úr ýmsum áttum. Frábærir jógatímar með góðri slökun.

Vaxtamótun 1
Létt upphitun og góðar leikfimisæfingar sem styrkja og auka vellíðan. Sérstök áhersla lögð á kvið, bak og jafnvægi. Teygjur og slökun í lok hvers tíma.

Vaxtamótun 2
Í upphafi er hröð og góð upphitun. Tíminn byggist á krefjandi og skemmtilegum styrktaræfingum fyrir allann líkaman. Notuð eru lóð, stangir, pílateshringur og boltar. Teygjur og slökun í lok hvers tíma.

Mjúkar teygjur
Rólegir og mjúkir teygjutímar sem eru mjög áhrifaríkir. Teygt er á öllum vöðvum líkamans. Þeir eru sérstaklega góðir fyrir þá sem þjást af vöðvabólgu í öxlum og baki, sem og stirðleika í fótleggjum. Slökun í hverjum tíma.

Bland í poka
Salsa, kicbox, magadans, pilates, pallar, styrktaræfingar, yoga og hugleiðsla matreitt á girnilegan hátt fyrir helgina.

Meðgöngujóga og sund
Þessir áhrifaríku tímar fyrir verðandi mæður sameina kosti meðgöngujóga og meðgöngusunds. Jóga er fyrsta flokks líkamsrækt sem er byggð á stöðum (asanas) og hentar konum einstaklega vel á meðgöngu.

Mömmujóga
Mömmujóga eur námskeið fyrir móðir og barn.

Við hefjum leikinn 10. september.
Allar nánari upplýsingar á www.meccaspa.is

LifeStream®

Lífrænt kalk og steinefni

rannsóknir sýna betri upptöku

Kalk er mikilvægt fyrir:
- Hjarta, taugaboð og vöðva.
- Gefur værð, bætir svefn og lagar sinadrátt.
- Styrkir tennur, tannhold og bein.
- Minnkar húðþurrk.
- Hylki, auðveld inntaka, takist inn að kvöldi.

FÆST Í APÓTEKUM OG HEILSUBÚÐUM

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

Fólat er nauðsynlegt fyrir barnshafandi konur og konur í barneignarhugleiðingum.

Nýr bæklingur um fólat

Nýr fræðslubæklingur um fólat og mikilvægi þess fyrir konur á barneignaraldri er nú kominn út. Lýðheilsustöð, landlæknisembættið og Miðstöð mæðraverndar standa að útgáfu bæklingsins en efni hans er byggt á eldri bæklingi um sama efni, auk þess sem nýjar upplýsingar koma þar fram. Bæklinginn er hægt að skoða og panta á heimasíðunni www.lydheilsustod.is.

Ítarefni um fólat, ráðleggingar um mataræði og næringarefni og ráðleggingar um mataræði á meðgöngu er á heimasíðum: Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod.is, landlæknisembættisins, www.landlaeknir.is og Miðstöð mæðraverndar, www.heilsugaeslan.is.

FÓLASÍN

FÆRÐU Í APPELSÍNUM

Fólasín er B-vítamín og nauðsynlegt fyrir bæði kynin, á öllum aldri. Fólínsýra hefur áhrif á starfsemina í frumum líkamans, á endurnýjun húðarinnar og það dregur úr líkum á hjartasjúkdómum hjá fullorðnum.

Fólasín er konum sérstaklega mikilvægt því líkur á brjóstakrabbameini minnka um nærri helming hjá konum sem neyta reglulega nægilegs magns af fólínsýru eða borða fólasínríka fæðu samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sænskra vísindamanna.* Fólasín hefur auk þess forvarnargildi gagnvart fósturskaða.

Margar fæðutegundir innihalda fólasín, einkum grænmeti, ávextir, baunir og vítamínbætt morgunkorn og brauð. Til að tryggja nægilegt fólasín úr fæðunni einni saman er nauðsynlegt að borða a.m.k. fimm skammta (500 gr) af ávöxtum eða grænmeti á dag auk kornmatar.

Eitt glas af Sól safa er á við eina appelsínu.

SÓL

...eins og náttúran ætlaði!

* Skv. frétt á Vísi, www.visir.is,- 09. ágúst 2007, þar sem vitnað er í nýjasta hefti tímaritsins American Journal of Clinical Nutrition.

AUGLÝSINGASTOFAN DAGSVERK - WWW.DAGSVERK.IS / 0807SOL

Ungbörn notuð sem lóð

Heilbrigði nýbakaðra mæðra er viðkvæmt og dýrmætt, og að mörgu að huga þegar farið er að hreyfa sig að nýju eftir fæðingu. Hreyfigreining býður upp á dásamlega mömmuleikfimi fyrir móður og barn.

„Þegar kona verður barnshafandi verða hjá henni miklar lífeðlisfræðilegar breytingar og þótt ástandið sé ekki sjúklegt er það sannarlega ekki normalt heldur," segir Sandra Dögg Árnadóttir, sjúkraþjálfari og kennari í mömmuleikfimi og meðgöngusundi.

Hreyfiþroski barna er þjálfaður sérstaklega í mömmuleikfimi Hreyfigreiningar.
MYND/HELGA ÁGÚSTSDÓTTIR

„Í dag eru konur vel lesnar og fróðleiksfúsar, og vilja aðeins það besta fyrir sig og barnið. Þar koma sjúkraþjálfarar sterkt inn því á meðgöngu eykst álag á liði í kringum mjóbak og mjaðmagrind. Bæði brjóst og leg eru afar viðkvæm og margt að varast í því sambandi, en ekki má púla eða hoppa mikið til að missa ekki mjólkina," segir Sandra, sem kennir á fimm vikna námskeiðum sem eru tíu tímar hvert um sig.

„Eftir meðgöngu og fæðingu þarf að styrkja grindarbotn og liðbönd sem halda mjóbaki og mjaðmagrind saman, en það gerum við með djúpvöðvaæfingum og styrktaræfingum fyrir grindarbotnsvöðva. Þetta þarf allt að gera í réttri röð og við byrjum á grindarbotni og síðan kviðvöðvum. Þá kennum við góða líkamsstöðu og hreyfingar og endum á alhliða þjálfun," segir Sandra og bætir við að í lok námskeiðs eigi konur að hafa fundið út hvað þeim henti í hreyfingu og líkamsrækt.

„Fyrri tími vikunnar er rólegur en hinn seinni hressari. Í rólega tímanum fer púlsinn lágt en í lágum púls verða æfingar mjög vaxtarmótandi og brennsla mikil. Það þarf því ekki alltaf að hamast til að ná árangri," segir Sandra en í mömmuleikfimi er einnig lögð áhersla á hreyfiþroska ungbarnanna sjálfra.

„Börnin geta verið með frá sex vikna aldri en það fer eftir hverri og einni konu hvenær henni hentar best að byrja, hvort brjóstamjólkin er komin í góða reglu og henni líði vel með að fara út að ganga með barnið í vagni, sem er allra besta brennslan. Í tímunum liggja börnin á sínu eigin teppi þar til um miðbik tímans að konurnar gera æfingar þar sem þær nota þyngd barnsins til styrkingar. Í lok tímans sitjum við saman í hring og gerum æfingar fyrir hreyfiþroska barnanna og sem litla fólkinu þykja afar ánægjulegar," segir Sandra og bætir við að námskeiðin séu frábær sem fyrsta hreyfing eftir meðgöngu og fæðingu.

Sandra Dögg Árnadóttir sjúkraþjálfari með dóttur sína í mömmuleikfimi, en börn hafa ekki síður gaman af leikfiminni en mæður þeirra.
MYND/HELGA ÁGÚSTSDÓTTIR

„Litlu krílin eru flest farin að hjala af kátínu í þriðja tíma og ef einhver þarf að gefa brjóst eða skipta á bleiu gerir hún það, en þetta er allt mjög afslappað og notalegt," segir Sandra, sem sigtar út þær konur sem þjást enn af slæmri grindargliðnun og sendir þær áfram í hópsjúkraþjálfun í Bata í Kringlunni.

Frekari upplýsingar um mömmuleikfimina fást hjá Hreyfigreiningu. *thordis@frettabladid.is*

Unnþór Jónsson, starfsmaður Studio Dan á Ísafirði, segir herþjálfunina hafa farið vel af stað í fyrra.

Box og herþjálfun

Unnþór Jónsson, starfsmaður Studio Dan á Ísafirði, segir að m-r-l (magi, rass og læri) þolfimikennslan sé það vinsælasta í stöðinni eins og undanfarin ár. „Svo stefnum við að því að hafa boxkennslu og ætlum að halda áfram að vera með herþjálfun líka. Við fórum af stað með það í fyrra og það tókst mjög vel," segir Unnþór.

Hann segir lokað átaksnámskeið verða þrisvar í viku í vetur en það sé blanda af spinning og þolfimi.

„Síðan erum við með spinning fjórum sinnum í viku og leiðbeinanda í sal alla daga. Svo erum við náttúrlega með einkaþjálfara hérna og barnapössun," segir Unnþór í Studio Dan. *- sig*

Gjöf náttúrunnar til þín

Omega-3

FISKIOLÍA

MEÐ SÍTRÓNU-BRAGÐI

Omega-3 fiskiolía inniheldur hátt hlutfall Omega-3 fitusýra, einkum EPA og DHA sem eru okkur lífsnauðsynlegar. Fjöldi rannsókna víða um heim hafa sýnt fram á jákvæða eiginleika þeirra fyrir heilsuna.

Omega-3 fiskiolía byggir upp ónæmiskerfið á marga vegu og hefur jákvæð áhrif á:

- sjón
- hjarta og æðakerfi
- blóðþrýsting
- kólesteról í blóði
- liði
- rakastig húðarinnar
- minni
- andlega líðan
- námsárangur
- þroska heila og miðtaugakerfis á meðgöngu

Má taka með lýsi.

LYSI

www.lysi.is

Kraftmikil haustdagskrá

8 vikna námskeið
hefjast 5. september

KONUR ÁTAK
KARLAR ÁTAK
PEAK PILATES
- 1. og 2. stig
- takmarkaður fjöldi

MÖMMUTÍMI
- Nýbakaðar mæður með börnin með

ROPE YOGA
- takmarkaður fjöldi

JÓGANÁMSKEIÐ
JÓGA á meðgöngu
- takmarkaður fjöldi

HERÞJÁLFUN
- Námskeið fyrir þá sem vilja meira en við hin

Aðgangur að Laugardalslaug, Lágafellslaug (frá 01.10.07), tækjasölum og opnum tímum fylgir ofangreindum námskeiðum.

12 vikna námskeið
hefjast 10. september

LÍKAMI FYRIR LÍFIÐ
- Fyrir konur
Starfið felur í sér sölu á raflagnaefni af öllu tagi ásamt ráðgjöf. Skilyrði er að viðkomandi sé rafvirki eða með haldgóða þekkingu á raflagnaefni. Við leitum að áhugasömum einstaklingi, sem getur hafið störf sem fyrst. Við bjóðum skemmtilegt starfsumhverfi í samheldnum hópi yngri og eldri starfsmanna.

> **Áhugasamir hafi samband við Ásgeir í síma 863 5444 eða sendi umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið asgeir@rafport.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.**

Rafport ehf er ört vaxandi og framsækið fyrirtæki með skýr markmið. Við erum innflutnings- og heildsölufyrirtæki í raflagnaefni og þjónustum aðallega rafverktaka. Við sérhæfum okkur í stýrikerfum sem tengjast ljósa- og hitastýringum og á því sviði erum við leiðandi fyrirtæki á íslenskum markaði, sem og í rafmagnstöflum og búnaði þeim tengdum. Í dag starfa 20 manns hjá fyrirtækinu.

ÚTSALA
ÚTSALA

60 - 80% afsláttur

Lín Design, íslensk hönnun
Textílvara, gjafavara, handklæði, rúmföt, matar- og kaffistell, o.fl.

50% afsláttur

Gjafavara, matar- og kaffistell - frábært úrval

egg afsláttur 60% egg afsláttur

1.398
Verð áður 3.495

Vives, veggflísar
Moyua Marron, 27 x 41,5 sm
8600546/7

egg afsláttur 50% egg afsláttur

2.995
Verð áður 6.080

Keope, gegnheilar gólfflísar
Caramel, 60 x 60 sm
8630045

egg afsláttur 50% egg afsláttur

2.590
Verð áður 5.810

Keope, gegnheilar gólfflísar
Plum, 45 x 45 sm
8630055



egg afsláttur 25% egg afsláttur

5.990m²

Geo, plankaparket/hnota
146002

60 - 80% afsláttur

Húsgögn í miklu úrvali

egg afsláttur 80% egg afsláttur

1.380
Verð áður 6.900

Stólar / leður, brúnn
4200690

Hreinlætistæki Gólfefni Heimilistæki Raftæki Gjafavara Búsáhöld Húsgögn Ljós Innréttingar

Rýmum fyrir nýjum vörum - allt að 80% afsláttur

www.egg.is

EGG SMÁRATORGI

RIVER PHOENIX FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1970

„Ég vil alls ekki deyja í bílslysi, en dagurinn sem ég dey verður dýrðardagur. Það verður að öllum líkindum í fossi eða öðru vatnsfalli.“

Leikarinn með ár-nafnið var mikill dýravinur og umhverfissinni, en auk þess hæfileikaríkur tónlistarmaður. River var í miðjum tökum á kvikmyndinni Dark Blood þegar hjarta hans gaf sig eftir of stóran eiturlyfjaskammt og lést 31. október 1993. Hann hefði orðið 37 ára í dag.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 23. ÁGÚST 1967

Ísland – Danmörk: 2-14

Á þessum degi árið 1967 fékk íslenska knattspyrnuþjóðin skell sem aldrei gleymist, en þá rasskelltu Danir íslenska landsliðið í knattspyrnu á Idrætsparken í Kaupmannahöfn með fjórtán mörkum gegn tveimur. Þótt í dag séu liðin 40 ár síðan Íslendingar voru niðurlægðir af frændum sínum á þjóðarleikvangi Dana, hefur þeim síður en svo tekist að gleyma þessum úrslitum. Mörk Íslendinga gerðu þeir Helgi Númason og Hermann Gunnarsson. Mikill hugur hafði verið í íslenska landsliðinu eftir góðan árangur gegn Spánverjum, en leikurinn reyndist verða hin mesta háðung fyrir íslenska knattspyrnu þegar Danir sigruðu með fáheyrðum yfirburðum og eru þetta mestu hrakfarir íslenskrar knattspyrnu fyrr og síðar.

Í bókinni Knattspyrna í heila öld kemur fram að leikurinn hafi verið samfelld hrakfallasaga hjá íslenska liðinu, en tónninn var gefinn þegar Elmar Geirsson fékk bolta í höfuðið í búningsklefanum svo hann rotaðist og gat ekki spilað með.

Staðan í hálfleik var 6:0 og eftir leikhlé héldu dönsku landsliðsmennirnir áfram að skora hvert glæsimarkið á fætur öðru. Meðal dönsku markaskoraranna var Finn Laudrup, faðir Michaels og Brians, sem síðar áttu eftir að verða heimsfrægir knattspyrnumenn.

Íslenskir fjölmiðlar ýmist skömmuðust út í eða grétu með íslenska landsliðinu daginn eftir, og orð eins og „áminning“, „reiðarslag“ og „stórslys“ voru notuð um þetta mesta hneyskli íslenskrar íþróttasögu.

MERKISATBURÐIR

- **1833** Prælahald var afnumið í nýlendum breska konungsveldisins.
- **1940** Þjóðverjar hófu sprengjuárásir á Lundúnir í Englandi í seinni heimsstyrjöldinni.
- **1962** Fyrsta beina sjónvarpsútsendingin milli Bandaríkjanna og Evrópu í gegnum Telstar-gervihnöttinn.
- **1964** Bítlarnir gáfu út plötuna A Hard Day's Night.
- **1990** Stjórnvöld í Vestur- og Austur-Þýskalandi gáfu út yfirlýsingu um sameiningu Þýskalands þann 3. október.
- **2006** Natascha Kampusch, sem rænt var af barnaníðing þegar hún var tíu ára, náði að flýja frá kvalara sínum Wolfgang Priklopil, eftir átta ára gíslingu.

LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

AFMÆLI

Noor Jórdaníudrottning
er 56 ára í dag.

Stefán Jónsson
leikari
er 43 ára í dag.

Svanur Kristjánsson
prófessor
er 60 ára í dag.

Barbara Eden
leikkona
er 73 ára í dag.

Magnús Leópoldsson
fasteignasali
er 61 árs í dag.

Úlfar Eysteinsson
matreiðslumeistari
er 60 ára í dag.

KARL V. MATTHÍASSON ALÞINGISMAÐUR: FORMAÐUR VESTNORRÆNA RÁÐSINS

Hugsar til bleika steinsins

Nú stendur yfir 10 ára afmælisársfundur Vestnorræna ráðsins í Nuuk á Grænlandi, en á þinginu tekur við nýr formaður sem kosinn var séra Karl V. Matthíasson, þingmaður Samfylkingarinnar og formaður Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins sem að standa Ísland, Færeyjar og Grænland.

„Ég er ákaflega glaður og hef að mörgu leyti kynnst nýjum heimi með því að taka við þessu verkefni,“ segir Karl, sem tekur við embættinu af Jonathan Motzfeldt, forseta grænlenska Landþingsins.

„Það er mikill skyldleiki á milli Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga. Þjóðirnar eru allar veiðimannasamfélög sem lifa í náttúrunni. Í rótum okkar liggja náin tengsl og mikil átök við óblíða náttúru og þess vegna höfum við sama skilning og vitum hver við erum þegar við mætum hverju öðru,“ segir Karl, sem í embættisræðu sinni sagðist ætla að leggja höfuðáherslu á fjögur málefni í formannstíð sinni, en eitt þeirra er að fylgja eftir vinnu sem Jonathan Motzfeldt ýtti úr vör um að fá ESB til að beina sjónum sínum að vandamálum sem skapast hafa í og við Norðurskautið vegna hlýnunar.

„Þessar þrjár þjóðir bera sömu hagsmuni fyrir brjósti og nú erum við að leggja fram tillögur um áherslu á sameiginlegar rannsóknir á fiskistofnum okkar og hafsvæðum, til að kynnast betur hafinu og lífríki þess. Því þótt svo menn deili um aðferðir við fiskveiðar og hversu mikið skal veiða, ætti það ekki að koma í veg fyrir samfellu í hafrannsóknum okkar,“ segir Karl sem einnig lagði áherslu á aukið samstarf í björgunarmálum.

„Umferð farþega- og flutningaskipa um Norður-Atlantshaf hafa aukist mjög og nú síðast í gær sá ég stórt skemmtiferðaskip koma í gegnum ísinn að Nuuk. En hvaða þekkingu hafa skipstjórar á þessu hafsvæði og hvernig eru þessi skip byggð? Hvað ætla Íslendingar að gera ef 500 farþega skip lendir í skaða í kringum okkur? Erum við viðbúin og með áætlanir?“ spyr Karl sem vill beita sér fyrir auknu samstarfi, samráði og samhæfingu vestnorrænu landanna varðandi björgunarmál á svæðinu.

KARL V. MATTHÍASSON Nýr formaður á afmælisfundi Vestnorræna ráðsins sem stendur yfir í Grænlandi.

Og Karl segist hugsa mikið til bleika steinsins, sem tákni ákveðið í huga hans og sé alltaf í hillunni hjá sér.

„Það hefur orðið bakslag í jafnréttisbaráttunni eftir að klámi var gert hærra undir höfði, eins og til dæmis á íslenskum sjónvarpsrásum. Ungir menn eru mikið í klámi á netinu og niðurlæging kvenna að aukast í samfélaginu. Ég vil útbúa námsefni fyrir grunnskóla um kjör og hlutskipti kvenna á norðursvæði jarðar. Hugarfar breytist ekki svo glatt með lagasetningu einni saman, en hér er um áþreifanlega jafnréttisvinnu að ræða. Við þurfum að uppfræða og tala um hvað sé kona og hvað sé karl; í öllum þessum þremur löndum,“ segir Karl sem á milli funda hefur notið tilverunnar í Nuuk.

„Ég hef víða um heiminn farið og verið boðinn til veislu hjá mörgum þjóðum, en ekkert toppar grænlenska eldhúsið. Bestu veitingahús Parísar slá ekki út þessa matarupplifun hér. Ég vona bara að ég komist með hreindýr heim,“ segir Karl hlæjandi og heldur upp á jökulinn með gestrisnum Grænlendingum. **thordis@365.is**

†

Ástkær faðir minn, tengdafaðir og afi,

Kristján Jóhannsson
frá Skjaldfönn,

andaðist föstudaginn 17. ágúst. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 24. ágúst kl. 13.00.

Kristján Gaukur Kristjánsson **Maliwan Phumipraman**
Pathipan Kristjánsson
Malín Agla Kristjánsdóttir
Kristján Örn Kristjánsson
Drengur Arnar Kristjánsson

†

Ástkær faðir okkar,

Guðmundur J. Kristjánsson
dúklagninga-veggfóðrarameistari,
Bakkagerði 12, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 22. ágúst á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni.

Guðni Guðmundsson
Örn Guðmundsson
Áslaug Guðmundsdóttir
Þórlaug Guðmundsdóttir
Albert Guðmundsson
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Árni Ibsen

lést þriðjudaginn 21. ágúst 2007.

Hildur Kristjánsdóttir
Kári Árnason **Sigurrós Jónsdóttir**
Flóki Árnason **Jenný Guðmundsdóttir**
Teitur Árnason
Darri Kárason
Jón Árni Kárason
Bríet Flókadóttir

Jarðarförin verður auglýst síðar.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Guðný Þ. Þórðardóttir
frá Neskaupstað,

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 12. ágúst síðastliðinn. Hún verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði í dag, fimmtudaginn 23. ágúst kl 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á líknarstofnanir.

Axel Óskarsson
Jóhanna Kristín Óskarsdóttir
Friðrik Grétar Óskarsson
Auður Sigurrós Óskarsdóttir
Bergþóra Óskarsdóttir
og fjölskyldur.

Eik Livaloc Struktur
3ja stafa, borðastærð
14x189x2.200 mm
146600

Frábært verð
Nýtt parket frá frændum okkar í Danmörku.
Livalov krækja - ekkert lím.

Gæða gólfefni
á lægra verði

Askur Family hvíttaður
Borðastærð 15x207x2,200 mm
146912
3.390 m²

Eik natúr planki
Breiður planki með stórum kvistum og miklum litabrigðum, borðastærð 15x180x2,200 mm
146931
4.890 m²

Nýtt
hjá Húsasmiðjunni
BARLINEK

BarClick krækja, ekkert lím, auðvelt í lögn

Askur Family
3ja stafa, sterk litabrigði, borðastærð 15x207x2,200 mm
146911
3.190 m²

Eik Family planki
Breiður klassískur eikarplanki
Borðastærð 15x180x2,200 mm
146932
5.190 m²

Eik Espresso planki
Breiður planki dökkbæsaður
Borðastærð 15x180x2,200 mm
146933
5.490 m²

Sama lága verðið um land allt

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Fimmfaldur pottur stefnir í

33 milljónir

Náðu þér í lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is

Lottó

STUÐ MILLI STRÍÐA Hælaskór og berjamór

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR GENGST HUGARÓRUM Á HENDUR

Ég bý svo vel að eiga tengdafólk í fjallafaðmi. Slíkur munaður er ómetanlegur þegar þreytan fer að segja til sín. Þá er pakkað niður í tösku, gripið í hljóðbók og brunað norður á bóginn. Þegar á áfangastað er komið gengst ég síðan hugarórum mínum um einfalda tilveru á hönd.

Frá því ég man eftir mér hef ég verið haldin einhvers konar fortíðarþrá. Jane Austen og Litla prinsessan höfðu svo mikil áhrif á mig að ég hefði glöð afsalað mér kasettutæki og kornfleksi fyrir kekkjóttan hafragraut og síð pils. Á sama tíma og mig fór svo að langa að verða ofurkona sem geysist áfram framabrautina á tólf sentimetra hælum merktum Manolo eða Louboutin, helltist þrá eftir sveitalífi yfir einhvern annan hluta af mér.

Mig dreymir um að búa í afskekktum litlum kofa, rækta matjurtir og kartöflur í garðinum mínum, fara í göngutúra í rigningu og róa út á þægilega lygnt vatn til að leggja net. Svo sulta ég og safta, elda matarmiklar súpur frá grunni, baka alltaf köku í eftirmiðdaginn og drekk ógrynni af tei. Þess á milli sauma ég út, skrifa, les og hlusta á tónlist.

Þetta er draumurinn. Eða draumórar. Eða kannski bara órar, því ég veit fullvel að ég myndi verða geðveik eftir svona viku. Ég gæti varla róið til að bjarga lífi mínu, vorkenni fiskum of mikið til að drepa þá og er með algjöra andstæðu grænna fingra. Mér leiðist óendanlega að sulta, drekk ekki saft, og veit ekki hvað skilur súpu „frá grunni“ frá pakkasúpum frá Toro.

Ég fer því milliveginn. Þegar norður er komið, sest ég út á verönd og horfi upp í brekkuna sem ég mun ekki fara í fjallgöngu um. Ég hlusta á rollur jarma úr hæfilegri fjarlægð og tíni upp í mig bláber. Sem tengdó tíndi, auðvitað. Hælaskór og berjamór fer ekki saman.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

1.199 kr/kg, áður 1.998 kr/kg
Borgarness víkinga-lambalæri m/karrý og kókos

916 kr/kg, áður 1.527 kr/kg
Borgarness grísakótilettur

Goða lifrarpylsa, soðin, **369** kr/kg, áður 738 kr/kg
Goða blóðmör, soðinn, **299** kr/kg, áður 599 kr/kg

349 kr/pk, áður 499 kr/pk
Frechetta Italiano, 2 stk í pakka

274 kr/kg, áður 609 kr/kg
Ísfugls kjúklingalæri m/legg

Casa Fiesta dagar

Hönnun: H:N markaðssamskipti / SÍA Umbrot: Víkurfréttir

full búð af frábærum tilboðum
Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 23.–26. ágúst eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

!

KL. 18.00
Umræður um íslenska myndbandalist í kjölfarið af sýningum á íslenskri vídeólist. Í beinu framhaldi af umræðum verða fluttir gjörningar og sýnt meira af nýstárlegum tilraunum þeirra sem nota myndbandið sem listtæki.

menning

menning@frettabladid.is

Tumi tekur saman

Það eru sýningarlok í Safninu á Laugavegi á sunnudag og því fer hver að verða síðastur að sjá ný verk Tuma Magnússonar og Jennifer Tee. Sýnir Tumi tvær ljósmyndir og stærri veggljósmynd (photomural), verk sem hafa þróast í framhaldi af fyrrnefndum verkum. Verkin eru unnin inn í ákveðið rými Safns en þetta er fyrsta sýning listamannsins í Safni.

Í innsetningu Jennifer Tee í Safni koma meðal annars fyrir púðar í laginu eins og endur, ljósmyndaportrett af listakonunni sjálfri í líki andar og myndbandsverk. Í einu þeirra kemur hún sjálf fram í grátbroslegri glímu við fljúgandi lauk.

Í Safni, Laugavegi 37, er samtímamyndlist til sýnis á þremur hæðum. Aðgangur er ókeypis. Opið er frá 14-18 mið.-fös. en frá 14-17 lau.-sun. Ferlistengt sýningarverkefni Unnars Arnar J. Auðarsonar; „Yfirborðssafnið • Girndararkífið • Hrörnunarvirkið", sem hófst 17.maí sl. stendur yfir í Safni til 20. október og tekur sífelldum breytingum á meðan sýningartímabilinu stendur.

TUMI MAGNÚSSON Myndlistarmaður og ómissandi hlutir.

> Dustaðu rykið af …

Skáldsögum Jakobínu Sigurðardóttur, Dægurvísu, Lifandi vatninu, og smásagnasöfnum hennar og minningabrotum. Á morgun lýkur lestri á Rás 1 á Snörunni, en flest allt sem Jakobína sendi frá sér er brakandi skáldskapur.

Nýtt safn frá Neil

Fyrir þremur áratugum lagði Nel Young safn laga á hilluna sem kallað var Krómdraumar. Nú hefur hann tilkynnt að væntanlegir séu Krómdraumar 2. Á þeim fyrri áttu að vera lög sem rötuðu inn á aðrar plötur: Like a Hurricane, Powderfinger, Sedan Delivery og Pocahontas. Seinna bindið er væntanlegt 16. október og geymir tíu lög, þrjú þeirra af gömlum lager. Tvö laganna eru söguljóð. Þar spila með Young Ralph Molina, bassistinn Rick Rosas og gítaristinn Ben Keith. The Blue Note blásarar eru í einu lagi og barnakór á öðru. Lengi hafa menn beðið eftir kassanum úr arkífi meistarans sem er á útgáfuáætlun núna í febrúar á næsta ári. - pbb

NEIL YOUNG

Reyfi 2007

MENNINGARGNÆGÐ NORRÆNA HÚSIÐ
18. – 26. ÁGÚST 2007

FIMMTUDAGUR 23. ÁGÚST

LISTSÝNINGAR ALLA DAGA Á MEÐAN Á HÁTÍÐINNI STENDUR:
HÖNNUNARSÝNING FRÁ ÁLANDSEYJUM
LJÓSMYNDASÝNING UM ARKITEKTÚR
LJÓSMYNDASÝNING REBEKKU GUÐLEISFDÓTTUR
GLOBAL VILLAGE HEIMSÞORP
"SKÖPUN ÚR RUSLI" OG LJÓSMYNDASÝNING
VINNUSKÓLA REYKJAVÍKUR
SÝNING Á VERKUM LEIKSKÓLABARNA

GLERSKÁLI:
KL. 16:00
MED ANDRA ORD
SIRKUSSMIÐJA FYRIR BÖRN

TÓNLEIKAR:
KL. 17:00 MED ANDRA ORD
KL. 19:30 HRAFNASPARK
KL. 21:00 HJALTALÍN
KL. 22:30 MAGNET

NORRÆNA HÚSIÐ:
KL. 10:00 – 22:00
ÍSLENSK MYNDBANDALIST
KL. 15:00
LAVALAND, VERKSTÆÐI FYRIR BÖRN OG UNGLINGA
KL. 17:00
KVIKMYNDIN WELLKÅMM TO VERONA EFTIR SÆNSKA LEIKSTJÓRANN SUZANNE OSTEN
KL. 18:00
LJÓÐSAGNASTUND Í BÓKASAFNINU MEÐ PÓRARNI ELDJÁRN
KL. 20:00
ALLSHERJAR GJÖRNINGA- OG MYNDBANDAVEISLA ÞAR SEM ALLIR GJÖRNINGAR REYFI HÁTÍÐARINNAR VERÐA FLUTTIR OG MYNDABANDALIST SÝND Í SALNUM.

NORRÆNA HÚSIÐ
WWW.NORDICE.IS - WWW.REYFI.IS

Margt í vændum í Borgarleikhúsinu

Starfsemi Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi er hafin og um aðra helgi verður hið árlega opna hús þar sem gestum hússins er boðið í heimsókn og leikárið kynnt. Aðsókn að Borgarleikhúsinu í fyrra var með almesta móti: 160 þúsund gestir komu í húsið á leiksýningar og aðrar samkomur en Leikfélag Reykjavíkur sem annast rekstur hússins hefur um langt skeið fylgt þeirri stefnu að húsið verði miðstöð margs konar menningarstarfs.

GUÐJÓN PEDERSEN, LEIKHÚSSTJÓRI Í BORGARLEIKHÚSINU. Síðasta starfsár hans eftir nær átta ára vist.

MARTA NORDAL LEIKKONA Fæst nú í fyrsta sinn við leikstjórn í Borgarleikhúsinu.

SELMA BJÖRNSDÓTTIR, LEIK OG SÖNGKONA. Bætir fjöðrum í sinn hatt og leikstýrir stórsýningu, Gosa.

BJÖRN HLYNUR HARALDSSON LEIKARI Tekur gamlan hittara Superstar með sínu lagi.

Tvær mikilvægar stoðir í íslenskum sviðslistum hafa aðsetur í Borgarleikhúsinu en Reykjavíkurborg á húsið: Leikfélagið sem fagnaði fyrr á þessu ári 110 ára starfsafmæli og Íslenski dansflokkurinn sem þar hefur haft starfsstöð lengi. Að auki eru salir leikhússins sem er stærsta og fullkomnasta leikhús landsins leigðir út til funda, hljómleika og kynninga af ýmsu tagi. Þar hafa aðrir leikhópar inngöngu um sjálfstæð verkefni og sviðsetningar sem unnar eru í félagi við Leikfélagið.

Síðasti vetur Gíó

Það var leikhússtjórinn sem kynnti verkefnaskrána á þriðjudag. Guðjón Pedersen hefur stýrt listrænu starfi í húsinu frá 2000 og er þetta síðasti starfsvetur hans en starf leikhússtjóra verður auglýst í haust. Fjöldi verka frá liðnu starfsári verður áfram á fjölum leikhússins um sinn meðan aðsókn leyfir, en mikil starfsemi hefur verið í húsinu á liðnum misserum: í boði á haustmánuðum verða eftirtaldar sýningar frá síðasta ári: Belgíska Kongó, sem er að hefja sitt fjórða ár á Nýja sviðinu; söngleikurinn Grettir á Stóra sviðinu, samstarfsverkefni LR og Vesturports, ÁST, sem naut mikilla vinsælda á liðnum vetri, Dagur vonar eftir Birgi Sigurðsson, sem hlaut mikið lof og góða aðsókn, gestaleikur Skámána, Killer Joe, sem verður sýndur nokkrum sinnum í september á Litla sviði, Viltu finni milljón og afmælissýning Ladda. Ekki eru öll kurl komin til grafar í verkefnaskránni: væntanlegir eru tveir gestaleikir og enn er ósagt frá hvaða sjálfstæðir hópar verða í húsinu í vetur. Þá á Íslenski dansflokkurinn eftir að tilkynna um sín verkefni.

Farsar af ólíkum stofni

Lík í óskilum eftir skoska leikskáldið Anthony Neilson verður fyrsta frumsýning vetrarins í leikstjórn Steinunnar Knútsdóttur. Neilson er kunnur hér af nokkrum áleitnum verkum um samfélagsleg efni sem hann tekur föstum tökum, en hér er hann að endurvinna hefð franska farsans. Verkið deilir Litla sviðinu með Killer Joe: hér er á ferðinni ærslafullur misskilningsleikur af nýrri gerð. Með aðalhlutverk fara þekktir gamanleikarar: Eggert Þorleifsson, Helga Braga Jónsdóttir, Halldóra Geirharðsdóttir og Þórhallur Sigurðsson - Laddi. Sviðsetningin er frumraun Steinunnar Knútsdóttur við leikstjórn hjá LR en frumsýning er 1. september.

Viltu finna milljón hefur nú gengið í húsinu á þriðja ár. Verkið er úr smiðju Camelottis hins franska og staðfærður af Gísla Rúnari Jónssyni. Sýningum lauk í vor fyrir fullu húsi.

Gosi, Grettir og Jesús

Fjölskyldusýning ársins er leikgerð Karls Ágústs Úlfssonar á dæmisögunni um Gosa eftir eftir Carlo Collodi. Leikstjóri er Selma Björnsdóttir og er sviðsetningin frumraun hennar hjá LR. Frumsýning verður á Stóra sviðinu í um miðjan október. Þetta er í annað sinn sem ævintýrið um Gosa er gert að leiksýningu en á 1981 naut það mikilla vinsælda í sviðsetningu Þjóðleikhússins. gosi um miðjan október.

Gosi deilir Stóra sviðinu með Ladda og Gretti, en um jól kemur á svið söngleikur Webbers og Rice frá 1970 um síðustu daga Jesú Krists og er þetta í þriðja sinn sem LR ræðst í sviðsetningu verksins. Fyrst var það sýnt í Austurbæjarbíó 1973 og síðar í Borgarleikhúsinu 1995. Hafa yfir fimmtíu þúsund leikhúsgestir séð verkið í meðförum LR. Nú er það Björn Hlynur Haraldsson sem setur verkið á svið en það er frumraun hans í leikstjórastóli hjá LR.

Gestaleikir

Fleiri nýjar sviðsetningar eru fyrirhugaðar á Stóra sviðinu í ár. Íslenski dansflokkurinn verður með tvær hefðbundnar sýningar þar í vetur. Þýskur leikflokkur frá Volksbuhne í Berlín undir stjórn hins fræga Castorf flytur Sporvagninn Girnd í sinni útgáfu í nóvember og annar þýskur flokkur frá einu virtasta leikhúsi Evrópu, Shaubuhne í Berlín kemur í vor og leikur Draum á Jónsmessunótt. Þá segir Guðjón Pedersen að í umræðum sé stórt verkefni í samstarfi við tvö evrópsk leikhús um sviðsetningu á sígildu verki í vor, en fæst ekki til að greina frekar frá hvað það er.

Nýja sviðið

Á Nýja sviði eru þrjú verk fyrirhuguð: Ræðismannsskrifstofan eftir Jo Strömgren í leikstjórn hans sjálfs: Á rússneskri ræðismannsskrifstofu í litlu og ónefndu landi reyna diplómatarnir að halda dampi. Föðurlandið er víðs fjarri, pósturinn kemur sjaldan og síminn hringir aldrei. Sýning á bullmáli eftir leikhússnillinginn Jo Strömgren sem hefur skapað mjög sérstætt sviðstungumál og hafa sýningar hans ferðast til yfir 40 landa.

Á afmælisdegi LR og hefðbundnum frumsýningardegi félagsins verður gamanleikurinn Hetjur eftir Gerald Sibleyras í leikstjórn Hafliða Arngrímssonar. Leikurinn gerist í ágúst 1959. Grátbroslegt verk um vinskap þriggja fyrrverandi hermanna úr seinni heimsstyrjöld sem dvelja saman á elliheimili. Auk baráttu við valdamikla forstöðukonu hælisins reyna gömlu stríðshetjurnar að drepa tímann, sem líður náttúrlega af sjálfsdáðum.

Vorverkið er svo Gítarleikararnir eftir Line Knutzon í leikstjórn Hilmis Snæs Guðnasonar: Hlýlegur gamanleikur með lifandi tónlist. Verkið fjallar um fjórar manneskjur sem koma saman til að votta nýlátnum trúbador virðingu sína. Að lokinni jarðarförinni hittast þau fyrir utan hús hins látna til að æfa saman minningardagskrá með lögum eftir hann.

Minnsta sviðið

Fýsn eftir Þórdísi Elfu Þorvaldsdóttur Bachman kemur þar upp í lok febrúar í leikstjórn Mörtu Nordal. Verkið hlaut fyrstu verðlaun í leikritasamkeppni Borgarleikhússins „Sakamál á svið" á síðasta leikári: Ung og nýgift hjón þurfa að horfast í augu við myrkustu afkima sálarinnar þegar leyndarmál úr fortíðinni rústar nær hamingju þeirra. Hversu langt eru þau reiðubúin að ganga til að bjarga hjónabandinu og ástinni?

Vorverkið er Dauðasyndirnar 7 í stjórn Rafael Bionciotto. Það er trúðasýning fyrir fullorðna og fjallar um hinn sígilda vanda sem felst í því að lifa lífinu og er frjálsleg túlkun á Guðdómlegum gamanleik Dantes.

Gestir á Litla sviði eru Sokkabandið sem Jón Páll Eyjólfsson leikstýrir og þá er í vændum sýning á vegum Margrétar Pétursdóttur og félag um Oþello, Jagó og Desdemónu, sem verður að hluta leikin á táknmáli.

Bjartsýni

Tuttugu og fimm leikarar eru nú á föstum samningum hjá LR. Í sumar var unnið að viðhaldi á hringsviði og rárkerfum, og á næsta ári er fyrirhugað að gera upp sæti og teppi í Stóra salnum. Mikið álag er á starfsliði hússins og segir Guðjón hafa verið nauðsyn að bæta í í flestum deildum. Hann er bjartsýnn og segir mikið um að vera alla jafna í húsinu. Leikfélagið hefur í rúma öld þegið meginstyrk sinn frá Reykjavíkurborg, en á liðnum árum hafa einkaaðilar styrkt það rausnarlega: nú er Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis helsti styrktaraðili félagsins.

pbb@frettabladid.is

MARBERT

SO NATURAL

So Natural er fljótandi farði í pumpuformi með léttri og rakagefandi áferð sem jafnast strax við húðlitinn og gefur náttúrulega tilfinningu.

Kynningar verða í snyrtivörudeildum Hagkaupa* dagana 23.- 30. ágúst.

Frábær tilboð og kaupaukar.

*Á ekki við um verslun Hagkaupa Borgarnesi

Gildir til 30. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Jónas með tónleika

Jónas Ingimundarson pianóleikari verður með tvenna tónleika á næstunni utan höfuðborgarinnar.

Á föstudagskvöld spilar hann í kirkjunni í Borgarnesi. Þeir tónleikar hefjast kl. 20, og annan fimmtudag verður hann með tónleika á Sögusetrinu á Hvolsvelli, kl. 21.

Jónas hóf tónlistarnám sitt eftir fermingu hjá frú Leopoldínu Eiríks sumarið 1958. Hann stundaði tónlistarnám við Tónlistarskólann í Reykjavík og framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Vínarborg. Jónas hefur síðan starfað sem píanóleikari, tónlistarkennari og kórstjóri. Hann hefur haldið fjölda tónleika á Íslandi og komið fram víða í Evrópu og Bandaríkjunum, ýmist einn eða með öðrum, einkum söngvurum.

Um þessar mundir eru fjörutíu ár síðan Tónlistarfélag Borgarfjarðar hóf starfsemi, en Jónas sótti félagið heim þegar á fyrsta starfsárinu og lék þar á tónleikum, þá nýbyrjaður á sínum farsæla ferli.

Á dagskrá tónleikanna verða þrjár píanósónötur eftir Beethoven. Tónleikar Jónasar á Hvolsvelli eru liður í menningarveislu Sögusetursins þar sem áhersla er lögð á að kynna bæði íbúum og gestum sveitarfélagsins fyrir menningararfleifð svæðisins.

Þá eru listamenn tengdir svæðinu í hávegum hafðir. Jónas er úr Landeyjum, fæddur 30. maí 1944 á Bergþórshvoli í Rangárþingi eystra. - pbb

TÓNLIST Jónas Ingimundarson pianóleikari fagnar fjörutíu ára starfsafmæli um þessar mundir.

Ný lög frá Joni

Kaffihúsakeðjan Starbucks rekur sitt eigið útgáfufyrirtæki og gerði það gott með síðustu plötu Paul McCartney, Memory Almost Full fyrr í sumar. Nú er opinbert að útgáfa Starbucks, Hear Music gefur út fyrstu plötu Joni Mitchell með nýju efni síðan 1998, en kanadíska söngkonan hefur þegar átt eldra efni á tveimur diskum á vegum fyrirtækisins. Hún yfirgaf Geffen Records fyrir fáum árum og hefur ekki talað fallega um hljómplötuiðnaðinn síðan. Shine heitir nýja platan og verður í verslunum upp úr 25. september og tengist verkið ballett sem samin er við þessa tónlist og myndlistarsýningu listakonunnar sem hefur allan sinn feril málað jafnt því að semja perlur söngva. -pbb

TÓNLIST Joni Mitchell



KRAFTAKARLAR Hálandaleikarnir eru fremur óhefðbundin kraftakeppni þar sem skosk stemning ræður ríkjum.

Alvöru skosk stemning

„Tónlistin sem sekkjapípa gefur frá sér er kannski ekki sú skemmtilegasta í heimi en hún gefur kraftaköllunum aukna orku í hjartað. Þetta er því mikilsvert og ábyrgðarfullt starf," segir Hjalti Úrsus Árnason, skipuleggjandi hinna árlegu Hálandaleika sem fram fara á Akranesi um helgina.

Hjalti stendur nú í dauðaleit að sekkjupípuleikara til að taka þátt í hátíðarhöldunum um helgina, en þeir munu vera af skornum skammti hér á landi. Eins og venja er á Hálandaleikunum verður öll umgjörð að skoskum sið og munu keppendur klæðast skotapilsum. „Síðan er fyrirhugað að opna leikana með því að láta keppendur marsera inn á keppnissvæðið undir ómi sekkjapípunnar en okkur vantar sárlega manninn til að sinna því verki," segir Hjalti og biður alla sem hafa áhuga að hafa samband við sig hið fyrsta.

Að sögn Hjalta verða leikarnir um helgina glæsilegri en nokkru sinni fyrr og er von á Scott Rider, fremsta keppenda Bretlandseyja í íþróttinni til landsins vegna þeirra. Allir helstu kraftakarlar landsins munu mæta upp á Skaga um helgina og spreyta sig í drumbakasti og fleiri frumlegum aflgreinum sem njóta sívaxandi vinsælda.

„Þetta er ofboðslega skemmtilegt og við skorum á áhorfendur að taka þátt í stemningunni," segir Hjalti en í því sambandi má nefna að sá áhorfandi sem mætir í flottustu skosku hálandamúnderingunni fær vegleg verðlaun. - vig

HJALTI ÚRSUS Sárvantar sekkjapípuleikara fyrir helgina.

Bragi í Ameríku

BÓKMENNTIR Bragi Ólafsson skáld.

Edda útgáfa hefur gert samning við forlagið Open Letter í Bandaríkjunum um útgáfu á Gæludýrunum eftir Braga Ólafsson. Kemur sagan út þar haustið 2008. Open Letter, sem er nýtt forlag í eigu Rochester-háskóla, gefur út þýddar samtímabókmenntir fyrir hinn enskumælandi heim.

Gæludýrin er grátbrosleg frásögn af ótímabærum endurfundum tveggja ungra manna sem eiga fátt sameiginlegt annað en það að vera Íslendingar. Bókin var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2001 og Menningarverðlauna DV, og er komin út í Danmörku og Þýskalandi. Er þessi áfangi merkilegur fyrir Braga sem er orðinn vinsæll höfundur og hefur að auki sent frá sér ljóðasöfn og leikrit.

Danska forlagið Athene mun gefa út nýjustu skáldsögu Braga, Sendiherrann, en hún var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í fyrra. Athene er hluti Aschehoug í Danmörku sem er í eigu Egmont og kemur sagan út snemma á næsta ári. - pbb

Endurnærðir Papar snúa aftur

PAPAR Papar eru mættir aftur hressari en nokkru sinni fyrr eftir hálfs árs pásu.

Paparnir ætla að dusta rykið af hljóðfærunum eftir gott frí og spila á nokkrum vel völdum stöðum frá 24. ágúst til 19. október. Þeir hafa ekkert komið fram síðan 18. apríl og eru því orðnir verulega endurnærðir.

„Við erum að koma úr hálfs árs pásu. Við sögðum reyndar engum að við værum að fara í pásu og fólk var farið að spyrja ansi mikið um okkur," segir Matthías Matthíasson, söngvari og gítarleikari Papanna. „Við erum búnir að keyra á fullu í sjö ár og spila hátt í fimm hundruð gigg. Við vorum orðnir svo þreyttir hver á öðrum að við urðum að taka okkur pásu," segir hann og hlær.

Paparnir hafa undanfarið verið að leggja lokahönd á DVD-tónleikadisk sem er sjálfstætt framhald tvöföldu plötunnar Papar á balli, sem var gefin út í fyrra í tilefni af tuttugu ára starfsafmæli sveitarinnar. Á nýja disknum verða m.a. viðtöl við gamla meðlimi sveitarinnar auk viðtala við gamla og nýja aðdáendur. - fb

MOOD Bergþór Smári og félagar í Mood spila á Næsta bar í kvöld.

Mood með tónleika

Bergþór Smári, sem vakti athygli í síðustu Eurovision-keppni með laginu Þú gafst mér allt, spilar með hljómsveit sinni Mood á Næsta bar í kvöld. Mood var stofnuð árið 2003 og er skipuð, auk Bergþórs, þeim Inga Skúlasyni, bassaleikara Jagúars, og trommaranum Friðriki Júlíussyni.

„Við spiluðum upphaflega hina ýmsu „standarda" en núna erum við mest með frumsamið efni," segir Bergþór Smári sem er fyrirtaks blúsgítarleikari. Nefnir hann David Gilmore og Jimi Hendrix á meðal helstu áhrifavalda sinna. „Við ætlum að koma með plötu á næstu mánuðum og erum að leggja lokahönd á hana," bætir hann við. Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21.00 og kostar 500 krónur inn.

MEGAS OG SENUÞJÓFARNIR Megas og Senuþjófarnir spila í Laugardalshöll 13. október.

Í Höllinni 13. október

Megas og Senuþjófarnir halda tónleika í Laugardalshöll laugardaginn 13. október. Eins og kom fram í Fréttablaðinu fyrir skömmu ætlar Megas að spila í Höllinni í tilefni af útgáfu plötunnar Frágangur. Hefur platan selst í um þrjú þúsund eintökum og er fjórða söluhæsta plata Megasar frá upphafi.

Á tónleikunum munu Megas og Senuþjófarnir flytja allar helstu perlur Megasar í bland við lög af nýju plötunni. Miðasala hefst í byrjun september og verður eingöngu selt í númeruð sæti. Verða því aðeins um 2.500 aðgöngumiðar í boði.

> GOTT GLÁP

Bíódagar Græna ljóssins: Kvikmyndaveisla fyrir bæði auga og eyra. Fjölmargar athyglisverðar heimildarmyndir sem vert er að kíkja á.
Ratatouille: Brad Bird, skapari The Incredibles, sannar að fátt er betra en rotta í eldhúsi.

bíó

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN ÍVAR GUÐMUNDSSON ÚTVARPSMAÐUR

Pacino er holdgervingur Corleone-ættarinnar

Hvaða mynd sástu síðast í bíó?
Íslensku myndina Astrópía. Ein skemmtilegasta íslenska myndin sem ég hef séð síðan Sódóma.
Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?
Sá myndina Blood Diamond í vél Icelandair á leið til Boston. Frábær mynd.
Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig? Svona hin síðari ár þá er það myndin Life Is Beautiful eða La Vita é Bella. Roberto Benigni var alveg stórkostlegur í þessari mynd og gerði það að verkum að ég steingleymdi því að hún væri á ítölsku og lifði mig þvílíkt inn í hana.
Hefur þú grátið í bíó? Já, það hefur nú komið fyrir nokkrum sinnum en ég man þó mest eftir því sem lítill strákur að hafa grátið yfir teiknimynd þar sem lítill asni lét lífið. Fannst það óstjórnlega sorglegt.
Uppáhalds íslenska persónan: Ég verð nú að segja að Eggert Þorleifsson í hlutverki Dúdda í Með allt á hreinu er þar efst í huga. Spilaði líka nokkrum sinnum snóker við Eggert hér á árum áður og hann er mjög skemmtilegur.
Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:
Í mínum huga er það Jack Nicholson, hann hefur orðið betri með hverju árinu. Bestur finnst mér hann í myndinni As Good As It Gets.
Mesta hetja hvíta tjaldsins:
John Wayne er mesta hetjan en í minningunni var hann ósnertanlegur og næstum því eins og guð í augum mínum sem lítill strákur.
Mesti skúrkurinn: Al Pacino án nokkurs vafa, í myndunum um Guðföðurinn. Maður sér hvernig hann

þroskast og verður harðari eftir því sem aldurinn færist yfir og hann sem Don Michael Corleone er holdgervingur Corleone-ættarinnar.
Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð? Úff, ég er svo fljótur að gleyma vondum myndum sem betur fer en man þó eftir mynd sem heitir Random Heart og skartar leikurum eins og Harrison Ford og Kristin Scott Thomas. Myndin var hvorki fugl né fiskur.
Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér? Væri til í að leika í Ocean-myndunum með því úrvali leikara sem þar er, að sjálfsögðu yrði söguþráðurinn svik og prettir, nema hvað. Steven Soderbergh myndi leikstýra og ég vildi bæta Beyoncé við leikaravalið.

Bourne kemst nær

Minnislausi njósnarinn Jason Bourne snýr aftur í þriðju myndinni en hún var frumsýnd í gær. Að þessu sinni virðist eitthvað vera farið að rofa til hjá honum því í síðustu tveimur myndum hefur Bourne fengið einhver svör um hvaðan hann er og hver hann var en þetta hefur ekki reynst honum fullnægjandi. Og því ræðst hann í þriðja sinn að rótum sínum og nú situr Bourne í bílstjórasætinu. Leikstjóri Bourne Ultimatum er hinn virti Paul Greengrass en fjöldi stórleikara leggur Matt Damon lið sem bregður sér í líki Bourne í þriðja sinn. Meðal þeirra eru David Strathairn, Joan Allen, Scott Glenn og Albert Finney.

Jason Bourne er hugarfóstur rithöfundarins Robert Ludlum sem á sér dyggan aðdáendahóp hér á landi. Þrátt fyrir að hafa verið líkt við sjálfan James Bond eru hlutskipti þeirra tveggja ákaflega ólík. Bourne berst með berum höndum og hefðbundnum skotvopnum á meðan Bond fær oft aðstoð frá heldur ólíklegum og óraunverulegum hjálpartækjum. Reyndar lét Matt Damon hafa eftir sér að James Bond væri ekki lengur konungur leyniþjónustumannanna heldur hefði Bourne tekið við af honum.

Kvikmyndirnar þrjár um Bourne hafa skilað háum fjárhæðum í kassann fyrir framleiðendur myndanna og því verður erfitt að ímynda sér að fjórða myndin verði ekki að veruleika. DVD-útgáfan af Bourne Supremacy seldist til að mynda í tuttugu milljónum eintaka í Bandaríkjunum og halaði inn 500 milljónum dollara í aðsókn á heimsvísu sem samsvarar 32 milljörðum í kassann. Bourne Ultimatum hefur þegar slegið í gegn vestanhafs og því skyldi ekki útiloka að hún slá forverum sínum við í gróða.

HUNDELTUR Jason Bourne er kominn á sporið um hvar rætur hans liggja og þá er fjandinn laus.

DRAUMURINN ORÐINN AÐ VERULEIKA
Jóhannes Ævar stendur fyrir framan veggspjaldið þar sem Astrópía er auglýst. Fimm ára gamall draumur hefur því loksins ræst.

Löng bið loksins á enda

Kvikmyndin Astrópía var frumsýnd í gærkvöldi. Myndarinnar hefur verið beðið með þó nokkurri eftirvæntingu enda þykir hún um margt sérstök af íslenskri mynd að vera.

Astrópía segir frá Hildi, ungri stúlku sem hefur ekki þurft að standa á eigin fótum í langan tíma. Kærastinn hennar Jolli er smáglæpamaður og hefur séð algjörlega fyrir henni. En líf Hildar tekur U-beygju þegar Jolli er gripinn glóðvolgur við iðju sína og settur inn á Litla-Hraun. Í fyrsta skipti þarf Hildur nú að sjá sér sjálf farborða. Hún ákveður að sækja um í nördaverslun og þrátt fyrir að hafa ekki hugmynd um hvað myndasögublöð og hlutverkaleikir ganga út á fær hún starfið. Og þar taka hlutirnir óvænta stefnu. Astrópía er fyrsta kvikmynd Gunnars Björns Guðmundssonar í fullri lengd. Hann hafði áður getið sér gott orð fyrir stuttmyndir og ekki síst Karamellumyndina. Með aðalhlutverkin í myndinni fara þau Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, Snorri Engilbertsson, Pétur Jóhann Sigfússon og Davíð Þór Jónsson auk Höllu Vilhjálmsdóttur og Sverris Þórs Sverrissonar.

Endurskrifað tuttugu sinnum

„Fyrsta hugmyndin varð til hjá Ottó Geir Borg. Hann var að kynna hugmyndir sínar fyrir Ragnari Bragasyni sem leist strax vel á hugmyndina um glanspíuna sem fær starf í nördabúð," segir Jóhann Ævar Grímsson, annar handritshöfunda Astrópíu. Þetta var árið 2002 og þeir félagar hófust strax handa við að skrifa söguna. „Ragnar þurfti síðan að hverfa til annarra starfa en í staðinn kom Gunnar Björn og hristi aðeins upp í þessu," heldur Jóhannes áfram. Handritið hafði þá verið endurskrifað tuttugu sinnum og aðalpersónurnar höfðu tekið á sig hinar ýmsu myndir og nöfn. „Lengst af stóð til að Hildur héti til að mynda Dagmar og vondi karlinn Grettir," segir Jóhannes og rifjar síðan upp að einu sinni hafi þeir þýtt handritið upp á ensku og þá hafi nöfnin David og Victoria orðið ofan á. „En þau voru algjörlega úr lausu lofti gripin og höfðu enga tengingu við Beckham-hjónin."

Eftir að Gunnar Björn kom inn í hópinn var ákveðið að fara á fullt við að leita eftir framleiðendum. En sú leit bar í fyrstu lítinn árangur. Flestir voru mjög spenntir en töldu þetta einfaldlega vera of dýra framleiðslu. En eftir fund leikstjórans með Júlíusi Kemp og Ingvari Þórðarsyni komst mikil hreyfing á hlutina og ákveðið var að sækja um styrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands sem fékkst.

Eftir þessa mikla þrautagöngu er svo loks komið að frumsýningardeginum og segist Jóhann Ævar vera ákaflega spenntur. „Ég er heppinn að eiga mjög þolinmóða fjölskyldu sem hefur þurft að hlusta á sömu tugguna aftur og aftur í fimm ár; að Astrópía sé alveg að verða tilbúin," segir Jóhannes og hlær.

Praktískar lausnir niðurstaðan

Astrópía er blanda af ævintýra- og gamanmynd og efnistökin eru nokkuð sér á báti. Hinn lokaði heimur nörda, ekki eins og hann hefur verið sýndur í bandarískum gelgjumyndum heldur eins og hann birtist í íslenskum raunveruleika. „Þetta er mynd sem er fyrst og fremst framleidd með íslenska áhorfendur í huga. Og ekki hvað síst fyrir hina týndu kynslóð í íslenskri bíómenningu – unga fólkið," segir Júlíus Kemp, einn af framleiðendum myndarinnar. „Þegar Gunnar Björn kom til okkar fyrir tveimur árum leist okkur strax vel á handritið. Aðrir í þessum bransa höfðu talið þetta vera of dýrt og treystu sér ekki í verkefnið. En við sáum að það væri hægt að leysa veigarmikla þætti með praktískum lausnum," útskýrir Júlíus og bætir því við að danskur kvikmyndaframleiðandi sem sá myndina taldi að hún hefði ekki kostað undir 10 milljónum evra eða tæpar níu hundruð milljónir íslenskra króna. „Sannleikurinn er hins vegar sá að kostnaðurinn við hana var undir tvö hundruð milljónum

- fgg

ASTRÓPÍA VERÐUR TIL

2002 til 2003: Hugmyndin kviknar hjá Ottó Geir Borg og Jóhanni Ævari Grímssyni. Þeir setjast niður og byrja að skrifa sögu um glæsikvendi sem hefur störf í nördabúð. Ragnar Bragason er í nánu samstarfi við þá félaga en hverfur síðan til annarra verkefna.

2004: Gunnar Björn Guðmundsson bætist í hópinn og aðeins er hrist upp í handritinu. Kvikmyndafyrirtæki taka vel í handritið en þykir hugmyndin vera of dýr.

2005: Gunnar Björn fer á fund með Júlíusi Kemp og Ingvari Þórðarsyni hjá Kvikmyndafélagi Íslands sem taka vel í myndina og lesa handritið. Þeir segja já eftir stuttan umhugsunarfrest. Framleiðslustyrkur fæst hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands.

Júní 2006: Undirbúningur fer á fullt. Orðrómur um að Kastljósstjórnandinn Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir muni leika aðalhlutverkið kemst á kreik sem síðan er staðfestur í lok maí. Ungir og nánast óreyndir leikarar ráðnir í aðalhlutverkið.

Ágúst til september 2006: Tökur hefjast. Gamalli kjörbúð í Hafnarfirði breytt í nördaverslun og leitað er að sjötíu manns til að leika skrímsli.

22. ágúst 2007: Astrópía frumsýnd.

PLAYERS

KÓPAVOGI KYNNIR:

PAPAR

FÖSTUDAGS OG LAUGARDAGSKVÖLD 24.-25. 08 '07

HINIR ÓMÓTSTÆÐILEGU PAPAR MÆTTIR AFTUR, ...ALLTAF LÉTTIR!

prime UMBOÐSSKRIFSTOFA

THULE ...alltaf léttur!

Coca-Cola

RADAR

Prófaðu...
...að gera „french toast“ á helgarmorgnum. Þykkum brauðsneiðum er dýft í egg, þynnt með mjólk, og steiktar á pönnu. Svo má krydda með annaðhvort salti og pipar, eða kanilsykri og öðrum sætindum. Ljúffengt.

matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR SÖNGKONA

Finnst ostrur enginn herramannsmatur

Hvaða matar gætirðu síst verið án?
Grænmetis, bara fæðuflokksins eins og hann leggur sig. Ég hef salat með öllu.

Besta máltíð sem þú hefur fengið:
Ja, í síðustu viku fékk ég mér mjög góðan saltfiskrétt úr Fylgifiskum. Mér finnst alveg æðislegt að koma þar við annað slagið og kaupa mér eitthvað gott í kvöldmatinn.

Er einhver matur sem þér finnst vondur? Svið, ég borða þau ekki og hef aldrei snert á þeim. Enda eru þau svo sem ekki oft á borðum. Og svo ostrur, ég hef ekki enn þá áttað mig á því af hverju þetta er talið svona mikill herramannsmatur. Þær vekja bara klígju hjá mér.

Leyndarmál úr eldhússkápnum:
Ætli það séu ekki kryddin frá Pottagöldrum og Maldon-salt. Ég salta matinn yfirleitt ekki þegar ég elda og nota frekar Maldon-salt með matnum. Þá getur fólk fengið sér eftir smekk.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?
Mér finnst voða gott að velja lífrænt og reyni að velja eins heilbrigða fæðu og ég get. Svo svindlar maður bara vel inn á milli og fær sér nóg af súkkulaði af og til. Ég gæti ekki verið án lífræns dökks súkkulaðis, sem er yfir 70%.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?
Ég á alltaf til nóg af grænmeti, spínat og fetaost.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér? Fiskinn gæti ég sennilega fengið með því að teygja mig út í sjó, og svo gætu vel vaxið þar ávextir. Ætli það væri ekki bara dökkt súkkulaði.

Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað? Það er bara smokkfiskur. Mér fannst hann mjög skrýtinn.



EPLATÍNSLA Frændur okkar á Norðurlöndum fara nú að uppskera ríkulega af eplum, plómum og öðru sem þrífst í görðum þeirra. Sænskt eplapæ er stórgóður réttur á köldum haustdegi. NORDICPHOTOS/GETTY

Sænskt eplapæ

Frændur okkar á Norðurlöndunum uppskera ríkulega þegar haustið gerir vart við sig. Í mörgum görðum þarf að tína epli og plómur og sulta og sjóða afraksturinn. Eplapæ er á meðal aðferða við að nýta uppskeruna, en pæ hafa af einhverjum ástæðum ekki átt mikið upp á pallborðið hér á landi. Þó að hér þurfi að sækja eplin og frændfólk þeirra út í búð eru pæin engu síðri, sérstaklega þegar stuðst er við sænska uppskrift að einföldu „smulpaj“, eða mylsnupæi. Í það má bæði nota epli og aðra ávexti, meira að segja frosin ber. Við berin er gott að blanda dálitlum sykri og kartöflumjöli.

Blandið saman um 2 dl hveiti, 2-3 msk sykri og ef til vill 1/2 dl af hnetum, svo sem heslihnetum eða valhnetum, í skál. Klípið 75g af smjöri saman við. Afhýðið ávexti og fjarlægið kjarna, skerið þunnt. Leggið í smurt eldfast mót, myljið deigið yfir og bakið í ofni í 25 mínútur, við um það bil 225 gráður. Þeir sem eru hrifnir af kanil og eplum í sama bát gætu prófað að nota kanilsykur. Berið fram með vanilluís. - sun

Tínir sveppi í kvöldmatinn

Stefán Sigurðsson, framkvæmdastjóri Perlunnar, tínir reglulega villisveppi á íslenskum leynistöðum.

Í ágústmánuði skjóta íslenskir sveppir upp kollinum. „Þetta eru svona þrjú skot, og miðskotið er það stærsta,“ útskýrði Stefán. „Þetta gerist mjög hratt þegar þetta byrjar. Miðuppskeran, sem er svona í kringum 10. ágúst, er ansi kröftug,“ sagði hann.

Íslendingar hafa lengi verið duglegir að tína ber og sulta og safta. Færri tína sveppi, en Stefán segir sífellt fleiri átta sig á því að á Íslandi vaxi ýmsir matsveppir. „Í Heiðmörk má finna bæði kúalubba og kóngasvepp, rauðhettu og sennilega líka lerkisveppi. Hallormsstaðaskógur er sennilega mest sýkti skógur á landinu, svo það er mikið af sveppum þar. Svo finnast víðs vegar kantarellur hér á landi, en það er einn besti matsveppur sem hægt er að fá,“ sagði Stefán.

Það getur þó verið erfitt að komast á snoðir um hvar kantarellur þrífast á landinu. „Kantarellur vaxa mikið þar sem þær eru, en þær eru ekki mikið dreifðar. Menn sem finna þessa staði segja yfirleitt ekki frá þeim,“ sagði Stefán og hló við. Hann gat þó bent á Aðaldal sem vænlegan stað fyrir kantarelluleit. „Ég hef líka heyrt af stöðum á heiðum við Reykholt og á Vestfjörðum, en það þegja allir yfir þeim,“ sagði hann kíminn.

LEYNDIR SVEPPIR Stefán Sigurðsson segir Heiðmörk vænlegan stað til sveppatínslu. Kantarellur fara þó yfirleitt huldu höfði, þar sem sveppatínslufólk greinir yfirleitt ekki frá stöðunum sem þær vaxa á. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stefán sagði ekki erfitt að greina á milli matsveppa og þeirra sem síður eru fallnir til átu. „Flóran okkar í eitruðum sveppum er heldur ekki mikil, og allavega tvær tegundir af þeim eitruðu eru mjög góðir matsveppir eftir suðu. Þá fer eitrið úr þeim,“ sagði hann, en ítrekaði að áhugafólk um sveppatínslu þyrfti að kaupa sér bók um sveppategundir, með litmyndum, til að geta greint á milli tegunda.

Á árum áður lagðist Stefán í mikla sveppatínslu, og þurfti þá að finna leiðir til að geyma afraksturinn. „Það er algengt að fólk þurrki sveppina, eða smjörsteiki þá og frysti svo. Ég hreinsaði þetta bara mjög vel og frysti beint, það virkaði alveg,“ sagði hann. „Núna kíki ég reyndar bara út í skóg og tíni svona í kvöldmatinn,“ bætti hann við.

Sveppir steiktir í smjöri. Brauði og lauk bætt á pönnuna og steikt áfram. Steinselju, salti og pipar bætt í undir lokin. Blandan er svo öll sett í matvinnsluvél og maukuð. Gott meðlæti með öllum mat.

sunna@frettabladid.is

KANTARELLUMAUK

250 g kantarellur
150 g porcini-sveppir
250 g smjör
300 g hvítt brauð, frosið og mixað
125 g skalotlaukur
1-2 hvítlauksgeirar
50 g steinselja
Salt og pipar

Uppskeruhátíð

Árleg uppskeruhátíð fer fram í nytjajurtagarði Grasagarðs Reykjavíkur næstkomandi laugardag. Almenningi mun gefast kostur á því að fræðast um hinar ýmsu tegundir mat- og kryddjurta og bragða á afurðunum á hlaðborði með ferskum matjurtum. Jafnframt verða sýndar þær tegundir sem notaðar eru til lækninga og heilsubóta. Í boði verða leiðbeiningar um jarðgerð í heimilisgörðum og tvær gerðir af safnkössum til sýnis. Kveikt verður upp í mó og hellt upp á piparmyntute fyrir gesti.

Nytjajurtagarðurinn var opnaður árið 2000 og er yngsta safndeild Grasagarðsins. Þar er að finna um 130 tegundir og yrki mat- og kryddjurta. Í fyrrasumar opnaði nýr krydd- og ilmjurtagarður í anda gömlu klausturgarðanna. Uppskeruhátíðin stendur yfir frá 13 til 15 á laugardag. - sun



HAUSTHREINSUN Hildur Guðmundsdóttir í Yggdrasli mælir með safaföstu fyrir þá sem vilja rífstarta haustinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hausthreinsun með safakúr

Þeir eru ófáir sem nota haustið til að efna gömul heit og byrja í líkamsrækt eða á hollu mataræði. Fyrir þá sem vilja rífstarta haustinu er tilvalið að taka léttan detoxkúr. Hildur Guðmundsdóttir, eigandi Yggdrasils, benti á safaföstu sem góðan valkost.

„Þá þarf að drekka minnst tvo lítra af ávaxta- eða grænmetissafa á dag í nokkra daga,“ sagði hún. Safann getur fólk gert sjálft með því að pressa lífrænt ræktað grænmeti og ávexti, eða notað lífræna, tilbúna safa í flösku. Ásamt söfunum segir Hildur gott að drekka vatn og góð te. „Piparmyntute er milt vatnslosandi og fíflate er styrkjandi fyrir lifrina, sem er aðal hreinsilíffærið okkar. Klóelftingarte styrkir bæði lifur og nýru, og svo er nettlute líka mjög hreinsandi og næringarríkt,“ sagði Hildur.

Þegar farið er af föstu þarf að gæta þess að borða minna en venjulega í nokkra daga, þar sem líkaminn hægir á brennslu á föstunni. Þá er líka tilvalið að skipta yfir í hollara mataræði. „Fyrir þá sem finnst erfitt að fara á vökvaföstu er hægt að fara þá leið að borða léttan, hollan morgunmat og kvöldmat og drekka góða safa og nærandi og hreinsandi te þess á milli,“ benti Hildur á. Hún ítrekaði þó að barnshafandi konur, sem og konur með börn á brjósti, eiga ekki að fara á hreinsandi kúra.

Yggdrasill er á meðal þeirra verslana sem býður margs konar lífræna safa og hreinsandi te. - sun

MASTERCARD KYNNIR

DAGUR 9

TAKK FYRIR FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR
NÚ ER SEINNI HÁLFLEIKUR HAFINN
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÆKA TÍÐ

SICKO

„Áhrifamikil úttekt á stórgölluðu heilbrigðiskerfi Bandaríkjanna. Myndin er laus við predikunartóninn sem hefur verið viðloðandi myndir hans. Góð afþreying sem skilur eitthvað eftir sig....raunsæ og skemmtileg rannsókn á alvarlegu samfélagsvandamáli. Þetta gæti því vel orðið hans áhrifamesta mynd til þessa.“

- Jarþrúður Karlsdóttir, Fréttablaðið

„Allt í allt er þetta er þetta mjög áhugaverð mynd, sem virkar sama hvort manni komi heilbrigðiskerfi Bandaríkjanna við eða ekki.“

- L.I.B., Topp5.is

„Það dregur jafnan til tíðinda þegar Michael Moore sendir frá sér nýja heimildarmynd... Sögur sjúklinganna eru margar svo átakanlegar að þær gleymast seint, en ekki er síður athyglisvert að heyra sögur þeirra sem starfað hafa fyrir tryggingafyrirtækin og benda á hvaða brögðum þau beita til að draga úr fjárútlátum, sem í sumum tilfellum hefðu getað bjargað lífi eða limum sjúklings...hér er Moore upp á sitt besta, beittur og kaldhæðinn.“

- Heiða Jóhannsdóttir, Morgunblaðið

MYNDIR DAGSINS

AWAY FROM HER



Einstaklega hugljúf mynd sem gagnrýnendur eru sammála um að sé ein allra besta mynd ársins.

FUCK



Skemmtileg heimildarmynd um orðið „Fuck“; uppruna þess og áhrif, ástæðuna fyrir vigt þess.

GOING TO PIECES



Heimildarmynd um sögu „slasher“ kvikmynda og áhrifin á samfélagið og aðrar kvikmyndir.

DIE FALSCHER

Sannsöguleg mynd um hóp af gyðingum í útrýmingarbúðum sem eru sérvaldir af nasistum til að falsa erlenda gjaldmiðla.

GOODBYE BAFANA



Mynd sem fjallar um Nelson Mandela með því að segja söguna um samband hans við fangavörð sinn til tuttugu ára.

SHORTBUS



Ögrandi mynd um ungt fólk sem rannsakar eigið kynferði í frægum neðanjarðarkúbbi. Ekki fyrir viðkvæma.

COCAINE COWBOYS

“Kraftmikil, stórskemmtileg og áhugaverð mynd sem fer hraðar en það tekur að sjúga kókaínið af speglinum og upp í nösina!”

- K.J. Doughton, FilmThreat

Hér er fjallað um fólkið og atburðina sem urðu uppspretta og innblástur að myndum og þáttum á borð við Scarface og Miami Vice.

AUKASÝNINGAR Í DAG:
THE BRIDGE, CURSE OF THE GOLDEN FLOWER
OG NO BODY IS PERFECT

DAGSKRÁ OG MIÐASALA Á MIÐI.IS
ALLAR UPPLÝSINGAR Á GRAENALJOSID.IS

REGNBOGANUM
15. - 29. ÁGÚST

BÍÓ DAGAR GRÆNA LJÓSSINS

REGNBOGINN

MasterCard

græna ljósið

> VISSIR ÞÚ?
Bítlarnir hafa selt flestar plötur allra í Bandaríkjunum, eða 106 milljón eintök. Í öðru sæti er **Garth Brooks** með 92 milljónir og í því þriðja er **Led Zeppelin** með 83 milljónir. Kóngurinn **Elvis Presley** vermir fjórða sætið með 77 milljónir eintaka. Á heimsvísu hafa Bítlarnir selt yfir einn milljarð hljómplatna.

Góð kynning í New York

Fatahönnuðurinn Steinunn Sigurðardóttir, sem hlaut nýverið norrænu hönnunarverðlaunin Gínuna, snýr heim frá New York í dag. Þar var hún stödd til að koma haustlínu sinni fyrir í versluninni Takashimaya á Fifth Avenue. „Þeir voru að kynna línuna mína núna á þriðjudaginn," útskýrði Steinunn. „Fyrir fólk í tískubransanum er rosalega mikilvægt að fá stóra verslun eins og Takashimaya á bak við sig, svona upp á kynningu," bætti hún við. Fatnaður frá Steinunni hefur áður verið fáanlegur í Bandaríkjunum, en ekki í jafn stórum verslunum og Takashimaya.

Takashimaya er keðja japanskra vöruhúsa. Verslunin í New York er staðsett á Fifth Avenue, og er skipað á sama bás og vöruhúsunum frægu Bloomingdale's, Bergdorf Goodman og Saks Fifth Avenue.

Lína Steinunnar er kynnt á jarðhæð verslunarinnar, sem Steinunn segir afar gott. „Hún verður þar í þrjár vikur og út alla tískuvikuna í New York," sagði Steinunn, sem eins og áður sagði heldur heim í dag. „Svo fer ég aftur út þegar tískuvikan byrjar," sagði Steinunn, en merki hennar verður með sýningu á New York Fashion Week. Hún hefst 4. september næstkomandi. **- sun**

KYNNING MIKILVÆG Steinunn Sigurðardóttir segir það afar mikilvægt fyrir fólk í tískubransanum að fá stóra verslun eins og Takashimaya á bak við sig.

STUÐMENN Hljómsveitin Stuðmenn spilar á útitónleikum í Mosfellsbæ í kvöld.

Stuðmenn í Mosó

Hljómsveitirnar Stuðmenn og Gildran spila á útitónleikum á íþróttavellinum að Varmá í Mosfellsbæ í kvöld. Tilefnið er bæjarhátíð Mosfellsbæjar, Í túninu heima, sem er nú haldin í þriðja sinn dagana 23. til 26. ágúst. Bærinn er tuttugu ára og verður dagskráin því sérlega vegleg í þetta sinn.

Stuðmenn vöktu mikla athygli fyrir atriði sitt á stórtónleikunum sem voru haldnir á Laugardalsvelli síðastliðinn föstudag. Verður því spennandi að sjá hverju þeir taka upp á í þetta sinn. Á meðal fleiri atriða á bæjarhátíðinni verða tónleikar Gildrunnar í Hlégarði á laugardagskvöld auk þess sem Sprengjuhöllin spilar á sunnudeginum.

Leyndarmálið afhjúpað

Fyrirtækið Græna ljósið hefur tryggt sér útgáfuréttinn á kvikmyndinni The Secret með íslenskri talsetningu og texta. „Ég hef ekki séð aðra eins spennu og eftirspurn eftir nokkrum DVD-diski hér á landi," segir Ísleifur B. Þórhallsson, framkvæmdastjóri Græna ljóssins ,um The Secret. „Það hefur myndast hálfgerður svartur markaður hérna og menn hafa keypt myndina í Englandi á uppsprengdu verði, 4700 krónur. Það að það sé svartamarkaðsstarf í gangi sýnir að það er gríðarleg eftirspurn eftir henni."

Að sögn Ísleifs var myndin ekki sýnd í kvikmyndahúsum þegar hún kom út erlendis, heldur eingöngu á DVD. „The Secret er fyrst og fremst bíómynd um þetta blessaða lögmál aðdráttaraflsins. Það sem þú hugsar rætist. Það sem þú ert alltaf að hugsa um og einbeita þér að, það laðast að þér í lífinu," segir hann.

Stefnt er að útgáfu myndarinnar í seinni hluta september eða byrjun október og standa vonir til að aðstandendur myndarinnar eða leikendur komi hingað af því tilefni. „Oprah er búin að taka The Secret algjörlega upp á sína arma og myndin hefur verið að fá stanslausa umfjöllun hjá henni. Við vonumst til að fá hingað fólkið sem hefur verið hvað sýnilegast hjá henni," segir Ísleifur. **- fb**


THE SECRET Mikil eftirspurn hefur verið eftir kvikmyndinni The Secret hér á landi.

Snýr baki við fjölskyldunni

Fjölskylda, vinir og samstarfsmenn Kate Moss eru í sárum eftir að fyrirsætan ákvað að stökkva á ný í faðm eiturlyfjafíkilsins og rugludallsins Pete Doherty.

Breskir fjölmiðlar telja sig vita með vissu að Kate hefur dvalið hjá rokkaranum Pete í lúxussvítu hans á Claridge´s hótelinu í London síðustu daga og hefur sést til þeirra fyrir utan hótelið í nokkur skipti þó svo að aldrei hafi náðst mynd af þeim saman. Að sögn heimildarmanna bresku götublaðanna er lögð mikil áhersla á að þau yfirgefi og gangi inn í hótelið sitt í hvoru lagi, svo fjölmiðlar fái ekki það myndefni sem þeir þrái hvað mest.

Ekki eru liðnir nema tveir dagar síðan Pete var handtekinn og síðan sleppt aftur fyrir meint fíkniefnabrot og þar með rof á skilorði, en vegna tæknilegra mistaka lögreglu og dómsyfirvalda þar ytra var ekki hægt að ákæra söngvarann. Mun fjölskylda hinnar 33 ára gömlu Kate vera með böggum hildar vegna endurfunda hennar og Pete, en ekki er langt síðan stormasömu sambandi þeirra lauk formlega. Kate virðist hins vegar ekki geta sleppt takinu af Pete sínum, jafnvel þótt öllum sé kunnugt um þau slæmu áhrif sem hann hefur á heilsu og ímynd fyrirsætunnar. Jafnvel er talið að helstu samstarfsaðilar Kate í fata- og snyrtivörubransanum séu búnir að missa þolinmæðina á stúlkunni og muni slíta öllu samstarfi nái hún sér ekki upp úr þeirri vitleysu sem þeir vilja meina að samband hennar við Pete sé.

Daily Mail hefur eftir fjölskyldunni að Linda, móðir Kate, sé algjörlega miður sín. „Þau höfðu ekki talast saman í margar vikur og Linda var í skýjunum. Síðan fékk hún að heyra það frá Kate að þessi aðskilnaður hefði aðeins gert ást hennar til Pete sterkari. Linda brotnaði saman við að heyra það," segir vinurinn.

ÁSTIN STERKARI EFTIR AÐSKILNAÐINN Kate Moss og Pete Doherty hættu að tala saman í nokkrar vikur en hafa nú tekið saman á ný, ástfangnari en nokkru sinni.

Hannes Pétursson, hagfræðinemi og geimfari, treystir á reiknivélar og geimskip frá HP.

HP Pavilion dv6317
Örgjörvi: AMD Turion 64 X2 1,6 GHz (dual core)
Vinnsluminni: 1 GB
Skjár: 15,4" WXGA
Harður diskur: 120 GB SATA
Geisladrif: Dual layer DVD skrifari
Skjástýring: Nvidia GeForce Go 6150, allt að 128 MB
Stýrikerfi: Microsoft Vista Home Premium
Glæsilegur hugbúnaðarpakki
Verð: 99.900 kr.

HP og Office vinna vel saman

HP fartölvur eru bestu og áreiðanlegustu fartölvurnar samkvæmt könnun TBR (Technology Business Research, Inc).

hp invent

HP vörur fást hjá eftirtöldum aðilum: Verslun Opinna kerfa, Höfðabakka 9 - Oddi skrifstofuvörur - Tölvutækni og Start tölvuverslun, Kópavogi - Samhæfni, Reykjanesbæ - TRS, Selfossi Tölvuþjónusta Vesturlands, Akranesi og Borgarnesi - Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Húsavík - Eyjatölvur, Vestmannaeyjum - Hátíðni, Höfn - Kaupfélag Skagfirðinga - Netheimar, Ísafirði

Leikur í One Tree Hill

Kevin Federline, sem er hvað frægastur fyrir hjónaband sitt og Britney Spears og yfirstandandi forræðisdeilu við hana, mun fara með gestahlutverk í unglingasápunni One Tree Hill, að því er People greinir frá. Hann mun leika Jason, hrokafullan og dularfullan forsprakka hljómsveitarinnar No Means Yes, sem nýtur vinsælda í þeim heimi.

KEVIN FEDERLINE

Skapari þáttanna, Mark Schwahn, er ánægður með ráðninguna. „Ég verð að segja, í fullri hreinskilni, að hann hæfði karakternum vel," sagði Schwahn. „Ég veit ekkert um strákinn en hann virtist mjög indæll," bætti hann við.

EURO NCAP
www.euroncap.com

Fiat Grande Punto

Frábær bíll – punktur!

HP-fartölva fylgir öllum nýjum Fiat-bílum í ágúst

HP Pavilion dv6317

Örgjörvi: AMD Turion 64x2 1,6 GHz (dual core)
Vinnsluminni: 1 GB
Skjár: 15,4" WXGA
Harður diskur: 120 GB SATA
Geisladrif: Dual layer DVD skrifari
Skjástýring: Nvidia GeForce Go 6150, allt að 128 MB
Stýrikerfi: Microsoft Vista Home Premium
Glæsilegur hugbúnaðarpakki
Verð: ~~99.900~~ kr. Fylgir frítt með hverjum bíl!

hp invent

- **Stíll**. Hannaður í anda Maserati af Giorgetto Giugiaro.
- **Eyðsla**. Aðeins 6 lítrar á hverja 100 km í blönduðum akstri.
- **Öryggi**. 5 stjörnur í Euro Ncap. 6 loftpúðar.

Þjónusta alla leið!
Varahlutaþjónusta og eigið verkstæði á staðnum.

Fiat Ducato

Fiat Scudo

Fiat Dobló

Fiat Multipla


Fiat Punto

Fiat Panda

Fiat Croma

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

Opið:
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

PIPAR • SÍA • 71500

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

THE BOURNE ULTIMATUM	kl.5.40,8 og 10.20-POWER	14
RUSH HOUR 3	kl. 3.45, 6, 8 og 10	12
RATATOUILLE íslenskt tal	kl. 3.45	L
TRANSFORMERS	kl. 7 og 10	10
SIMPSONS íslenskt tal	kl. 4	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

BOURNE ULTIMATUM	kl.5.30 - 8 - 10.30	14
BOURNE ULTIMATUM LÚXUS	kl.5.30 - 8 - 10.30	
RUSH HOUR 3	kl.3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	12
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl.4 - 6 - 8 - 10	
THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL	kl.4 - 6	
DIE HARD 4.0	kl.8	14
DEATH PROOF	kl.10.45	16

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

SÝNINGARTÍMAR BÍÓDAGA GRÆNA LJÓSSINS

KL. 5.30	Away From Her / Cocaine Cowboys
	Sicko / Curse Of The Golden Flower
KL. 8	The Bridge / Shortbus / Going To Pieces
	Goodbye Bafana
KL. 10.30	Sicko / No Body Is Perfect / Fuck / Die Fälscher

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

ASTRÓPÍA	kl.6 - 8 - 10	
BOURNE ULTIMATUM	kl.5.30 - 8 - 10.30	14
RUSH HOUR 3	kl. 10.30	12
BECOMING JANE	kl.8	

SÍMI 462 3500

BOURNE ULTIMATUM	kl.6 - 8 - 10*	14
RUSH HOUR 3	kl.8 -10	12
THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL	kl.6	

* Kraftsýning

MIÐASALA Á midi.is

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is

ÁLFABAKKA		
ASTRÓPÍÁ	kl. 4 - 6 - 8 - 10:10	L
ASTRÓPÍÁ	kl. 8 - 10:10 VIP	
RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
RATATOUILLE ÍSL TAL	kl. 3 - 5:30 DIGITAL	L
TRANSFORMERS	kl. 5 - 8 - 10:40	10
TRANSFORMERS	kl. 5 VIP	
NANCY DREW	kl. 6	7
GEORGIA RULES	kl. 8	7
HARRY POTTER 5	kl. 3 - 8	10
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 3 - 4	L
OCEAN´S 13	kl. 10:30	7

AKUREYRI		
ASTRÓPÍÁ	kl. 6 - 8 - 10	L
RATATOUILLE ÍSL TAL	kl. 6	L
RATATOUILLE ENSKT TAL	kl. 8	L
TRANSFORMERS	kl. 10:15	10

KRINGLUNNI		
ASTRÓPÍÁ	kl. 6 - 8 - 10:10	L
BOURNE ULTIMATUM	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 5:30 DIGITAL	
RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 8	
TRANSFORMERS	kl. 10:20	10

KEFLAVÍK		
ASTRÓPÍÁ	kl. 8 - 10	L
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 - 10:30	14

SELFOSSI S. 482 3007		
ASTRÓPÍÁ	kl. 9	L
RUSH HOUR 3	kl. 7 - 9	12
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 6:50	L

Frumsamið R&B á Gauknum

Hljómsveitin Soul 7 heldur tónleika á Gauki á Stöng í kvöld. Leikin verða frumsamin lög eftir söngkonuna Katrínu Ýr Óskarsdóttur og Katherine Dawes, samnemanda Katrínar í tónlistarskóla í London. Einnig verða leikin þekkt R&B lög með blús-, fönk- og gospelívafi.

„Ég og gítar- og bassaleikarinn vorum saman í hljómsveit og vorum búin að spila saman í tvö til þrjú ár. Við ákváðum bara að gera eitthvað stærra," segir Katrín, sem fer aftur í nám í London eftir þrjár vikur ásamt gítarleikaranum Jónasi Elí Bjarnasyni. „Við erum búin að spila mikið síðasta árið og erum öll tónlistarfólk. Okkur langaði til að gera eitthvað almennilegt áður en við færum út."

Aðrir meðlimir Soul 7 eru Davíð Jones á bassa, Helgi Hannesson á hljómborð, Símon Geir Geirsson ber húðirnar og Inga Þyri Þórðardóttir og Kjartan Arnald Hlöðversson syngja bakraddir. Alan Jones kemur fram sem gestasöngvari á tónleikunum og einnig spilar Jason Harden á saxófón auk gestarappara.

Á ÆFINGU R&B-hljómsveitin Soul 7 æfir sig fyrir tónleikana á Gauki á Stöng í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Á síðunni www.myspace.com/katrinyr má finna eitt af lögunum sem frumflutt verða á tónleikunum, Why'd you lie?, sem er eftir Katrínu Ýr. - fb

Viljum að fólk hristi búkinn

Fjórða hljóðversplata hljómsveitarinnar Jagúar, Shake it good, kom út um helgina. *Vignir Guðjónsson* **ræddi við Samúel J. Samúelsson um gripinn.**

Hljómsveitin Jagúar fagnaði níu ára afmæli sínu með pomp og prakt um helgina og hélt vel heppnaða afmælis- og útgáfutónleika á Organ á laugardagskvöld. Níu ár eru liðin síðan Jagúar hóf að breiða út boðskap fönksins til landans og segir Samúel að spilagleðin hjá hljómsveitarmeðlimum hafi sjaldan verið meiri en nú. „Þetta er alltaf jafn gaman," segir söngvarinn og básúnuleikarinn, sem hefur verið með sveitinni nánast frá upphafi.

Samúel segir titil plötunnar fela í sér ákveðna áskorun til almennings. „Við erum að ítreka að það sé í lagi að sleppa sér þegar tækifæri gefst og hrista búkinn. Ef fólk vill standa uppi á stólum og dansa þá er það í góðu lagi líka," segir Samúel og bætir við að nýja platan sé líklega sú dansvænsta af þeim fjórum sem sveitin hefur gefið út. Níu lög eru á nýja gripnum og eru sjö þeirra sungin. „Við ákváðum að hverfa aftur til rótanna í tveimur lögum og leyfa spilamennskunni að njóta sín til fullnustu."

Liðsmenn Jagúars héldu í víking til Danmerkur í febrúar síðastliðnum og tóku þar upp megnið af plötunni.

„Það hafði staðið lengi til að flýja land. Við erum allir að sinna fullt af öðrum verkefnum og það var því mjög gott að fá allan hópinn saman og einbeita sér algjörlega að upptökunum. Við vorum í viku á einhverju gömlu sveitaóðali sem hefur verið breytt í hljóðver og það var mjög ljúft. Síðan dúlluðum við okkur við að klára plötuna hér heima," segir Samúel og bætir við að hljómsveitarmeðlimir séu mjög sáttir með útkomuna. „Verðum við ekki að segja að hún sé okkar besta og þroskaðasta verk til þessa?" sagði Samúel og glotti.

HLJÓMSVEITIN JAGÚAR Hefur aldrei verið í betra formi og segja meðlimir sveitarinnar að nýja platan sé þroskaðasta verk hennar til þessa. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Richards og Ronnie reykja í London

Tveir meðlimir The Rolling Stones, þeir Keith Richards og Ronnie Wood, virtu reykingabann að vettugi og kveiktu sér í sígarettum á tónleikum í London fyrir skömmu.

Eigendur tónleikastaðarins O2 verða þó ekki sektaðir fyrir að brjóta bannið vegna þess að um „einangrað" atvik var að ræða. „Hljómsveitarmeðlimur virtist reykja sígarettu á sviðinu en það var slökkt í henni umsvifalaust. Við erum viss um að um mistök var að ræða og erum þakklátir meðlimum Stones fyrir gott samstarf í málinu. Við tökum reykingabanninu mjög alvarlega, rétt eins og aðrir landsmenn," sagði talsmaður O2.

Keith Richards lenti í vandræðum í fyrra fyrir að reykja á tónleikum í Hampden Park í Skotlandi. Slapp hann við sekt eftir að úrskurðað var að reykingabann næði ekki yfir tónleikastaðinn.

KEITH Þykir greinilega fátt jafn gott og að reykja uppi á sviði.

Seacrest í stað O´Brien

American Idol-kynnirinn Ryan Seacrest verður kynnir á Emmy-verðlaunahátíðinni sem verður haldin í Hollywood í næsta mánuði. Tekur hann við kyndlinum af spjallþáttastjórnandanum Conan O´Brien sem var kynnir í fyrra. Þá fylgdist aðeins 16,1 milljón áhorfenda með í beinni útsendingu, sem er næstminnsti áhorfendafjöldi á Emmy síðan 1991. Mafíuþættirnir Sopranos eru tilnefndir til fimmtán Emmy-verðlauna, þar á meðal sem besti dramaþátturinn.

SEACREST Ryan Seacrest verður kynnir á næstu Emmy-verðlaunahátíð.

Robbie í góðu formi

Söngvarinn Robbie Williams þykir sjaldan eða aldrei hafa litið betur út og er að sögn kunnugra í sínu besta formi. Ástæðan fyrir bættu heilsufari söngvarans mun fyrst og fremst vera nýja kærastan, Clare Staples, sem ku sjá til þess að Robbie passi upp á mataræðið, hreyfi sig reglulega og smakki ekki dropa af áfengi.

Í fyrsta sinn hafa nú náðst mynd af parinu á opinberum vettvangi. Það er kannski vel við hæfi að þær hafi verið teknar þar sem þau skötuhjú voru í miðri kraftgöngu á götum Los Angeles. Robbie og Clare hafa verið saman í hálft ár.

Þess má geta að til að komast yfir áfengissýki sína á síðasta ári fór hann í meðferð hjá einum fremsta dáleiðara heims, Paul McKenna. Clare hans Robbie er fyrrverandi unnusta McKenna til fimm ára. Robbie er nú hættur að hitta dáleiðarann.

HEILSUSAMT PAR Robbie Williams og Clare Staples sjást hér í sinni reglulegu kraftgöngu.

Syngja til heiðurs George Michael

Söngvararnir Friðrik Ómar og Jógvan Hansen verða aðalnúmerin á skemmtisýningu á Broadway til heiðurs George Michael og hljómsveitinni Wham! Sýningin hefst þann 27. október og verður öllu tjaldað til.

„Þetta verður flottasta „sjóvið“ sem hefur verið sett þarna upp,“ segir Friðrik Ómar, sem er mikill aðdáandi George Michael. „Hann er einn okkar uppáhaldssöngvari. Hann er að fagna 25 ára söngvaraafmæli á þessu ári og við ætlum að taka efni allt frá því hann byrjaði og þar kemur Wham! sterkt inn.“

Endurbætur standa yfir á Broadway fyrir komandi vetur og er meðal annars verið að mála húsið til að koma því í nútímalegra form. „Broadway kom og talaði við mig í vor og bað mig um að setja þetta upp,“ segir Friðrik. „Þetta hefur ekki verið gert áður hérna heima og Broadway er eini staðurinn sem býður upp á svona flott „sjóv“. Þarna verður góður matur og ball á eftir með Eurobandinu.“

Sigrún Birna Blomsterberg verður danshöfundur sýningarinnar og munu alls átta dansarar láta ljós sitt skína. Tónlistarstjóri verður Þórir Úlfarsson. - fb

FRIÐRIK OG JÓGVAN Friðrik Ómar og Jógvan ætla að syngja lög George Michael á Broadway í vetur.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn **Brad Pitt** brá sér til New Orleans í Louisiana fyrir skömmu til að fylgjast með byggingu fimm umhverfisvænna húsa sem hann sá um að hanna. Pitt, sem á sjálfur hús í New Orleans, ásamt **Angelinu Jolie**, var fenginn til að hanna húsin fyrir Global Green-verkefnið. Húsin sjá um að framleiða sitt eigið rafmagn og er verkefnið liður í endurreisn borgarinnar eftir eyðileggingu fellibyljarins Katrina.

Söngkonan **Madonna** ætlar að segja skilið við útgáfufyrirtæki sitt, Warner, eftir að núverandi samningur rennur út. Fyrst þarf hún þó að gefa út tvær næstu plötur sínar hjá útgáfurisanum. Talið er að Madonna ætli að semja við bandaríska fyrirtækið LiveNation og er samningurinn metinn á um sex milljarða króna.

Höfundur unglingaþáttarins One Tree Hill hefur hrósað **Kevin Federline**, fyrrum eiginmanni **Britney Spears**, fyrir leikhæfileika sína. Leikur Federline forsprakka rokksveitarinnar No Means Yes í þættinum. „Kevin mætti í áheyrnarprufur og fékk starfið. Hann virkaði á mig sem fínn náungi og ég fann það á mér að hann myndi smellpassa í hlutverkið,“ sagði Schwahn.

Vandræðagemlingurinn **Amy Winehouse** hefur aflýst fyrirhugaðri tónleikaferð um Norður-Ameríku vegna veikinda. Hún hafði áður aflýst tónleikaferð sinni um Evrópu. Winehouse er í meðferð eftir að hafa verið lögð inn á sjúkrahús eftir þriggja daga fyllirí í London. „Amy hefur verið skipað að hvíla sig og er núna í endurhæfingu hjá sérfræðingum,“ sagði í yfirlýsingu útgáfufyrirtækisins Universal.

www.volkswagen.is

Aukabúnaður á mynd: álfelgur

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 07-1232

Fox iPod Bluetooth

Í **Volkswagen Fox** er iPod-tengi svo þú hefur uppáhaldstónlistina þína alltaf við höndina. 4 Gb Ipod Nano fylgir öllum nýjum Fox-bílum. Hann er líka með Blátannarbúnaði (Bluetooth) þannig að þú getur talað handfrjálst við alla sem þú þarft að ná í.

Volkswagen Fox reyndist öruggasti bíllinn í sínum stærðarflokki í nýlegu árekstrarprófi ADAC í Þýskalandi og fékk fjórar stjörnur af fimm mögulegum.

Svo er Fox náttúrulega flottur, lipur og

kostar bara 18.965 kr. á mánuði.*

*M.v. 50.000 kr. útborgun og bílasamning SP Fjármögnunar í 84 mánuði. Verð 1.390.000 kr.

Komdu og prófaðu hann.

Volkswagen Fox er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

> Yfirburðastaða Björgvins

Skíðamaðurinn Björgvin Björgvinsson náði góðum árangri þriðja daginn í röð í álfubikarnum í Ástralíu þegar hann náði 2. sætinu í svigi. Björgvin hefur þar með tekið yfirburðaforystu í álfubikarnum en hann vann tvö stórsvigsmót dagana á undan. Álfubikarinn er í sama styrkleika og Evrópubikarinn. Karlalandslið Íslands í alpagreinum er við æfingar og keppni í Ástralíu og Nýja Sjálandi en aðstæður til æfinga hafa ekki verið betri í mörg ár í Ástralíu með miklum og góðum snjó.

sport

sport@frettabladid.is

HÖRÐUR AXEL VILHJÁLMSSON: SAGÐI SIG ÚR LANDSLIÐINU TIL AÐ FARA Á REYNSLU HJÁ EINU FRÆGASTA LIÐI EVRÓPU

Þeir segja að þetta sé allt undir mér komið

Bakvörðurinn efnilegi hjá Fjölni, Hörður Axel Vilhjálmsson, hefur sagt sig úr íslenska landsliðinu fyrir leikina í B-deild Evrópukeppninnar þar sem hann er á leiðinni til reynslu hjá einu frægasta körfuboltaliði Evrópu, Benetton Treviso frá Ítalíu.

Hörður sem spilaði sína fyrstu A-landsleiki á Smáþjóðaleikunum er lykilmaður 1988-landsliðsins sem hefur orðið Norðurlandameistari bæði hjá 16 og 18 ára liðum. Hörður kynnti sér aðstæður hjá ítalska liðinu í byrjun sumars en heyrði síðan ekkert meira fyrr en í fyrrakvöld þegar hann var farinn að undirbúa sig að fara með landsliðinu til Finnlands.

„Ég fékk símtal í gær þar sem þeir sögðust vilja fá mig út í mánuð. Ég æfi með liðinu og spila með þeim einhverja æfingaleiki og fæ tækifæri til að sýna þeim hvað ég get. Ég hef samt ekkert talað við neina að þjálfurunum og þetta kemur bara í gegnum umboðsmanninn minn," segir Hörður sem var mjög hrifinn þegar hann heimsótti liðið í júní.

„Það er mjög flott hjá liðinu, það sá ég þegar ég fór út í sumar. Þetta var því eitthvað sem ég gat ekki sleppt. Það var samt mjög erfið ákvörðun að segja sig úr landsliðinu. Maður var komin inn í hópinn og langaði til að spila þessa leiki og þá sérstaklega Finnaleikinn," segir Hörður Axel, en meðal leikmanna sem hafa spilað með ítalska liðinu er Toni Kukoc.

Hörður Axel kláraði síðasta tímabil með Fjölni en hann segir allt óráðið hvar hann muni spila takist honum ekki að sanna sig fyrir þjálfurum ítalska liðsins. Hann ætli að einbeita sér að æfingunum hjá Benetton og svo verði framhaldið bara að koma í ljós.

„Þeir sögðu mér að þetta væri allt undir mér komið og hvernig að ég standi mig," segir Hörður Axel. Benetton Treviso er með tvo aðra leikstjórnendur innan sinna raða en leikstjórnandi liðsins í fyrra, Grikkinn Nikolaos Zisis, er búinn að semja við CSKA í Rússlandi. Í stað hans hefur liðið fengið til sín Bandaríkjamanninn Lionel Chalmers og tyrkneska landsliðsmanninn Engin Atsür.

CAPELLO Ber stjórn Real ekki vel sögguna. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Fabio Capello:

Stjórnin vildi Becks á bekkinn

FÓTBOLTI Fabio Capello, fyrrum þjálfari Real Madrid, segir að það hafi verið stjórn félagsins sem hafi skipað honum að setja David Beckham á bekkinn síðasta vetur. Það gerði Capello í kjölfar þess að Beckham lýsti því yfir að hann væri á leið til Bandaríkjanna.

Capello setti Beckham um síðir aftur í liðið og það var ekki síst Beckham að þakka að Real varð spænskur meistari.

„Ákvörðunin var tekin þar sem stjórnin taldi að Beckham hefði verið í viðræðum við sig þótt hann hafi verið búinn að ákveða að fara til Bandaríkjanna. Stjórnin sagðist ekki geta stólað á leikmann sem ætlaði sér að fara frá félaginu. Þegar ég er í vinnu hjá félagi þá er ég mikill félagsmaður og ver mitt félag á allan hátt," sagði Capello sem segir forsetann Ramon Calderon og íþróttastjórann Predrag Mijatovic hafa svikið sig.

„Mijatovic laug að mér sem og fleiri en þeir sögðu blákalt að ég fengi að þjálfa liðið áfram. Ég heyrði aldrei frá forsetanum. Mér fannst ég eiga skilið meiri virðingu en þetta," sagði Capello svekktur. **- hbg**

EPLIÐ OG EIKIN Kasper Schmeichel finnur sig vel í Manchester eins og pabbinn en með City-liðinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Sven Göran Eriksson:

Kasper getur verið rólegur

FÓTBOLTI Sven Göran Eriksson, stjóri toppliðs ensku úrvalsdeildarinnar, Man. City, hefur gefið það út að danski markvörðurinn Kasper Schmeichel geti verið rólegur því hann ætli ekki að kaupa nýjan markvörð til liðsins.

Kasper, sem er sonur hins heimskunna markvarðar Peters Schmeichel, hefur haldið hreinu í fyrstu þremur leikjunum eftir að hafa verið kastað út í djúpu laugina í markmannsvandræðum félagsins. **- óój**

Ísland tapaði fyrir Kýpur í Grindavík

Ísland hóf í gær keppni í undankeppni EM U-21 landsliða með leik gegn Kýpverjum sem fór fram í Grindavík í gær. Gestirnir fóru með sigur af hólmi með marki sem kom beint úr aukaspyrnu í síðari hálfleik.

FÓTBOLTI Íslenska U-21 landsliðið hóf í gær keppni í undankeppni EM 2009 og verður að segjast að keppnin fór illa af stað fyrir strákana okkar. Þeir mættu sennilega sínum slakasta andstæðingi á heimavelli í gær og töpuðu, 1-0.

Lið Íslands var skipað vel þekktum leikmönnum sem eru ýmist atvinnumenn eða hafa verið að gera það gott í Landsbankadeildinni með sínum liðum. Það var því talsverð eftirvænting að berja þessa stráka augum enda margir þeirra verið lengi búsettir erlendis og spila því sjaldan hér á landi.

Íslenska liðið hóf leikinn af miklum krafti og á fyrsta hálftímanum fékk Birkir Bjarnason tvö ágæt færi. Kýpverjar reyndu að pressa stíft en voru með marga menn fyrir aftan boltann og beittu skyndisóknum. Íslenska liðið stjórnaði hins vegar leiknum framan af og var klárlega betri aðilinn.

En eftir því sem á leið datt botninn úr leiknum, ekki síst vegna dómarans sem var mjög duglegur að nota flautuna sína. Leikmenn Kýpur eyddu einnig miklum tíma í grasinu og síkvartandi utan í dómaranum.

Íslenska liðið náði sér alls ekki á strik í síðari hálfleik en Kýpverjar áttu gott færi strax í upphafi hálfleiksins og virtist það hafa slæm áhrif á íslensku drengina. En þeir héldu áfram að sækja og sköpuðu hættu við mark andstæðingsins nokkrum sinnum án þess að koma boltanum yfir línuna. Það var svo á 70. mínútu að Kýpverjar fengu aukaspyrnu við hliðarlínuna á miðjum vallarhelmingi Íslendinga. Michalis Dimitriov tók spyrnuna sem sveif yfir íslensku vörnina og í hornið fjær.

Eftir þetta pökkuðu Kýpverjar enn meira í vörn og töfðu sífellt leikinn af mikilli list. Guðjón Baldvinsson fékk ágætt skotfæri en hitti ekki rammann.

„Þetta voru mikil vonbrigði en mér fannst við vera miklu betri. Við bara komum ekki boltanum inn og fengum svo klaufalegt mark á okkur," sagði fyrirliði íslenska liðsins, Bjarni Þór Viðarsson. „Við áttum að vinna þennan leik en vorum ekki nógu grimmir í sóknarleiknum. Þetta er alls ekki gott fyrir framhald okkar í keppninni."

Lúkas Kostic þjálfari var þó kátur í bragði eftir leik þrátt fyrir úrslitin. „Þetta voru auðvitað alls ekki úrslitin sem ég vonaðist eftir en ég get sagt að strákarnir lögðu sig fram og sköpuðu fullt af færum í leiknum."

Hann segir að lið Kýpur hafi ekki komið sér á óvart. „Ég vissi alltaf að þeir myndu leggja ofurkapp á vörnina, tefja mikið og vera með leikaraskap. Það kom ekkert á óvart."

Lúkas hefur ekki áhyggjur af framtíðinni þrátt fyrir þessi úrslit. „Þetta var í raun fyrsti æfingadagurinn okkar saman. Við áttum einn dag í janúar en áttum ekki leik þá. Úrslitin eru auðvitað ekki góð en ég er samt rosalega ánægður með strákana. Þetta eru fínir drengir." eirikur@frettabladid.is

BIRKIR BJARNASON Átti nokkra góða spretti í leiknum í gær en tókst ekki að skora þrátt fyrir nokkur ágæt færi. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Lið Íslands: Haraldur Björnsson; Arnór Sveinn Aðalsteinsson (78. Kolbeinn Sigþórsson), Guðmann Þórisson, Heimir Einarsson, Ari Freyr Skúlason, Birkir Bjarnason, Rúrik Gíslason, Aron Einar Gunnarsson, Bjarni Þór Viðarsson, Heiðar Geir Júlíusson (62. Jón Vilhelm Ákason), Matthías Vilhjálmsson (62. Guðjón Baldvinsson.

Ísland mætir Finnlandi í Helsinki á laugardaginn í B-deild Evrópukeppninnar:

Fjórir leikmenn fá sína fyrstu reynslu af Evrópukeppninni

KÖRFUBOLTI Það er nokkuð breytt landslið sem mætir til leiks í seinni hluta B-deildar Evrópukeppninnar sem er að fara í gang. Fyrsti leikur íslenska liðsins er við Finna á laugardaginn en svo taka við leikir við Georgíu, Lúxemborg og Austurríki á aðeins ellefu dögum.

Fjórir leikmenn liðsins voru ekki með í fyrri hlutanum í fyrra og liðið verður án bæði Jóns Arnórs Stefánssonar og frákastahæsta leikmanns liðsins, Hlyns Bæringssonar, sem gáfu ekki kost á sér að þessu sinni.

Hlynur tók 9,0 fráköst að meðaltali í fyrri hlutanum og 26 prósent frákasta íslenska liðsins og það er ljóst að íslenska liðið gæti lent í vandamálum undir körfunni en liðið tapaði fráköstunum 97-128 í leikjunum á móti Finnlandi, Georgíu og Austurríki í fyrra.

Nýju mennirnir eru þeir Brynjar Þór Björnsson, 19 ára bakvörður úr KR, Þorleifur Ólafsson, 23 ára bakvörður úr Grindavík, Kristinn Jónasson, 23 ára framherji Fjölnis og svo Sigurður Gunnar Þorsteinsson, 19 ára miðherji úr Keflavík.

Brenton Birmingham verður áfram með landsliðinu en hann skoraði 18,8 stig að meðaltali í fjórum Evrópuleikjum liðsins í fyrra. Brenton hefur skorað 16,4 stig að meðaltali í 16 landsleikjum. Brenton hefur verið sérstaklega öflugur gegn Finnum en hann hefur skorað 47 stig í tveimur landsleikjum gegn þeim.

Friðrik Stefánsson er reynslumesti leikmaður íslenska liðsins en hann mun spila sinn 103. landsleik gegn Finnum á laugardaginn. Logi Gunnarsson er hinsvegar stigahæsti leikmaður íslenska landsliðsins en hann hefur skorað 719 stig fyrir landsliðið sem gera 13,1 að meðaltali í leik.

Leikurinn verður í beinni útsendingu í sjónvarpinu á laugardaginn. **- óój**

GÓÐUR GEGN FINNUM Brenton Birmingham spilaði í Finnlandi áður en hann kom til Íslands og hefur síðan skorað 23,5 stig að meðaltali í landsleikjum við Finna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

MICHALE VICK Lét drepa hunda á viðbjóðslegan hátt og er líklega á leið í steininn. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Michael Vick:

Játar sekt sína

NFL Ein skærasta stjarnan í NFL-deildinni, Michael Vick, leikstjórnandi Atlanta Falcons, hefur að öllum líkindum leikið sinn síðasta leik í bili og hugsanlega á ferlinum.

Hann var á dögunum ákærður fyrir grimmilega meðferð á hundum og að hafa skipulagt hundaslagsmál og veðmál tengdum slagsmálunum.

Vick neitaði í fyrstu aðild að málinu en hefur nú játað sekt sína og gæti átt yfir höfði sér nokkurra ára fangelsisvist. NFL-deildin hefur ekki enn ákveðið refsingu Vicks en talið er að hann fái hugsanlega aldrei aftur að spila í deildinni enda málið mjög sóðalegt. **- hbg**

MAX RAFTÆKI

Magni syngur og áritar kl. 20:30

Einstakt tilboð á nýja disknum!

aðeins í dag!

1.489 kr.

Magnaður fimmtudagur

OPIÐ Í KVÖLD TIL KL. 23:00

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær tækjakaup

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
Við erum beint á móti IKEA

MAX

Ísland 1-1 Kanada

1-0 Gunnar Heiðar Þorvaldsson (65.)
1-1 Oliver Occean (74.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	18–9 (9–5)
Varin skot	Daði 2, Fjalar 1 – Onstad 6
Horn	4–2
Aukaspyrnur fengnar	12–21
Rangstöður	2–4

Baldur Aðalsteinsson:

Vildi sýna mig og sanna

FÓTBOLTI Baldur Aðalsteinsson lagði upp mark Íslands í leiknum og var þokkalega sáttur við eigin frammistöðu. „Maður vill alltaf gera betur en ég er þakklátur fyrir tækifærið. Ég vildi gera mitt besta, berjast og sýna að ég átti heima inni á vellinum. Að það hafi ekki verið nein vitleysa að velja mig í landsliðið," sagði hann.

Baldur leikur með Val og er ekki að hugsa um atvinnumennskuna eins og er. „Núna snýst þetta um næsta leik og vinna deildina með Val. Það er það sem skiptir máli."

Hann segir þó talsverðan mun á því að spila á Laugardalsvelli með landsliðinu en Val. „Fyrst og fremst er bara svo gaman að fá að taka þátt í svona verkefni." - esá

Landsliðsþjálfari Kanada:

Enginn hokkíleikur

FÓTBOLTI „Það var öðruvísi fyrir okkur að spila hér þar sem við erum vanari hlýrra loftslagi. En mér fannst úrslit leiksins sanngjörn og vonandi að leikurinn reynist góður undirbúningur fyrir baráttuna sem er framundan hjá báðum liðum," sagði Dale Mitchell sem í gær stýrði sínum fyrsta A-landsleik fyrir Kanada.

„Við erum nú byrjaðir að undirbúa okkur fyrir undankeppni HM sem hefst á næsta ári. Allt snýst um að koma okkur þangað og held ég að við séum á réttri leið. Við náðum ágætum árangri í Gold Cup-keppninni þar sem við töpuðum fyrir Bandaríkjamönnum í undanúrslitum. Það er ekki langt í sterkustu lið álfunnar."

Enginn fjölmiðlamaður var frá Kanada á leiknum og hafði Mitchel skýringar á reiðum höndum. „Þetta var ekki hokkíleikur," sagði hann og hló.

- esá

Hermann Hreiðarsson var fyrirliði íslenska liðsins:

Framfarir hjá liðinu

FÓTBOLTI Varnarjaxlinn Hermann Hreiðarsson var fyrirliði íslenska landsliðsins gegn Kanada í gær í fjarveru Eiðs Smára Guðjohnsen sem er meiddur. Hann var ánægður með leikinn, þá sérstaklega vörnina.

„Varnarleikurinn var nokkuð þéttur hjá okkur og höfum við góðan undirbúningstíma fyrir næsta leik til að laga það sem miður fór. Við vorum þéttir fyrir og sköpuðum okkur líka nokkur færi. Þetta eru framfarir hjá liðinu," sagði Hermann.

Hann tók undir með landsliðsþjálfaranum og sagði hugarfarið hjá liðinu hafa verið gott. „Menn komu til að sýna hvað í þeim býr. Við munum líka þurfa að verjast í næsta leik, gegn Spánverjum, og veit þetta því á gott fyrir þann leik. Við þurfum að vera þéttir fyrir gegn þeim og vinna okkar einvígi, maður á mann. Ef við svo byrjum vel eins og við gerðum í dag er aldrei að vita hvað gerist."

HERMANN Lék í stöðu vinstri bakvarðar í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hermann var einnig ánægður með stuðningsmannahópinn sem lét vel í sér heyra allan leikinn. „Þeir eiga heiður skilinn fyrir frammistöðu sína og að halda stemningunni uppi, þótt þeir hafi verið fáir."

- esá

Gunnar Heiðar Þorvaldsson vill fara frá Hannover:

Mikilvægt að skora

FÓTBOLTI Gunnar Heiðar Þorvaldsson hefur ekki átt sjö dagana sæla hjá félagsliði sínu í Þýskalandi, Hannover 96. Hann sagði eftir landsleikinn í gær að hann vilji komast í burtu frá félaginu og til liðs þar sem hann fengi að spila nóg.

„Það eina sem ég hugsa um er að fá að spila. Komast til liðs þar sem þjálfarinn hefur trú á mér. Dvölin hjá Hannover hefur verið eins og sagan endalausa en þrátt fyrir allt vill þjálfarinn ekki sleppa mér alveg, vill frekar lána mig til annars liðs og sjá svo til."

Hann vissi af útsendurum liða sem komu á leikinn og það hafi því verið gott að skora. „Núna fer allt vonandi á fullt við að finna nýtt lið handa mér."

ÖFLUGIR Stuðningsmenn íslenska landsliðsins létu vel í sér heyra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gunnar Heiðar var að spila sinn fyrsta landsleik síðan gegn Danmörku í september í fyrra. „Það var gaman að spila aftur með landsliðinu og markið auðvitað langþráð líka. Mér fannst þeir ekki skapa sér neitt af viti í leiknum og við vorum með leikinn í okkar höndum. Þeir skora svo ódýrt mark en úrslitin eru engu að síður jákvæð. Það er vonandi að þetta skili sér svo í næstu leiki."

- esá

Óþarfa jöfnunarmark Kanadamanna

Ísland gerði 1-1 jafntefli í vináttulandsleiknum við Kanada á Laugardalsvellinum. Mark Gunnars Heiðars Þorvaldssonar dugði ekki til fyrsta sigursins í sjö leikjum, þökk sé einbeitingarleysi í íslensku vörninni.

FÓTBOLTI Ísland varð að sætta sig við 1-1 jafntefli í vináttulandsleiknum við Kanada í Laugardalnum í gær þrátt fyrir að vera með góð tök á leiknum og fá nokkur góð tækifæri til að skora fleiri mörk en það eina sem Gunnar Heiðar Þorvaldsson skoraði á 65. mínútu.

Kanadíska liðið olli miklum vonbrigðum í leiknum og því svekkjandi fyrir íslenska landsliðið að nýta sér ekki tækifærið og kynnast sigurtilfinningunni eftir sex landsleiki í röð án sigurs.

Íslenska landsliðið mætti af miklum krafti til leiks og bauð upp á stórsókn og tvær góðar marktilraunir á fyrstu mínútunni og 20 sekúndunum. Emil Hallfreðsson átti gott skot á fyrstu mínútu sem kanadíski markvörðurinn varði mjög vel og í hornspyrnunni á eftir þurfti hann aftur að hafa sig allan við þegar Brynjar Björn Gunnarsson átti góðan skalla að marki.

SOFNUÐU Á VERÐINUM Kanadamenn hafa hér jafnað leikinn þar sem íslenska vörnin gleymdi sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FLOTT MARK Gunnar Heiðar Þorvaldsson fagnar hér marki sínu ásamt þeim Jóhannesi Karli Guðjónssyni og Ragnari Sigurðssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það sem eftir lifði hálfleiksins gerðist ekki mikið og leikurinn var hundleiðinlegur. Íslenska liðið kom með meira líf inn í seinni hálfleikinn og var mun betri aðilinn í leiknum. Það kom því ekki á óvart að íslenskt mark liti dagsins ljós.

Allan heiðurinn af markinu átti Baldur Aðalsteinsson sem braust upp hægri kantinn og gaf boltann inn á hárréttan stað í markteignum þar sem Gunnar Heiðar Þorvaldsson lúrði eins og alvöru markaskorara sæmir. Helgi Sigurðsson kom inn á sem varamaður skömmu eftir að Gunnar Heiðar skoraði og í kjölfarið átti íslenska liðið margar lofandi sóknir. En í stað þess að komast í 2-0 sofnuðu íslensku leikmennirnir á verðinum og Kanadamenn náðu að jafna.

Markið kom eins og blaut tuska framan í íslenska liðið sem hafði þá öll tök á leiknum og ekkert annað en fleiri íslensk mörk voru í spilunum. Hjálmar Jónsson seldi sig ódýrt út á kanti og Fjalar Þorgeirsson gerði mikil mistök með því að verja skotið sem var ekki það gott beint út í teiginn fyrir framan fætur Olivers Occean sem skoraði auðveldlega. Íslenska liðið náði sér aldrei á strik eftir það og jafntefli var því niðurstaðan.

Ívar Ingimarsson var besti maður íslenska liðsins og stjórnaði vörninni eins og herforingi. Gunnar Heiðar var duglegur og menn eins og Brynjar Björn Gunnarsson, Kári Árnason og Grétar Rafn Steinsson gerðu fá mistök þó að þeir hafi oft verið meira í boltanum en í þessum leik.

Emil Hallfreðsson átti líka marga góða spretti en oftar en ekki kom hann sér í ógöngur þegar hann hefði frekar átt að nota félaga sína í stað þess að vaða áfram, mála sig inn í horn og eða safna að sér kanadískum varnarmönnum. Eins og það er spennandi að fylgjast með sprettum stráksins þá er það jafnsvekkjandi að sjá hann spólandi í einskismannslandi úr takti við aðra leikmenn íslenska liðsins.

Íslenska liðið gaf fá færi á sér í leiknum í gær og komst ágætlega frá leiknum varnarlega en kanadíska liðið var allt annað en sannfærandi í leiknum. Það má búast við erfiðari leikjum við Spánverja og Norður-Íra þegar tvö heitustu liðin í okkar riðli mæta á Laugardalsvellinum. Það var allt annað að sjá til liðsins en í síðustu leikjum og þótt að sigurinn hafi ekki komið er þetta vonandi byrjun á einhverju betra hjá landsliðinu.

ooj@frettabladid.is

EINKUNNIR ÍSLANDS

Daði Lárusson	6
Spilaði bara fyrri hálfleikinn og fékk lítið að gera. Varði tvö auðveld skot sem á hann komu.	
Grétar Rafn steinsson	7
Var ekki mikið í boltanum en skilaði sínu vel auk þess að loka vel á vinstri vænginn.	
Ívar Ingimarsson	8
Lék mjög vel, yfirvegaður í öllum sínum aðgerðum og stjórnaði íslensku vörninni eins og herforingi. Átti svo sannarlega skilið að bera fyrirliðabandið um stund.	
Ragnar Sigurðsson	7
Spilaði sinn fyrsta landsleik og var að því virtist mjög taugaveiklaður en vann á þegar á leið leikinn og skilaði sínu mjög vel.	
Hermann Hreiðarsson	5
Lenti oft í miklum vandræðum með Issey Nakajima Farran út á vængnum og var ólíkur sjálfum sér.	
Kári Árnason	6
Hélt svæðinu vel og vann vel á miðjunni en komst hins vegar ekki mikið í boltann.	
Brynjar Björn Gunnarsson	6
Komst ágætlega frá sínu, gerði fá mistök en var heldur ekki mikið í boltanum.	
Jóhannes Karl Guðjónsson	4
Virtist ekki vera í mikill leikæfingu, var klaufskur í öllum sínum aðgerðum og átti hverja misheppnaða sendingu á fætur annarri. Seinni hálfleikurinn var þó betri en sá fyrri.	
Emil Hallfreðsson	7
Byrjaði mjög vel og átti mörg flott hlaup en enn fleiri slæmar ákvarðanir þegar hann var kominn í vænlega aðstöðu til þess að búa eitthvað til. Spennandi leikmaður sem þarf að skila boltanum betur frá sér.	
Baldur Ingimar Aðalsteinsson	6
Átti frábæra stoðsendingu á Gunnar Heiðar og stóð sig ágætlega. Ætlaði sér ekki of mikið og vann vel.	
Gunnar Heiðar Þorvaldsson	7
Skoraði gott mark og hljóp mikið. Fékk hins vegar ekki marga bolta og var ítrekað einn og yfirgefinn.	

VARAMENN

46. mín. Fjalar Þorgeirsson fyrir Daða Lárusson	4
Gerði stór mistök í markinu sem var í eitt af fáum skiptum sem reyndi eitthvað á hann.	
62. mín. Hjálmar Jónsson fyrir Hermann Hreiðarsson	4
Fór illa að ráði sínu þegar hann seldi sig ódýrt þegar Kanada skoraði jöfnunarmarkið	
68. mín . Helgi Sigurðsson fyrir Brynjar Björn Gunnarsson	7
Kom inn af miklum krafti, var mjög ógnandi og fékk nokkur hálffæri.	
79. mín . Davíð Þór Viðarsson fyrir Gunnar Heiðar Þorvaldsson	-
85. mín . Kristján Örn Sigurðsson fyrir Ívar Ingimarsson	-
85. mín . Veigar Páll Gunnarsson fyrir Emil Hallfreðsson	-

Eyjólfur Sverrisson var ánægður með leik íslenska liðsins:

Allt annað og betra hugarfar

FÓTBOLTI „Ég var ánægður með leikinn og við vorum að spila vel. Varnarfærslurnar sem við lögðum upp með fyrir leikinn voru að ganga upp og varla stigið feilspor í því," sagði Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari eftir leikinn gegn Kanada. Hann sagði fyrir leik að hann hygðist þétta miðju íslenska liðsins sem væri mikilvægt fyrir leikinn gegn Spánverjum í upphafi næsta mánaðar. „Við vorum mjög þéttir fyrir og þeir gátu aldrei spilað sig í gegn," sagði hann.

Hann var þó ósáttur við niðurstöðu leiksins. „Við áttum að vinna þennan leik. Það var sárt og óþarfi að fá þetta mark á okkur. En það var samt allt annar bragur á liðinu sem er jákvætt fyrir framtíðina."

Eyjólfur sagði að hugarfar leikmanna hafi verið sérstaklega gott. „Við fórum vel yfir hvað menn þurfa að hafa til að ná árangri. Menn þurfa að vera ákveðnir í sínum gjörðum og sýna andstæðingnum að þú ætlir þér að gera eitthvað í leiknum."

ÁNÆGÐUR MEÐ VARNARLEIKINN Eyjólfur Sverrisson var ánægður með varnarleik sinna manna. Hér hefur Hermann Hreiðarsson reyndar brugðið sér í sóknina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hann sagðist vera ánægðari með varnarleik liðsins en sóknarleikinn. „Ég var samt ekkert ósáttur við sóknarleik okkar. Ég hefði viljað fá fleiri fyrirgjafir og sendingar inn í opin svæði."

Ragnar Sigurðsson átti mjög góðan leik sem og Baldur Aðalsteinsson. Ragnar var að leika sinn fyrsta leik með landsliðinu.

„Ég er ánægður með þá. Ragnar er fljótur, grimmur og áræðinn leikmaður. Baldur var að spila virkilega vel eins og ég reiknaði með. Hann er vinnusamur leikmaður og hættulegur eins og sást í dag."

- esá

Fjöldi vináttulandsleikja fór fram víðs vegar um Evrópu í gær og nokkuð var um óvænt úrslit í leikjunum:

Þjóðverjar unnu Englendinga á Wembley

FÓTBOLTI Það fóru fjölmargir vináttulandsleikir fram í gær, meðal athyglisverðustu úrslitanna voru að Þjóðverjar unnu Englendinga á Wembley, Norðmenn skelltu Argentínumönnum 2-1 í Osló, Írar burstuðu Dani 4-0 í Árósum og Ungverjar unnu 3-1 sigur á heimsmeisturum Ítala.

Slæm markmannsmistök Paul Robinson spiluðu stóran þátt í 2-1 sigri Þjóðverja á Englendingum á Wembley í vináttulandsleik í gær. Robinson missti boltann fyrir fætur Kevin Kuranyi sem jafnaði leikinn eftir að Frank Lampard hafði komið Englandi í 1-0 eftir aðeins níu mínútna leik. Mark Lampard kom eftir laglegan undirbúning miðvarðar Man. City, Micah Richards, sem spilaði á hægri vængnum í gær. Sigurmarkið skoraði nýliðinn Christian Pander með þrumuskoti af löngu færi fimm mínútum fyrir hálfleik.

Michael Owen, Kieron Dyer og Frank Lampard fengu allir góð tækifæri til þess að jafna en án árangurs. Englendingar hafa því enn ekki unnið leik á nýja Wembley þrátt fyrir að komast í 1-0 gegn bæði Brasilíu og Þýskalandi. Það er hins vegar ekkert annað en sigur sem er viðunandi í næsta leik þegar Ísraelar heimsækja Wembley í mikilvægum leik í undankeppni Evrópumótsins þar sem Englendingar mega ekki við því að misstíga sig.

John Carew skoraði bæði mörk Norðmanna í 2-1 sigri Argentínu, það fyrra úr vítaspyrnu eftir að John Arne Riise var felldur og það seinna með skalla eftir aukaspyrnu Riise. Maximiliano Rodriguez minnkaði muninn rétt fyrir leikslok.

Robbie Keane og Shane Long skoruðu báðir tvö mörk í 4-0 stórsigri Íra á Dönum í Árósum en Danir máttu þola eitt sitt versta tap í langan tíma.

Ungverjar unnu mjög óvæntan 3-1 sigur á heimsmeisturum Ítala í Búdapest. Ítalir sem höfðu unnið fimm leiki í röð komust í 1-0 eftir 49. mínútur en Ungverjar svöruðu með þremur mörkum á síðasta hálftíma leiksins. - óój

ALGJÖRT KLÚÐUR Paul Robinson hefur misst boltann og getur aðeins horft á það þegar Kevin Kuranyi skorar. NORDICPHOTOS/GETTY

ÚRSLIT

Undankeppni EM:

A-RIÐILL:

Armenía-Portúgal	1-1
1-0 Arzumanyan (12.) 1-1 Cristano Ronaldo (37.)	
Finnland-Kasakstan	2-1
Eremenko (13.),2-1 Tainio (61.) - Byakov (23.).	
Belgía-Serbía	3-2
Dembele 2 (10. , 88.), Mirallas (30.) - Kuzmanovic 2 (73. , 90.)	

D-RIÐILL:

San Marínó-Kýpur	0-1

E-RIÐILL:

Eistland-Andorra	2-1

F-RIÐILL:

Norður Írland-Liecthenstein	3-1
Healy 2 (5. , 35.), Lafferty (56.) - Frick (89.)	

Vináttulandsleikir:

Brasilía-Alsír	2-0
1-0 Maicon (62.), 2-0 Ronaldinho (81.)	
Búlgaría-Wales	0-1
0-1 Eastwood (45.)	
Noregur-Argentína	2-1
1-0 Carew 2 (11., 58.) - Rodriguez 84.	
Danmörk-Írland	0-4
Keane 2 (29. , 40.), Long 2 (54., 66.)	
Rúmenía-Tyrkland	2-0
Dica (62.), Mutu (70.).	
Grikkland-Spánn	2-3
Gekas (19.), Katsouranis (44.) - Marchena (38.) Silva 2 (68. , 90.)	
Svíþjóð-Bandaríkin	1-0
1-0 Källström (56.)	
Sviss-Holland	2-1
Barnetta 2 (9. víti , 51.) - Kuyt (52.)	
Ungverjaland-Ítalía	3-1
Juhasz (61.), Gera (66., víti), Seczesin (76.) - Di Natale (49.)	
England-Þýskaland	1-2
Lampard (9.) - Kuranyi (26.), Pander (40.)	
Skotland-Suður Afríka	1-0
1-0 Boyd (71.)	
Slóvakía-Frakkland	0-1
0-1 Thierry Henry (40.)	

RAÐAR INN MÖRKUM David Healy hefur skorað 11 mörk fyrir Norður-Íra í undankeppninni, sex fleiri en allt íslenska landsliðið til samans. NORDICPHOTOS/GETTY

Leikur í íslenska riðlinum:

Healy skoraði tvö mörk

FÓTBOLTI David Healy skoraði tvö mörk á fyrsta hálftímanum í 3-1 sigri Norður-Íra á Liechtenstein í eina leiknum sem fram fór í íslenska riðlinum í gær.

Með þessum sigri komst norður-írska liðið upp í annað sæti riðilsins tveimur stigum á eftir toppliði Svía.

Healy, sem hefur byrjað vel með Fulham í ensku úrvalsdeildinni, hefur þar með skorað 11 af 13 mörkum Norður-Íra í undankeppninni. Kyle Lafferty lagði upp fyrsta markið fyrir Healy og skoraði síðan það síðasta áður en Mario Frick minnkaði muninn fyrir Liechtenstein. - óój

VERSTU KNATTSPYRNU-LANDSLIÐ EVRÓPU

115. sæti	Kasakhstan
115. sæti	Malta
117. sæti	Ísland
125. sæti	Eistland
133. sæti	Liechtenstein
161. sæti	Andorra
174. sæti	Lúxemborg
190. sæti	Færeyjar
195. sæti	San Marínó
199. sæti	Svartfjallaland

ÞJÓÐIRNAR Í KRINGUM ÍSLAND Á LISTANUM

115. sæti	Kasakhstan
115. sæti	Malta
117. sæti	Súdan
117. sæti	Ísland
119. sæti	Barbados
120. sæti	Líbería
121. sæti	Rúanda
121. sæti	Erítrea

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu er komið alla leið niður í 117. sæti á styrkleikalista FIFA:

Aðeins sjö verri fótboltalandslið í Evrópu

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið datt niður um átta sæti á styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins en listinn fyrir ágúst var gefinn út í gær. Ísland er í 117. sæti á listanum og hefur aldrei verið neðar.

Evrópuþjóðirnar Lettland, Kazakhstan og Malta fóru upp fyrir Ísland að þessu sinni og því eru aðeins sjö þjóðir af 52 innan Knattspyrnusambands Evrópu með verri stöðu en Ísland. Ein þeirra en Svartfjallaland sem er ekki byrjað að keppa. Hinar þjóðirnar eru Eistland, Liechtenstein, Andorra, Lúxemborg, Færeyjar og San Marínó sem eru samtals með fjögur stig úr 42 leikjum í undankeppni EM 2008.

Það er líka athyglisvert að skoða þróun mála hjá Íslandi og Kanada á listanum en margt breyttist frá því að knattspyrnusambönd þjóðanna sömdu um leikinn og að hann fór fram á Laugardalsvellinum í gær. Í mars var Kanada í 103. sæti listans, 17 sætum neðar en Ísland sem var í 86. sæti. Þegar liðin stigu inn á völlinn í gær var Kanada búið að hækka sig um 50 sæti upp í það 53. en á sama tíma var íslenska landsliðið 31 sæti neðar en fimm mánuðum áður. Þarna var því um 80 sæta sveiflu á þjóðunum að ræða frá mars til ágúst. - ööj

HVAÐ ER AÐ GERAST? Eiður Smári Guðjohnsen er ekki ánægður með gang mála í leik gegn Möltu sem er komið ofar en Ísland á FIFA-listanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nicotinell

NÝJAR PAKKNINGAR BETRA VERÐ

TVÖFALDAR MÖGULEIKA ÞÍNA AÐ HÆTTA AÐ REYKJA!

CLASSIC NIKÓTÍN BRAGÐ

MINTU BRAGÐ

LAKKRÍS BRAGÐ

ÁVAXTA BRAGÐ

PRÓFAÐU **NICOTINELL** NIKÓTÍNTYGGIGÚMMÍIÐ
FÆST MEÐ ÁVAXTA-, MINTU-, LAKKRÍS- OG NIKÓTÍNBRAGÐI

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

STRACHAN Hefur lent í útistöðum við dómara undanfarið. NORDIC PHOTOS/GETTY

Gordon Strachan hjá Celtic:

Gæti fengið tíu leikja bann

FÓTBOLTI Svo gæti farið að Gordon Strachan, stjóri Celtic, fengi tíu leikja bann eftir að hann fékk að líta rauða spjaldið í leik Celtic gegn Aberdeen um helgina. Hann hefur nú verið formlega ákærður af skoska knattspyrnusambandinu.

Hann hefur einnig áfrýjað fjögurra leikja banni sem hann fékk fyrir atvik undir lok síðustu leiktíðar. Ef hann verður dæmdur í bann aftur nú gætu sex leikir bæst við og verða því alls tíu leikir. Strachan var vikið af velli fyrir að lenda í hávaðarifrildi við starfsmenn Aberdeen við varamannaskýlin. - esá

Juande Ramos, þjálfari Sevilla:

Neitaði risaboði Tottenham

FÓTBOLTI Juande Ramos, þjálfari spænska úrvalsdeildarliðsins Sevilla, segir að hann hafi neitað svimandi háu tilboði Tottenham um að taka að sér knattspyrnustjórn liðsins. „Ég er hins vegar samningsbundinn Sevilla og ákvörðun mín er að efna þann samning," sagði Ramos.

Tottenham segir það rangt að þeir hafi boðið einhverjum stöðu knattspyrnustjóra á meðan Martin Jol er enn í starfi. Tottenham tapaði sínum fyrstu tveimur leikjum á tímabilinu en vann Derby um síðustu helgi. - esá

YAKUBU Sennilega á leið til Everton. NORDIC PHOTOS/GETTY

Everton kaupir sóknarmann:

Yakubu á leið til Everton

FÓTBOLTI Middlesbrough staðfesti á heimasíðu sinni í gær að hinum 24 ára Nígeríumanni, Yakubu, hafi verið veitt heimild til að ræða við Everton um félagaskipti á Goodison Park.

Talið er að Everton hafi boðið 11,75 milljónir punda í leikmanninn og að Boro hafi þekkst boðið. - esá

TÖLVUVERSLUN

með þjónustuna í lagi

ASUS TÖLVUTILBOÐ

ASUS FX51R FARTÖLVA

- 15.4” TFT WXGA breiðskjár (1280x800)
- Intel Celeron M520 1.6GHz örgjörvi
- ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort (shared)
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Sound Blaster Pro hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Basic stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja

VERÐ kr. 69.900

ASUS AUKAHLUTAPAKKI

ASUS F5R FARTÖLVA

- 15.4” TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core Duo T2130 örgjörvi
- ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Azaila samhæft hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja

VERÐ kr. 89.900

ASUS AUKAHLUTAPAKKI

ASUS F3SE FARTÖLVA

- 15.4” TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 DUO T5450 örgjörvi
- ATI MOBILITY™ RADEON® X2500 896MB skjákort
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- Sound Blaster Pro hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- BlueTooth
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0, Firewire, VGA og DVI út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugb.pakki, flott taska og lasermús fylgja

VERÐ kr. 119.900

ASUS AUKAHLUTAPAKKI

ASUS A7S FARTÖLVA

- 17” TFT WXGA+ breiðskjár (1440x900)
- Með innbyggð vefmyndavél
- Intel Core 2 DUO T7300 örgjörvi
- NVIDIA Geforce 8400M G 128MB GDDR2 skjákort
- 2 GB DDR II 667MHz vinnsluminni
- 200GB SATA harður diskur
- Intel High Definition hljóðkort
- n draft þráðlaust 802.11 a/b/n netkort
- 10/100/1000 Fast Ethernet
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- Innbyggt sjónvarpskort, fjarstýring fylgir
- 8x DVD Dual Double Layer brennari
- 5 USB 2.0, FireWire og Express rauf
- VGA, Tv out (S-video) og HDMI tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Bluetooth V2.0+EDR, SIR-115.2Kbps stuðningur
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja

VERÐ kr. 159.900

ASUS AUKAHLUTAPAKKI

MJÖG GÓÐ LEIKJAVÉL

ASUS G1S FARTÖLVA

- 15.4” TFT WSXGA+ breiðskjár (1680x1050)
- Með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 Duo T7500 2.20GHz 4MB Cache örgjörvi
- nVidia GeForce 8600M GT 256MB DDR3 skjákort
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni (stækkanlegt í 4GB)
- 160GB SATA harður diskur
- Intel High Definition samhæft hljóðkort
- n draft þráðlaust 802.11 a/b/n netkort
- 10/100/1000 Fast Ethernet
- Innbyggður kortalesari SD/MMC/MS/MS PRO
- DVD Dual Layer brennari með Light scribe
- 4 USB 2.0, FireWire, Express card, E-SATA, VGA og HDMI
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Bluetooth V2.0+EDR, SIR-115.2Kbps stuðningur
- Windows Vista Ultimate stýrikerfi
- Nero Express 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flottur Gaming bakboki og öflug lasermús fylgir

VERÐ kr. 179.900

ASUS AUKAHLUTAPAKKI

ENN BETRI LEIKJAVÉL

ASUS G2S FARTÖLVA

- 17” TFT WXGA+ breiðskjár (1440x900)
- Með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 Duo T7500 2.2GHz örgjörvi
- nVidia GeForce 8600M GT DDR3 256MB skjákort
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 4GB)
- 160GB SATA 5400rpm harður diskur
- Intel High Definition samhæft hljóðkort
- n draft WLAN 802.11 a/b/n netkort
- 10/100/1000 Fast Ethernet
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- Innbyggt sjónvarpskort, fjarstýring fylgir
- DVD Dual Layer brennari með Light scribe
- 4 USB 2.0, SPDIF, E-SATA, FireWire, Express
- VGA,HDMI og TV (S-Video) út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Bluetooth V2.0+EDR, SIR-115.2Kbps stuðningur
- Windows Vista Ultimate stýrikerfi
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flottur Gaming bakboki og öflug lasermús fylgir

VERÐ kr. 199.900

ASUS AUKAHLUTAPAKKI

JBL
ASUS
PHILIPS
SanDisk
JVC
Sarotech
CREATIVE
RAZER
PATRIOT MEMORY
SPEED LINK

ASUS AUKAHLUTAPAKKI

- ***1GB minnislykill FYLGIR***
- ***Vönduð optical mús FYLGIR***
- ***Vönduð taska FYLGIR***

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

TAKKAR

TÖLVUVERSLUN - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS

> Elijah Wood

Elijah gerir meira en að leika í bíómyndum. Hann á eitt stærsta plötusafnið í Hollywood og árið 2005 stofnaði hann eigin plötuútgáfu, Simian Records. Fyrirtækið hefur gert samning við tvær hljómsveitir, The Apples in Stereo og Heloise and the Savoir Faire, sem báðar eru í miklu uppáhaldi hjá Elijah. Enn fremur söng Elijah og spilaði á ýmis hljóðfæri inn á plötu Viggo Mortensens, Pandemoniumfromamerica. Elijah leikur í myndinni Try Seventeen á Stöð 2 Bíó kl. 18.00.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SÉR SJÓNVARPIÐ FRÁ SJÓNARHÓLI BARNSINS

Módelsvipur og alþrif

Börn vita oft meira um lífið og tilveruna en margan grunar. Það kemur þó flestum foreldrum í opna skjöldu þegar eggin eru farin að geta sagt hænunum hvernig sápu best sé að nota á náttúrusteinum og hvað þá þegar þau eru farin að luma á ýmsum undarlegum en afar gagnlegum kellingaráðum um heimilisþrif og leka krana. Níu ára barn getur sagt heimilisfólki hvernig losna má við leiðindahljóð úr lekum krana: „Best sé að binda bómullarþráð utan um lekan krana og láta bandspottann lafa niður í vaskinn." Þessi óvænti fróðleikur barna kemur nefnilega úr þáttum kenndum við raunveruleikann. Þannig fer þátturinn Allt í drasli með þeim í snarheitum yfir

JAMIE OLIVER Einn af þeim sem kemur fróðleik til barnanna sem miðla honum síðan til foreldranna.

ruslatínslu heimilisins og vilji foreldrar að þau geti bjargað sér á eyðieyju má alltaf láta þau horfa á Survivor. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft og ekki er því með öllu óhætt að skilja börnin eftirlitslaus við raunveruleikaþættina. Nokkrir þættir af How Clean is Your House fer með þau langleiðina í ræstitækninn og Americas Next Top Model getur skilað afkvæmunum með sturlaðan Kate Moss-svip. Og fæstir foreldrar vilja að afkvæmin endi uppi sem 27 kíló, hangandi í rólu – deyjandi úr kulda (færri kíló=minni varmi).
Þá bið ég frekar um fljóteldaðan kartöflurétt í capers a la herra Oliver og matarsóda á lofti þótt að kokkurinn sjálfur sé hálf óþolandi.

EKKI MISSA AF

▶ **21.00 Sólkerfið** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.05 Two and a Half Men** STÖÐ 2

▶ **18.00 Try Seventeen** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **22.00 The Riches** SIRKUS

▶ **20.00 Family Guy** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

16.40 Formúlukvöld e.
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar (15:32)
18.28 Julie (2:4) e.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Bræður og systur (3:23) Bandarísk þáttaröðum hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti. Meðal leikenda eru Dave Annable, Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe.
▶**21.00 Sólkerfið** (2) Þessi þáttur fjallar um Merkúríus, sem er innsta reikistjarna sólkerfisins, böðuð steikjandi heitum geislar sólarinnar. Árið er ekki nema 88 dagar, en sólarhringurinn tvöfalt lengri. Yfirborðið er þakið gígum eftir árekstra loftsteina.
21.10 Kingdom lögmaður (4:6) Breskur gamanmyndaflokkur með Stephen Fry í hlutverki lögmannsins Peters Kingdom sem býr og starfar í smábæ í sveitasælunni í Norfolk.
22.00 Tíufréttir
22.25 14-2 Í þættinum er fjallað um fótboltasumarið frá ýmsum hliðum.
22.50 Gatan (1:6) Breskur myndaflokkur um hversdagsævintýri nágranna í götu í bæ á Norður Englandi. Meðal leikenda eru Jane Horrocks, Jim Broadbent.
23.50 Aðþrengdar eiginkonur (54:70) e.
00.35 Kastljós
01.10 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Good Thief (Double Down)
08.00 Home Alone
10.00 Little Black Book
12.00 Try Seventeen
14.00 Home Alone
16.00 Little Black Book
▶**18.00 Try Seventeen**
20.00 Good Thief (Double Down) Dramatísk glæpamynd. Aðalhlutverk. Nick Nolte, Nutsa Kukhianidze, Ouassini Embarek, Marc Lavoine.
22.00 Around the Fire
00.00 Deeply
02.00 Conan the Destroyer
04.00 Around the Fire

STÖÐ 2

07.00 Stubbarnir
07.25 Litlu Tommi og Jenni
07.45 Krakkarnir í næsta húsi
08.10 Beauty and the Geek (3.9)
08.50 Í fínu formi 2005
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Wings of Love NÝTT (4.120)
10.10 Homefront
10.55 Whose Line Is it Anyway?
11.20 Sjálfstætt fólk
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Forboðin fegurð (55.114)
13.55 Forboðin fegurð (56.114)
14.45 Two and a Half Men (19.24)
15.25 Búbbarnir (15.21)
15.50 Skrímslaspilið
16.15 Nornafélagið
16.38 Magic Schoolbus
17.03 Doddi litli og Eyrnastór
17.13 William´s Wish Wellingtons
17.18 Fífí
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð
19.40 The Simpsons (19.22) (e)
▶**20.05 Two and a Half Men NÝTT** (1.24) Fjórða sería af þessum bráðskemmtilega þætti um bræðurnar Charlie og Alan sem búa saman þrátt fyrir að vera eins ólíkir og dagur og nótt. Leyfð öllum aldurshópum.
20.30 Til Death NÝTT
20.55 So You Think You Can Dance (18.23) Þau átta efstu dansa í kvöld en eftir því sem keppendum fækkar verður gagnrýnin harðari. 2007.
22.00 Bones (14.21) Spennandi, bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. Bönnuð börnum.
22.45 Hustle (5.6)
23.35 The Shield (10.10)
00.40 Mobile (4.4)
01.35 Home Room
03.45 Moving Target
05.15 Fréttir og Ísland í dag

SÝN besta sætið

07.00 England-landsleikir Útsending frá vináttulandsleik Englands og Þýskalands.
18.00 Það helsta í PGA mótaröðinni
18.30 England-landsleikir Útsending frá vináttulandsleik Englands og Þýskalands.
20.10 Sterkasti maður í heimi 2006 Þáttur um keppnina um sterkasta mann heims árið 2006 en Boris Haraldsson keppti fyrir Íslands hönd þetta árið.
20.40 Kraftasport - 2007 Hvaða aflraunamaður hlaut titilinn Uppsveitarvíkingurinn árið 2007?
21.15 David Beckham - Soccer USA (5.13) Glænýir þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í englaborginni í Bandaríkjunum.
21.45 Einvígið á Nesinu
22.40 Hefnd nördanna Útsending frá leik íslensku nördanna og sænsku nördanna en leikurinn var sýningarleikur á Landsmóti UMFÍ í Kópavogi.
23.35 Champions of the World Í þessum þætti verður fjallað um knattspyrnuna í Argentínu út frá ýmsum sjónarhornum.
00.30 PGA Tour 2007 - Highlights (Wyndham Championship)

SÝN 2

19.00 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.
20.00 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
20.30 PL Classic Matches Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.00 PL Classic Matches
21.30 Season Highlights Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
22.30 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum.
23.50 Coca Cola mörkin 2007-2008 Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

SKJÁREINN

07.35 Everybody Loves Raymond (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.25 Vörutorg
17.25 7th Heaven (e)
18.15 Dr. Phil
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 Thick & Thin (e)
▶**20.00 Family Guy** (2.11) Teiknimyndaþættirnir um Griffin fjölskylduna eru geðveikislega bilaðir, gersneyddir pólitískri réttsýni og æðislegir. Peter og Louis eiga 3 börn það yngsta er sadisti með snilligáfu sem einbeitir sér að því að koma móður sinni fyrir kattarnef og eyða heiminum.
20.30 According to Jim (19.22) Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Cheryl kaupir sexí undirföt á stelpukvöldi en þorir ekki að sýna Jim hvað hún keypti.
21.00 Law & Order. SVU (9.22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Unglingstúlka strýkur að heiman til að fara í fóstureyðingu, en hún endar á spítala eftir alvarlega líkamsáras og missir fóstrið í kjölfarið. Fljótlega kemur í ljós að ekki er allt sem sýnist.
22.00 The Black Donnellys (4.13) Ný, bandarísk dramasería um fjóra írskættaða bræður sem búa í harðasta hverfinu í New York, hinu svokallaða Hells Kitchen. Dópistinn Jimmy getur ekki þagað og teflir leyndarmáli bræðranna í hættu.
22.50 Everybody Loves Raymond
23.15 Jay Leno
00.05 Law & Order (e)
00.55 Stargate SG-1 (e)
01.45 Vörutorg
02.45 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.30

Til Death - nýtt

Í kvöld hefjast sýningar á glænýrri gamanþáttaröð með Brad Garrett úr Everybody Loves Raymond og Joley Fisher í aðalhlutverkum. Jeff og Steph eru nýgift og yfir sig ástfangin en þegar þau flytja í næsta hús við Stark-hjónin sjá þau hvernig hjónabandið gæti endað eftir mörg ár. Í fyrsta þættinum eiga nýgiftu hjónin í erfiðleikum með að koma sér fyrir í nýja húsinu enda krefst það málamiðlana og fórna sem hvorugt þeirra kærir sig um færa.



▶ Við mælum með

BRÆÐUR OG SYSTUR

Sjónvarpið kl. 20.10

Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti. Leikararnir eru ekki af verri endanum en í aðalhlutverkum leika Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field. Þættirnir hafa þrisvar verið tilnefndir til Emmy-verðlaunanna.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Laufskálinn
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Brot af eilífðinni
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Útvarpssagan: Snaran
14.30 Á vængjum yfir flóann
15.03 Söngvar af sviði: Kabarett
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Laufskálinn
19.40 Sumarsaga barnanna: Litla húsið í Stóru-skógum
20.00 Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Kvöldsagan: Sagan af Tristan og Ísól
22.45 Kvöldtónar
23.10 Hvert fór ég eiginlega?
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radió / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

SKJÁ SIRKUS

17.15 Insider
17.45 Skífulistinn
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.40 Entertainment Tonight
20.10 True Hollywood Stories (4.8) (e)
21.00 Daisy Does America (5.8) (e)
21.30 Bestu Strákarnir (18.50) Sirkus endursýnir allt það besta með Sveppa, Audda, Pétri Jóhanni og hinum sprenghlæginlegu strákunum.
▶**22.00 The Riches** (13.13) Glæný, bandarísk þáttaröð með Minnie Driver í aðalhlutverki. Wayne og Dahlia Malloy hafa eytt ævinni í ferðalög og svikastarfsemi með sígaunum en telja að það sé kominn tími til að breyta til. Þau setjast því að í venjulegu úthverfi og gera sitt besta til þess að falla í hópinn. Aðalhlutverk: Minnie Driver, Eddie Izzard.
22.50 Ghost Whisperer (27:44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjándans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. Melinda er nýgift og rekur antikbúð í smábænum þar sem hún býr með eiginmanni sínum. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni öllum stundum. 2006.
23.35 E-Ring (3:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimers með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
00.20 Jake 2.0 (5:16) (e)
01.00 Entertainment Tonight (e)
01.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Vanity Fair **13.00** Hustle **14.00** Garden Rivals **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** Staying Put **17.30** Staying Put **18.00** Hustle **19.00** Spooks **20.00** Swiss Toni **20.30** The League of Gentlemen **21.00** Hustle **22.00** The Good Life **22.30** Spooks **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Hustle **2.00** Vanity Fair **3.00** Cash in the Attic

DR 1

11.55 Hvad er det værd **12.20** Med slør og høje hæle **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Update **14.30** Pelles mareridt **14.35** Frikvarter 15.00 Kongen af skyskoven **15.30** Fandango med Sine **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Slavebørn **19.00** TV Avisen **19.25** Task Force **19.50** SportNyt **20.00** Landsbyhospitalet **20.45** Vilde heste **22.15** OBS **22.20** Boogie Update **22.50** Musikprogrammet **4.30** Mira og Marie

NRK 1

12.30 Rett til himmels - Sola 70 år **13.00** Creature Comforts: hvordan har vi det? **13.05** Gigi **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Bawke **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bosse **16.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Viten om **18.00** Løvebakken **18.25** Valg 07 - Duell **18.45** Valg 07 - Distrikt **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Dronning Sonja Internasjonale Musikkonkurranse 2007 **20.35** Sommernattas symfoni **21.00** Kveldsnytt **21.15** Dronning Sonja Internasjonale Musikkonkurranse 2007 **21.30** Veiviseren **22.55** Hairy Bikers kokebok **5.30** Jukeboks: Vitenskap

SVT 1

13.05 Två kilometer i mitt liv **13.35** Fotograf Inga Ohlsén **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Melita möter **15.30** Hemma hos Ketty och Jens Børre **16.00** Lantmusen och stadsmusen **16.20** Lille-Björn **16.25** Dagens visa **16.30** Tintin **17.00** Lilla Aktuellt **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Niklas mat **18.30** Packat & klart **19.00** Stephen Fry - mitt liv som manodepressiv **19.55** Om kärlek **20.00** Planeten - version 2007 **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Älgen är lös **22.10** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige

MORGUNMATURINN

„Ég fæ mér tvær samlokur með osti og pepperóní sem ég bý til sjálfur og kaffi með.“

Snorri Engilbertsson leikari.

Perez Hilton langar til Íslands

Konungur slúðursíðanna, Perez Hilton, sem sjálfur kallar sig „The Queen of All Media“ virðist hafa gerst sérlegur verndari íslensk tónlistarlífs. Á þriðjudag mælti hann með tónlist Hafdísar Huldar Þrastardóttur á afar fjölsóttri síðu sinni, undir fyrirsögninni „Sætur lítill álfur“. Um söngkonuna skrifar hann „Hún er dásamleg“ og líkir henni við leikkonuna vinsælu Zooey Deschanel hvað varðar útlitið.

Þegar færslan um Hafdísi Huld birtist voru ekki liðnar nema nokkrar vikur frá því að umræddur Perez birti myndband Páls Óskars við lagið Allt fyrir ástina á síðunni. Myndbandið hefur, þegar þetta er skrifað, verið skoðað yfir 140 þúsund sinnum, og óhætt að áætla að hrifning Perez hafi haft sitt að segja þar.

Perez Hilton féllst á að svara nokkrum spurningum Fréttablaðsins, og heldur þannig innreið sína í íslenska fjölmiðla. Hvað varðar áhuga hans á íslensku tónlistarlífi sagðist slúðurblaðamaðurinn ekki leggja sérstaka áherslu á að fylgjast með íslenskri tónlistarsenu. „Ég fylgist með góðri tónlist. Góð tónlist er góð tónlist,“ sagði Perez einfaldlega. Hann kvaðst þó hafa áhuga á að sækja landið heim. „Ég hef ekki komið til Íslands ennþá, en það væri æðislega gaman að komast bráðlega,“ sagði hann.

- sun

DROTTNING FJÖLMIÐLANNA Perez Hilton tjáir sig um tónlistaráhuga sinn við Fréttablaðið.

SÆTUR ÁLFUR Slúðurkóngurinn kallar Hafdísi Huld sætan álf á heimasíðu sinni og lýsir yfir ánægju sinni með tónlist hennar.



LÁRÉTT
2. sót **6.** klafi **8.** útgerðarstaður **9.** blása **11.** númer **12.** yndi **14.** gróðabrall **16.** kallorð **17.** hár **18.** spíra **20.** samtök **21.** rétt.

LÓÐRÉTT
1. drápstæki **3.** átt **4.** leiðbeining **5.** dýrahljóð **7.** sjúkdómur í kúm **10.** for **13.** efni **15.** útungun eggja **16.** rámur **19.** bardagi.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. sóka, **6.** ok, **8.** ver, **9.** þúa, **11.** nr, **12.** nautn, **14.** brasl, **16.** hó, **17.** ull, **18.** ála, **20.** aa, **21.** satt.
LÓÐRÉTT: 1. vopn, **3.** sv, **4.** kennsla, **5.** urr, **7.** kúabóla, **10.** aur, **13.** tau, **15.** klak, **16.** hás, **19.** at.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Gunnar Svavarsson.
2. Þar sitja þrír karlar og sex konur.
4. Icelandair.

Auglýsingasími 512 50 50 - Mest lesið

EYJÓLFUR GUÐMUNDSSON: STJÓRNAR HAGKERFI Í SÝNDARVERULEIKA

Óþrjótandi möguleikar EVE

„Fyrir mig sem fræðimann er þetta ekki tölvuleikur heldur rannsóknarstofa. Þarna eru tvö hundruð þúsund einstaklingar sem haga sínum viðskiptum eins og þeir væru raunverulegir og því er um að ræða óendanlega möguleika á því að rannsaka hagkerfi og hvernig fólk hagar sér innan þess,“ segir dr. Eyjólfur Guðmundsson en hann hefur verið ráðinn yfirhagfræðingur yfir hagkerfi EVE online. „Allir þátttakendur EVE taka þátt í sama heimi sem er ólíkt öðrum fjölnotendaheimum og leikurinn er þannig uppbyggður að þú getur raunverulega tapað þeim verðmætum sem þú hefur áunnnið þér,“ útskýrir Eyjólfur.

Sýndarveruleikinn sem íslenska hugbúnaðarfyrirtækið CCP hannar hefur slegið í gegn í netheimum og segir Eyjólfur að líklegast verði að hætta að tala um leikinn sem sýndarveruleika heldur sé þetta miklu meira annar heimur sem fólk hverfi til. „Við erum í það minnsta farnir að ræða það okkar á milli hvernig eigi að hefja þróun lýðræðis inní leiknum,“ segir Eyjólfur og því er ekki útilokað að á næstu árum verði í fyrsta skipti kosið til þings í sýndarveruleikanum EVE. „Eftir því sem ég best veit erum við fyrsti sýndarveruleikaheimurinn sem tekur þetta skref,“ segir Hilmar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP „EVE gengur að mörgu leyti út á sölu og viðskipti og því er mikilvægt fyrir notendurna að efnahagslífið sé stöðugt og að því sé vel stjórnað,“ útskýrir Hilmar Að sögn framkvæmdastjórans hefur þessi ráðning mælst vel fyrir hjá notendunum og háskólasamfélaginu auk þess sem þetta hefur fengið mikla athygli erlendra fjölmiðla enda um stórt skref að ræða í þessum heimi.

Og Hilmar viðurkennir að þótt þeir sem hafi lifað og hrærst í þessum heimi í mörg ár þyki þetta ekkert merkilegt, þá skilji hann vel hina sem reki upp stór augu við þessar fréttir. „Auðvitað er þetta mjög skrítið, að ráða fagmann til að stjórna efnahagskerfi í sýndarveruleika en við teljum að með þessari ráðningu séum við að koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar.“

- fgg

YFIRHAGFRÆÐINGUR EVE Eyjólfur Guðmundsson segir sýndarveruleikann EVE vera eina stóra rannsóknarstofu og bráðum verði grundvöllur fyrir fleiri fræðimenn að rannsaka þetta samfélag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BRAUTRYÐJENDUR Hilmar Pétursson og félagar hjá CCP halda áfram að ryðja brautina fyrir aðra sýndarveruleikaheima.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Nýtt mánaðarlegt götublað, að nafni Monitor, mun vera á leiðinni á markaðinn. Fyrsta blaðið kemur út í september og verður því dreift í skóla, verslanir og á aðra fjölfarna staði. Ritstjóri blaðsins verður **Birgir Örn Steinarsson**, betur þekktur sem Biggi í Maus. Umfjöllunarefni blaðsins verður tónlist, kvikmyndir og annað úr íslenskri poppmenningu. Monitor mun sækja innblástur til götublaðsins Undirtóna sem margir muna eftir frá því forðum daga.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, vakti athygli í umferðinni á götum borgarinnar í gærdag. Ólafur ferðast jafnan í forsetabifreiðinni með sérstökum bílstjóra. Því var ekki að heilsa í gær því Ólafur sat sjálfur undir stýri á silfurlitaðri BMW-bifreið á nýju Hringbrautinni. Höfðu vegfarendur á orði að forsetinn hefði verið afar alþýðlegur í þessu óvenjulega hlutverki.

Náman | námsmannaþjónusta Landsbankans 410 4000 | landsbanki.is

Lúxus-heilsurækt fyrir efnaða fólkið

„Þetta verður flottasta aðstaða landsins með bestu þjónustu sem völ er á,“ segir líkamsræktarfrömuðurinn Goran Kristófer Micic en í haust mun opna ný og stórglæsileg líkamsræktarstöð á Grand Hótel, Grand Spa. Það er Goran sjálfur og Gunnhildur Harpa Hauksdóttir sem standa að nýju heilsuræktinni og segir sú síðarnefnda að nýja stöðin aðgreini sig mikið frá þeirri flóru líkamsræktarstöðva sem sprottið hefur upp hér á landi á síðustu misserum.

„Við munum bjóða upp á mun persónulegri og sérhæfðari þjónustu við okkar kúnna og stílum inn á fólk sem vill meiri næði í þjálfun sinni,“ segir Gunnhildur en til marks um það er stefnt að því að hafa ekki fleiri en 350 manns á árskortaskrá. Og framkvæmdastjórinn viðurkennir að Grand Spa muni stíla starfsemi sína á efnaðri viðskiptavini. „Þetta verður ekki ódýrasta stöðin og það er ekkert leyndarmál, en að sjálfsögðu eru allir velkomnir. Á móti kemur að fólk fær mikið fyrir peninginn og við erum sannfærð um að það sé grundvöllur fyrir svona heilsurækt.“

EFTIRSÓTTUR Goran Kristófer Misic nýtur mikilla vinsælda hjá Nordica og mun án vafa taka marga kúnna með sér yfir til Grand Spa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Goran verður yfirþjálfari á Grand Spa en auk fullkomins tækjasals verður að finna gufuböð, nuddpotta, snyrtistofu og allt annað sem prýða þarf hina fullkomnu heilsurækt. Goran hefur um árabil verið einn eftirsóttasti einkaþjálfari landsins og er þekktur fyrir að ná miklum og góðum árangri á vinsælum námskeiðum sínum. Hann hefur verið með aðstöðu hjá Nordica Spa en segir að nýja heilsuræktin sé eðlilegt framfaraskref fyrir sig. „Hér er ég með bestu aðstöðu landsins og fæ tækifæri til að innleiða nýtt rafrænt þjálfunarkerfi sem er það fullkomnasta sem völ er á. Þetta er eitthvað sem ég varð að taka þátt í,“ segir Goran.

- vig

OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

TJALDMARKAÐUR

Verð frá aðeins 99 kr

Dömu- og herrabuxur verð frá 99 kr.

Barnafatnaður verð frá 499 kr.

Bolir, skyrtur, sokkar, nærfatnaður, sokkabuxur og kjólar verð frá 499 kr.

Levis gallabuxur á dömur og herra verð 3990 kr.

Vönduð jakkaföt aðeins 9900 kr.

FAXAFENI 10

S. 534 4450

auglýsingastofan grænn / íslensk almannatengsl

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

BAKÞANKAR

DR. GUNNA

Mika

Á ísskápnum hanga Geðorðin 10 sem Lýðheilsustöð var svo elskuleg að senda mér um árið. Ég les sjaldnast lengur en fyrsta geðorðið þegar ég fer í skápinn, enda á það kannski best við mig: Hugsaðu jákvætt, það er léttara.

ÞETTA geðorð er reyndar tóm della. Það er miklu léttara að hugsa neikvætt, það kemur svona af sjálfu sér, en að hugsa sífellt jákvætt er hörkupúl. Það er samt auðvitað miklu betra fyrir mann til lengdar og það er líklega það sem Lýðheilsustöð var að meina. Þetta er sama pælingin og sú að það er miklu auðveldara að belgja sig stanslaust út af ruslmat og glápa slefandi á sjónvarpið en að éta heilsufæði, fara í vikulega stólpípu og svitna í ræktinni tvo tíma á dag. Allir vita þó hvort er betra fyrir þig.

KLISJULEGASTA aðferðin til að mæla já- og neikvæðni er vatnsglasið sem er annaðhvort hálffullt eða hálftómt. Ég hef fundið mun betra viðmið: stelpulega hjartaknúsarann Mika, sem er hálfgert vatn hvort eð er. Um þessar mundir eru ofurgrípandi lagasmíðar Mika alls staðar, eins konar tónlistarlegt andrúmsloft. Maður kemst ekki út úr húsi án þess að sjá eða heyra í Mika þar sem hann syngur dillibossalegur og síbrosandi eins og sirkusapi um feitar konur, Grace Kelly eða um það að maður eigi að taka það rólega. Mika reynir mjög á já/neikvæðnistillingarnar. Annaðhvort er Mika lúnkinn gleðipoppari eða viðbjóðslegt drasl fyrir kellingar af báðum kynjum. Það er dagamunur á manni hvar Mika lendir og stundum fer maður í hlutlausa gírinn og hugsar sem svo að Mika sé nú bara allt í lagi en reynir samt að loka eyrunum með vöðvum sem ekki eru til.

EN það er auðvitað ekki bara Mika sem getur fallið beggja vegna borðsins. Svona er þetta um flest. Bankatónleikar: auvirðilegt yfirskin yfir okur eða frábært framtak góðmenna. Fótboltaáhugamenn: hálfvitar með ömurleg áhugamál eða krúttlegir karlar að leika sér. Sjónvarpsdagskráin: heilafrumudrepandi fábjánagangur eða saklaus skemmtun fyrir þreytt launafólk. Auðmenn: Siðlausar lýs sem liggja nagandi á þjóðinni eða stórfenglegir snillingar sem eru að gera góða hluti fyrir þjóðarbúið. Og svo framvegis.

KANNSKI ætti maður bara frekar að einbeita sér að Geðorði númer 6: Flæktu ekki líf þitt að óþörfu.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is